

# ÄNDVÖKUR



EFTIR

STEPHAN G. STEPHANSSON


IV











Stephen G. Stephenson.

LIcel  
S9277

# ANDVÖKUR

EFTIR

STEPHAN G. STEPHANSSON  
1908—1923

IV.

559536  
26-3-53

WINNIPEG

KOSTNAÐARMENN NOKKRIR 1SL. Í VESTURHEIMI.

1923

ANDVOKUR



## Tilteinkað

### *Kostnaðarmönnum kvæðanna minna, einstökum og öllum þeim*

*Ef léð ei hefðir lund og eignir þínar,  
Að leiða og klæða þenna föru-gest,  
Í þagnar-auðn, með allar firrur sínar,  
Til endaloka kyr 'ann hefði sezt,  
Sem marklaust skjal um skemtistundir mítar  
Úr skrifum týnt — Og það fór kannske best!  
Í ykkar þökk hann þorir út í heiminn,  
En þykist rýr — og samt er hann ekki feiminn.*

*Eg býð of smátt! En ekki það, eg þerri  
Samt þegnlund ykkar mína galla á!  
Og sá kvað einn, og öðrum vítum verri,  
Hér vanti yl, sem hróður-kvæðin ljá —  
Því eg bauð aldrei fríðri konu hverri  
Sem kyntist eg, og girndar-augum sá :  
Um hennar trú að tefla mínum óði,  
Og tapa síðan bæði fljóði og ljóði!*

*Eg átti ei snild. En viljann ykkur vígi,  
Og vinsemd kysi launin tvenn og þrenn! —  
Sú sögn, að dauðir ljóði, er ekki lýgi,  
Því liðnir kveða úr haugum sínum enn! —  
Þó nótt og þögn á hvílur okkar hnúgi  
Og heiti engir frammar : Vestanmenn,  
Þá, ef til vill, sér skygn, á kyrrum kveldum  
Hjá kumblum okkar blik af vafur-eldum.*



# I.

## VEÐURVITAR

---

### Veðurnæmi.

---

Leggur um geð, frá logni og blæ,  
Ljóð og gleðibragi —  
Strengir kveða í mér æ  
Undir veðurlagi.

1922.



### Sjóveður.

---

Báru-sjót er ör við öl,  
Öldur þjóta og leika,  
Ýmist hnjóta undir kjöl  
Eða á fótum reika.

Sunnan-kylja í seglið blæs,  
Sem því viljann eykur,  
Unz á þiljum þeysi-sæs  
Það við bylji leikur.

---

### Kaldar kveðjur.

---

Fá eru bros, og fjarri hlý,  
Fjúka-losi um munnan —  
Það er frosið þelið í  
Þessum rosa á sunnan.

### Aftansöngur.

---

Vær og varmur vetraraftan, búinn blástakki,  
Fagur-fægir fjölsilfræða sveit, með sólskini.

1912.

---

### Jökull á jörð.

---

Sýlar daginn, sortnar land,  
Því sólin þrjóta  
Inn í helgreip áramóta.  
Ekki vægir vetur grand  
Til veður-bóta:  
“Hvernig sem eg bið og blóta.”  
Tóms í glæ og gleypi-sand,  
Sér geislar skjóta —  
Varla myndu vísur fljóta!

1912

---

### Fárveður.

---

Vetrar-bylur fer um hlélaust hjarn,  
— Hristist nótt í teygjum, veðurfloga —  
Skekur þiljur, sogar sérhvern arn,  
Sýpur bál og kælir alla loga.

Það er eins og titri um taugar manns  
 Trölla-mögn úr fjalla-skörðum blásnum,  
 Þegar viðnám vort og háski lands  
 Vega salt á bæjar mæniásnum.

1912

---

### Fjöll að háttu.

Yddur slökkva á efsta snjó  
 Á sig rökkri smokka,  
 Hlíðar sökkva í hulduskóg  
 Húmsins dökkvu lokka.

1912

---

### Hlývindi.

Hýrnar strind og himininn  
 Hressast lyndis-sjúkir  
 Við það yndi, að anda um kinn  
 Árdags-vindar mjúkir.

1912

---

### Lygna.

Bæra ei brek  
 Blæs né strauma  
 Báru á bólstrum  
 Blárna drauma.

Skin og ský  
Skálda-smíðum  
Eira, í  
Aftan-hlíðum.

1912

---

### Hærukollar.

Skörðum stölluð stólpa-girðing!  
Státa fjöll með kolla snjós,  
Sem þeim öllum virðist virðing,  
Vetrar-mjöllin elliljós.

Horfð' á víð-spert höfuð remba  
Hæru-síða bókana,  
Niður hlíða kinnar kemba  
Hvítu hríðar-lokkana!

1913

---

### Vorsnjór.

Þaufaði snjó á þiljur lands  
Þegar átti að gróa.  
Í allan vetur heimskan hans  
Hafði gleymt að snjóa.

1913



**Hugnun.**

—  
 Veðrið gerði bragar-bót  
 Burt er snjórinn mestur.  
 Gott er, að hafa frjálsan fót,  
 Fyrst að vængi brestur.

1913

**Asahláka.**

—  
 Dynur í ás og dyra-skeið  
 Dala-snjásins hranna.  
 Upp er að blása, þíðan þreyð,  
 Þjófa-lásinn fanna.

1914

**Norðanbakki.**

—  
 Norðri af jarðar ilsku-átt  
 Upp er harðan stiginn,  
 Yfir fjarðar hafsbrún hátt  
 Hefir garðað skýin.

1914

**Vetur á sléttunni.**

—

Samur eins og áður fyr,  
 Illra veðra hreggur,  
 Næðinginn um norðurdyr  
 Náheims þessa leggur.

1914

**Vor-rökkur.**

—

Kyrð í hlíð og klökt um völl,  
 Kliðar þýður straumur.  
 Jörðin víð, og umhorf öll,  
 Aftan-blíðu draumur.

1914

**Vestanhryðja.**

—

Regnsins þéttist bleytu-bað,  
 Bráðum skvettir mjöllum.  
 Veðrið slettir vosi að  
 Vestan: úr Klettafjöllum.

1914

### Sumarveður.

—

Það er glópska, að guðsskjólið sé gaumlaust þegið:  
 Alt er sumar-sólskins fegið,  
 Sem hefir getað lífið dregið.

1914

### Skammdegis-frost.

—

Utan-harka af eyðimörku  
 Ísa-vetrar, heim að setrum  
 Brunar, myrkra-mörðum vönust  
 Menn og fénað inni að brenna.  
 Frosum hækli á kulda-kræklu  
 Kælir glóð í arin-hlóðum,  
 Spyrnir inn úr hverju horni  
 Hélu-iljum gegnum þiljur.

1916

### Skafrenningur.

—

Stormur allar áttir fór  
 Yrjur falla af jökul-bjór,  
 Skefur mjallir, skafla-stór,  
 Skýja-hallar Öku-Þór.

1918

### Haustlestir.

---

Lamvinds flökku loft-bólstrar  
 Lestir dökkvar týgja,  
 Hríðar-rökkurs haust-baggar  
 Hanga á klökkum skýja.

1919

---

### Vorið á Veðramóti.

---

Hreggsvalur heimsátta tveggja,  
 Höndum slær saman um löndin,  
 Strendur og langdala-lendur  
 Leggur í snjó-slyddu veggj,  
 Byggir út götum og gluggum,  
 Grámyglir námund og frálægð,  
 Skuggum og jökli í skeggið  
 Skirpir á bergjötna Yrpum.

1921

---

### Sólbráð.

---

Á mittis-staðna mjöll  
 Mjatlar, hlaðna um fjöll.  
 Vind-drif hjaðna um völl —  
 Veröld glaðnar öll.

1920

**Hafrót.**

—

Stillan þrýtur, stækka ský,  
Stormur þýtur sjáinn,  
Feld hans brýtur felling í  
Faldar hvítu bláin.

1923



## II.

# ÁRBÆKUR

---

„Clfurinn“ gleyptr ekki sóllun.

---

Gleypst aldrei getur  
Grimmasti vetur  
Íslensk ljóð, svo verði sólar-setur,  
Þó hann dysji dali og loki hurðum Hlés.  
Sumar kemur seinna, og syngur honum betur,  
Opnar öndverð nes!

1922





## Haustlag.

---

Svo skammdegis skugga-svört  
Er skrautleysan öll.  
Svo deyjandi dapur-björt  
Lykst dagsbrún við fjöll,  
Er hallgeisluð sól skríður hnjúkunum á  
Svo haustdægra-lág.

Á það, sem að enn er ei visnað, en vænt,  
Finst vorbragðið skorta,  
Á blæinn á öllu, sem enn stendur grænt,  
Slær útfarar-sorta.  
Og það er sem myrkrinu máttur sé að  
Því miðaftans-tungli í hádegis-stað.

Flest  
Gengur aflóa nú, og með uppdráttar-pest.  
Alt  
Er svo kirkjutíða-kalt.

Þýtur undan utanslæðing  
Orgels-sog með hverjum næðing,  
Loftið kljúfa köldu fangi  
Kveldriður af éljagangi.  
Skógur grænn og gras í haga  
Steypir af sér fölsins froðum.

Festist krapa-slepjan grá  
 Visnum hnjósk og hörgum á.  
 Fauskar bera biskups-kraga,  
 Klettaskriða í hvítavoðum.

Þó finst mér, að vorkveld í vændum og liðin  
 Hér vaki nú hjá mér, sig flutt hafi inn  
 — Sem huldur um jólin — í húskofann minn  
 Með fangmjúku engin og angandi viðinn.  
 Og það er sem útsýn úr auðn hafi bæzt mér,  
 Sem yndið í fjarskanum standi hér næst mér:  
 Sumarblíðan sunnanvinduð,  
 Svelluð fjallsbrún gullinlinduð.  
 Eg hef' brúað yfir grámann,  
 Útí næsta sumars blámann.

Einstætt lið

Erum við

Menn —

En,

Þó að sé við þungt að glíma,

Það er til: oss endist skíma

Í tilverunnar tíma-villu,

Að tæta okkur gott úr illu.

Við höfum lært að lifa af

Langvetra og snjóa-kaf.

Um oss, bak við þekju þilsins,

þanið hlífar ljóss og ylsins,

Bylja-kveldi um bæi stöku  
 Breytt í glaða rímna-vöku.  
 Hvað er, maður, móti því:  
 Að í framtíð forsjámannna  
 Fimbulvetur ísáldanna  
 Líði eins um borg og bý?  
 Þar til vökum ára í  
 Iðgræn túnin spretta á ný,  
 Þroskað ax og aldin blánar,  
 Upp af nýrri sólöld hlánar  
 Jörðin orðin yngd og hlý.

Um stund skal við andviðrin una  
 Með einhuga þorsins.  
 Til dýrðlegu daganna muna  
 Og dreyma til vorsins.

1910

---

### Í nýjaskógi.

---

Nú prýða sig hæðirnar tvítugum trjám.  
 — Í tirjunum grúfðu þær sviðnar og auðar  
 Er kynni vor hófust, frá koll' o'nað tám  
 Með kvikuna bera, og vorgróður-snauðar —  
 Og manni finst unaður að þeim að dást.  
 Við uppgjafir naprar og ljóðið sitt slitid.  
 Sem væru þau uppbót á æskuna, er brást,  
 Á auðnir og kuldann um hjörtun og vitið.

Og því skal ei víla, né inna því að,  
 Sem ungt hefir farist og týnst, eður bogað.  
 Eg einsamall veit það, en aðrir sjá það,  
 Sem af hefir komist, og þroskast og tognað.  
 — Við úrkiptan vöxt þó að beisk yrði bið,  
 Og hölvísinn hældist um, trúr fanst eg vera,  
 Því vonirnar uku þá álnunum við  
 Og óskirnar föðmum — og munu það gera.

Þið stóðuð oft, trén mín, í tuttugu ár  
 Á tæpustu þrömum hjá kuldum og eldi,  
 Svo viðgangur ykkar varð afkasta-smár,  
 Og afkoman hæpin, þó tóran sér héldi.  
 — Við stuttleik minn bar eg, hvað þróuðust þið,  
 — Þó það færi stundum sem kingt væri tári,  
 Því mér finst það eigi, sem vel er mér við,  
 Að vaxa' yfir höfuð mitt — næstum á ári.

En nú hverfur einmaninn inn í þau skjól.  
 Af ykkur hann lærir í kveldskuggans-hljóði,  
 Að lifa' upp í ylinn af al-bjartri sól  
 Og anda í kringum sig vorblíðu-ljóði.  
 — Þó niðri sé rökkur, og rekjan um alt,  
 Þau raða um sólskinið toppunum sínum.  
 Og eg léti engu það aftanskin falt  
 Né ár-roða dagsins á lundunum mínum.

## Dægradvöl.

Áður en, sumar, að þú ferð  
 Útí lang-gleymskuna,  
 Uppúr þögn eg þakka verð  
 Þér, fyrir samveruna.

Í brjóst þitt er að koma kul,  
 Og klaka og skugga minnin,  
 Og byrja að verða grana-gul  
 Þín græna skógar-kinnin.

Og ofsinn hefir oft og títt  
 Um ylli-við þinn rokið,  
 Og mjúka lausa-hárið hvítt  
 Af hnappa-kollum strokið.

En fyrst þú lítur ennþá inn  
 Og ert mér sólskins-hæli:  
 Um háls þér legg eg hugann minn  
 Í hlýju eftirmæli.

Þó ei sé pyngjan punda-full  
 Né purpurinn á fötum,  
 Eg hef' týnt mér álfa-gull,  
 Til auðs, á þínum götum.

Því blómstur-grund og geisla-sjó  
 Mér gafst, unz rík við erum,  
 Og af fuglum fullan skóg  
 Og fótahvötum hérum.

Þó oft eg dæsti dumbum munn,  
Svo deildi ei kalt við granna,  
Er heyrði krunk í hverjum runn'  
Í krákum illviðranna.

Er þínar sumar-sólskins brár  
Þér sigu, í skúra elfum,  
Og skýja-himin hylja blár  
Haglaði jörð, í hveljum.

En þú hefir reynst þeim borgnu bezt,  
Né brugðist vonum traustsins,  
Og undan brimi borið flest,  
Að bjargar-fjörum haustsins.

Og bezt eg undi ætíð við  
Þá óska-sigling hverja,  
Sem snjallast þræddi mjóstu mið  
Á milli báru og skerja.

Svo eg fann hjá mér þörf um það,  
Að þána upp úr hljóði  
Og fyr en vetrar alveg að,  
Að eiga þig í ljóði.

Í mánuð eirðu enn hjá mér  
Og ógaðu vetri löngum —  
Nei, kveddu ei fyr en allur er  
Ómur úr þínum söngum!

### Haf og hnjúkar.

---

Hvenær sem eg firðist fjöll  
 Fanst mér þrængjast skórin.  
 Þau eru hérna ennþá öll  
 Og í viðbót, sjórinn!

1913

---

### Gestrisni.

---

Vestur-strönd er glöð við gest —  
 Gegnum skýja-tjöldin,  
 Þar hefir fegurst sólin sezt  
 Sjálfum mér á kvöldin.

1913

---

### Sumar víðsýni.

---

Úti-fegurð! ekki er sá  
 Auðkýfingum minni,  
 Sjónarvætti sem að á  
 Síni í hátign þinni.

1914

### Álftakvak um haust.

---

Svanur, hví var hallskift því,  
 Hátt um skýja-ranninn  
 Vængi fría að viðra, í  
 Vorsins hlýu þannin?

Svöl er jörð við frosinn fjörð,  
 Fjörðum örðugt kóf-loft þrungið ---  
 Myndu á hörðu hjarni vörð  
 Hreiðrin gjörð — og fegurst sungið?

1914

---

### Morgunvers.

---

Speglað alt hverfandi-hvel sitt  
 Hefir frá gærmorgni snúna  
 Jörðin, um skeið, fyrir skinsins  
 Skuggsjá, til dögunar núna.

Líkbörum varfær og vöggum  
 Víxlað í örmunum hlýju,  
 Búið um alfarna í blessun,  
 Brosunum gestina nýju.

1914



## Vetrarnætur.

Víðbláins Vimur  
 Vestur um sólhvörf  
 Ása-Þór veður að austan.  
 Vetrarbraut veit hann,  
 Vað þeirrar elfar —  
 Stjörnu-meis ber hann á baki.

Skellir á skör hans  
 Skýjuðum hríðum  
 Vindsvalur, hopandi á hliðum.  
 Bitran frá báðum  
 Bifskautum jarðar,  
 Æ kastar hein í það höfuð.

Veraldir vaka —  
 Vagn er á lofti,  
 Þar munt þú, Örvandill, aka  
 Sjálfsvifa þínum,  
 Suð'r yfir blánótt,  
 Skeiðið um heiðstirndar hæðir.

Sólbeltuð sumri  
 Sígrænu, á miðjörð  
 Ein situr Gró uppi glúpin,  
 Ístýndann orðinn  
 Ætlar hún ver sinn  
 Örvandil, öræfafarann.

Heinið í höfði  
 Hlórriða losar —  
 Örvandli yldís hann skilar.  
 Glaðvær hún gleymir  
 Göldrum sem hrífa,  
 Truflast og hlær aðeins hlákum.

1914

---

### Sumarnætur.

---

Fangað hafa feginshug minn, faðmlags þýðar  
 Sumarnætur,  
 Drottins dætur,  
 Drauma-blíðar.

1914

---

### Leysing.

---

Veit sitt fall, á vígin rudd,  
 Vetur, allur sviðinn.  
 Sól, í fjalla-stafinn studd,  
 Stingur upp gjall-fryst hliðin.

Leysir mjöll, svo leggja á stig  
 Lækja-föll af tindum.  
 O'naf fjöllum flytur sig  
 Fönnin öll, í lindum.

1916

### Snæfriður.

Öll er hún klædd í hvíta-lín  
 Svo kurteist og mjúklega, sveitin mín!  
 Með sólskinsins gullhlað um glaðviðris-enni.  
 Og hláku-blikunnar brjóstið hátt  
 Sig bólstrar, við þiðunnar andardrátt.  
 Og fjöllin sig spenna lygnu-lágt,  
 Þau leggja sig nú, sem belti blátt  
 Með blikandi spöngum, um mittið á henni.

1917

### Ísabrot.

Ís að leysa! Í leitir rólar  
 Lækja-veisa að ós.  
 Berum keisum bleikir hólar  
 Blasa úr hreysum snjós.

Flóa-lygnur víkka víddir  
 Vatns-uppstigningar.  
 Snjóar svigna í herðum, hýddir  
 Hryðju rigningar.

Áin gýs, úr stíflu stillu  
 Straumföll rísa keik.  
 Brota-ís í flota-fyllu  
 Fremur hnísu-leik.

Regn í sveit, en fjúk til fjalla,  
Flíra og steytingar.  
Vors um-leitun yfir alla  
Átt, til breytingar.

1919

---

### Góu-ljóð.

---

Lítið, langær Góa,  
Listahönd þín stirðnar!  
Dúka mýri og móa  
Morgun-hannyrðirnar,  
Leggur borða bláa  
Bæði á fjöll og skóginn,  
Hvíta-gullsins gljáa  
Glerar rendan snjóinn.

1920

---

### Endurlífgun.

---

Horfnir eru vaxta-verkir  
Vorsins — krap og rosar sterkir.

Viðburðir að vara og gróa  
Vakna í laut, og út'um skóga.

Af sér varpar tré og taða  
Tötur-flíkum sinu-blaða,

Á sér fætt ið fyrra árið  
Fella af kollum skírnarhárið.

Grösin teygja úr öllum öngum,  
Aspir greiða úr báðum vöngum  
Skúfa hadds, sem hrynja á bárum  
Hrokkinsnúnum, fagurhárurum.

1920

---

### Innreið vetrar.

Völlinn ríður veturinn,  
Veður-blíðu tregur.  
Frosts og hríða faðirinn  
Fyrir-kvíðanlegur.

1921

---

### Miðmorgunn.

Þrósturinn norður um sólskinið syngur  
Selflutnings-ljóðin, í runninum yzt,  
Þó að af söngfuglum syngi hann stytzt,  
Sækinn að hæsast af haust-mútum fyrst!  
Einkvæður mansöngva munaðarseggur!  
Hlúandinn laufsveiga leggur  
Lyndum um ennið, sem hrukkurnar slétta.  
Seljurnar bersnauðar barnshendur rétta  
Sólaruppkomu, á sárkalda fingur

Sumargjöf hlotnast þeim: gullknappa-hringur.  
 Himininn vaknar við hljóm.  
 Hlakkandi raknar við gróandi fold.  
 Glóhvörmum gægja úr mold  
 Guðsaugu lífgunar: hálf-opnuð blóm.

1921

---

### Vetrar-kveldverk.

Undan hettu úr ofnum snjá,  
 Augu létt frá bæjum gljá,  
 Leiðir sléttu langt út á:  
 Ljósinn þéttum gluggum hjá.

Lygnan tæra teygir reyk,  
 Tekur snærinn mynd af eik,  
 Máninn skær í ljósa-leik  
 Lyppir glæra-svell í kveik.

1921

---

### Kveldfegurð.

Ljóð, þú leynt mig kallar  
 Leiðir útá þínar.  
 Festir mér ástir allar  
 Aftanblíðan sínar.  
 Á, með óma fjölda  
 Iðu strengleiks, seiðir.  
 Hulda hvítra kvölda  
 Heiðfaðm um mig breiðir.

---

### Skara-skæningur.

---

Græðist sjálegt vöku-verk  
 Vogum áar löngum,  
 Hlæða bláan silki-serk  
 Silfur-gljáum spöngum.

1922

---

### Heimsókn vorsins.

---

Á lipurtá það læddist inn  
 Um ljórann minn,  
 Sem vissi ekki, að væri það  
 Frá vöggustokk og hingað að  
 Minn væni vinurinn!  
 Marg-velkominn.

1922





# III.

## HESTASKÁLAR

---

**Einn, tveir, þrír!**

---

### I.

Í hlaði hestaskál!  
Þrautin að þurfa að flytja!  
Þeim er eftir sitja:  
Daprari dægramál!

1923

### II.

Þegar á Heljar-heiði  
Horskur granni leggur,  
Ský á hverju skeiði  
Skarð í birtu heggur.  
Hérað hálf í eyði.  
Heima-bæjar veggur  
Eins og uppgert leiði!

1919

### III.

Þú vissir það varla  
Hve vænt um þig oss þóttí,  
Þann harm er heim oss sótti,  
Er hlauttu að falla!  
Þá brast, um bygðina alla,  
Í brosin okkar flótti.

1920



## Við Björnson á grafar-bakkanum.

---

Hann kvað sína litlu og lágt settu þjóð  
Sem lifandi von út um heiminn.  
Og stórveldin firtust við funandi glóð:  
Að fámennið strjált átti ráð á þeim óð,  
Að hann skyldi yrkja slík áhrifa-ljóð,  
En í þeirra hlustir ei smíða sín hljóð —  
Að hjáleigu-sonurinn seincláti var ekki feiminn.

Og hamingju-vonirnar hann tók að sér,  
Þær heimlendu, ungar og fornar.  
Upp komandi tímana bar þær, og ber  
Með bjargvættum fáum, en ótryggum her.  
Í bratt-gönguliðinu fremstur hann fer,  
Unz fótvissa dirfskan hans þjóðvígi er —  
Menn undrast, hve fagurt um fjöllin hans dagur-  
inn morgnar.

Við óðsnild hans glæddist hver úrkula þrá,  
Alt aldrað varð nýtt í hans kvæðum.  
Og sloknaðar ástir þeim hitnuðu hjá,  
Og haturs-mál göfug, sem lögst voru í dá,  
Og góðvænið dýrst, sem ið æskaða á,  
Sem eldgígar blossuðu strengjum hans frá —  
Nú fer hann sem vormagn í verðandi tíðinda  
æðum.

## Við leiðin drengjanna minna.

—  
 Veri þið sælir dag eftir dag!  
 Duftinu háðir,  
 Fallnir í gröfina í fóst-bræðralag  
 Frændurnir báðir.

1909

## “Finis Finlandiæ”.

— Þegar Rússastjórn hafði “innlimað” Finnland forðum, hrópaði einn af ræðismönnum Rússlands: “Finis Finlandiæ!” Þ. e. Farið er Finnland! —

—  
 Vonzkan boðar Finnland farið,  
 Fólkið sig er hefir varið,  
 Hrakið út á yzta tanga  
 Örðugs lífs, um götu langa,  
 Hefir eitt og öndvert staðið  
 Uppi kringum hinsta vaðið.  
 Undir fótum flag og klaki,  
 Feigð í dyrum, auðn að baki.

Haldið ei, að hofmenskunni  
 Heimskri ratist satt að munni!  
 Hún, sem aðeins hrakspár fóla  
 Hyskin nam, í lífsins skóla —  
 Finnar röktu í æði og eiði  
 Óðins dæmi á hanga-meíði,  
 Hafa á eigin orku leyfi  
 Eldinn sótt með Promepeifi.

Hnoða má upp hálfryrðungum  
 Helzt úr skríl og hvítvoðungum,  
 Aldrei féll, um þvílíkt þvaður,  
 Þjóðar-heild né vaxinn maður.  
 Lengi mega heift og helja,  
 Hefting sinn og böðul kvelja,  
 Festu eðli um að steypa:  
 Áskapaða vitund gleypa.

Gagnslaust er þó grunnskygn fólkska  
 Glæpavíti málið pólska,  
 Þagorð sönglist þá skal sanna  
 Þrár og vonir dumbra manna.  
 Þó um Slé sé þegnum ungu  
 Þingbann lagt við józka tungu,  
 Þýzkri valdstjórn verður æðra:  
 Vöggukvæðið danskra mæðra.

Finnland stentz! þó stjórnin særi.  
 — Strádráp eina færið væri —  
 Heimsk er illra heilla glíma,  
 Háð um beggja kvala-tíma —  
 Enn mun þungu þræla-bandi  
 Þoka af hönd, sá manndóms-andi  
 Sem hefir unnið, eljan-sterkur,  
 Átu-fen og villimerkur!

## Vestur-Íslendingar.

— Minni. —

Á vöku-lúður leikið er,  
 Svo loksins má þó fylkja sér  
 Og hlutast um, hvor vinni vald:  
 Kröpp vörn í sókn og undanhald!  
 Svo fram eða aftur, eins og fyr,  
 Fyrst engum tekst að standa kyr.

En afturför sá særi sver,  
 Sem segist: vernda það sem er!  
 Og stimpast mót að stýfa ok.  
 Alt stríðið hans er undanþok,  
 Og sá ber illan æfi-farm  
 Af ósigrum, á grafar-barm.

Í afturför er einnig sá,  
 Sem ekki kann við því að sjá,  
 Að fært sé haft svo hnútur hvor  
 Sé hábinding við næsta spor.  
 Hver minkunn setjist samþykt á,  
 Sem selur fót í hlekki þá.

Svo brýnist fram til búis og þings  
 Um bygðir Vestur-Íslendinga,  
 Að sækja fram og gera gagn:  
 Hvert geymt og aukið bæjar-magn!  
 En sérhver þar, í sveit hann kemst,  
 Og sigurinn þeim, sem hugar fremst.

Við eigum tungu, eigum ljóð,  
 Við eigum sæmd og heima-þjóð,  
 Og væri ei horskum heiðurs-snjalt,  
 Að hafa stækkað þetta alt,  
 Og reisa yfir íslensku bein,  
 Í álfum tveim, þann bauta-stein?

En svo er að hugsa sína þjóð:  
 Að sé ei hennar tign of-góð  
 Hver aukin fremd, og uppgangs-ráð,  
 Til alls þess hafi hún næga dáð,  
 En hindra þeirra mið og mark,  
 Sem múginn smækka og stela 'ans kjark.

Svo legg fram, drengur, arð og óð,  
 Að eignast sjálfur land og þjóð,  
 Unz sérhver fyrir brjósti ber,  
 — Í bardaga, sem háður er,  
 Um landnám for'n og ódul ung —:  
 Þann uppvaxandi skaut-konung.

1910

---

## Magnús Brynjólfsson.

---

### I.

Um stund-lengri samdvöl var synjað — af mér!  
 Við síðasta fund okkar glaða,  
 Hve naumur er tíminn vor! Nú kom að þér  
 Sú nauðungin: biðinni að hraða.

Af mér, get eg skilnaðinn hlakkandi hrist,  
 Og hollvin minn kvatt — Ef mér sýnist,  
 Að hans sé alt óhult, sem mests gat við mist,  
 Og manngöfgi er hættast, ef týnist.

Því aldrei eg síðustu kveðjunni kveið —  
 Né kröggum við fundina hina.  
 Hver óra-lengd virðist mér örskota-leið:  
 Ef áttin er hús minna vina!

Mér ógnar það sjaldan, hvað sunðið er breitt  
 Um samtíð, og brigðult að vinnast.  
 Finst hindrun og aldur sé alls ekki neitt  
 Á ætlunar-götunni: að finnast.

En býst við, ef hnuggur í huga minn sezt,  
 Um heitfestu þessara vona:  
 Að það verði efalaust eg, sem að bregzt!  
 Ef efndirnar færu ekki svona.

En, þú fyrst að, varðst til þess, vinurinn minn!  
 Eg vitja þín — yzt þinna bræðra!  
 Og ber þig á kórgólf í kvæðið mitt inn.  
 Og kirkjan er, tunga okkar mæðra.

## II.

Hér lagðist að snemma, sú tálmunar tíð  
 Á táplesið — þá varstu ungur —:  
 Sem hégiljum drepur í hlustir á lýð,  
 Og hefta vill spámannanna tungur,



Við sveitungar munum, hve æskan var örv  
 Til andmáls, af hálfunni þinni.  
 Hve kapp þitt var þrúðmannlegt, drengslund þín  
 djörf,  
 Og dygð þína í hlutanum minni.

Þú tókst aldrei boðum, sem beygðu þinn háls,  
 Svo brautina hlytirðu þjála.  
 Þinn æskustíg brauztu til frægðar, en frjáls,  
 Með fartálmun óvænna mála.

Ef freistuðu, að skreyta sinn fróðleik á þér,  
 In flug-lærðu háskóla-gildin:  
 Þau fundu, hve ofvaxin einatt varð sér,  
 Þín orðhvata, meðfædda snildin.

Á umþokun lagðirðu ei óvildar bönd,  
 — Þó æsktir hún færi sér greiðar' —  
 En réttir því framsækna fúslega hönd,  
 Sem fetaði spöl þinnar leiðar.

Þitt óvænta fráfallið hverfði manns hug,  
 Sem hrun hefði bygð þína slegið.  
 Ið góðjarna harmar þinn hollvilja og dug,  
 Alt hrekkvíst er skarðinu fegið.

Og þannig er greftrun þín, sigurför sú,  
 Sem sæmdi vel ágæti þínu —  
 Og græskan, sem lastmælti, lýtur þér nú  
 Á líkbörum — sneypt yfir sínu.

## III.

Já, þetta er stríðið við heiminn og höld:  
 Að hvarfla ei frá beinustu línun,  
 Og láta svo vinina verpa sig mold —  
 En vafðan í fánanum sínum.

En minst er þeim hlúð, sem að hugsa svo djarft,  
 Né högunum snúið í vilið.  
 En gott varð þér lífið, og gaf þér svo margt  
 Af gæfu, sem þú áttir skilið.

Þú hlauzt okkar kjörfylgi, hver helzt sem vann,  
 Er kappsmál til þings höfðu riðið.  
 Við vissum það alténd, þar áttum við þann  
 Sem oddvita, er glæsti alt liðið.

Og svo fékstu að erfðum þá öðlinga-sál,  
 Sem efnunum hlífði ekki sínum.  
 Og glögt vissi einstæðings áhalla-mál  
 Sér efndir í höndunum þínum.

Við þökkum þér, félagi! Hann var svo hýr  
 Og heill, okkar samverudagur.  
 Og alt til ins hinzta skal hugur vor nýr  
 Og heimur, og sannleikinn fagur.

Og fyrst þú varst hjá okkur, finst oss í geim'  
 Þess framhalds, sem niðjarnir kanna:  
 Sem þokuna rífi frá ríkari heim,  
 Og rofi til göfugri manna.

Þó verði um legstað þinn lokin vor spor,  
 Og ljóðgígju-strengirnir hljódir:  
 Samt standa þær ástin og virðingin vor,  
 Sem verðir um leiðið þitt, bróðir!

1910

---

### Tolstoj.

---

Hann bauð öllum meingerðum manna inn  
 Að mæla sín illhrif við góðviljann sinn.  
 Hann til sín þau alvöru og erfiði réði,  
 En utan-dyranna setti hann gleði.

Hann skildi hve heiminum hefndar-gjöf er  
 Öll hugvitsins framkvæmd, og útvegur hver,  
 Svo elskaði 'ann bróðernið, uppi sem stendur  
 Með óyrkta veröld og mislagðar hendur.

Á friðarins götu hann breiddi hvert blað  
 Af bóklista-ment sinni, vígði 'onum það —  
 Á guðsríki þokaði þröskuld í hliðið.  
 Svo þekking og mannvit ei inn gætu ridið\*).

Og hvern sem bar hönd fyrir höfuð sér, þann  
 Sem hroðaverks aðila, lýsti 'ann í bann.

---

\*) Tolstoj neitaði, að visindi og þekking gerðu manna-  
 kynið farsælla. — Höf.

Þó há mæltast vitnið þess hann væri sjálfur,  
Að hatrið á vonzkunni er kærleikinn hálfur.

Og honum var Paradís hjúkrunarstöð,  
Og hóglætið forseti í dýrlinga röð,  
Og guð hans það lagið, sem gjafa-von spilar,  
Er góðfólk í messunni "offrinu" skilar.

Sjálf pyndingin skráði 'ann í þrúðmenna-tal,  
En píslarvotts-tigninni af honum stal.  
Þó léti hans postula í þrísundum skína,  
Með purpurakápur og þyrnana sína.

Menn flyktust í sætin við fótaskör hans,  
En fleygðu burt kenning slíks vandræðamanns.  
Og ódáiinn leitaði 'ann einuveru grafar  
Frá undanlátsemi, er batt eins og klafar.

Þeir byggja upp legstaði einstaka enn,  
Sem áður — og honum 'ans samtíða-menn.  
Því spámanna grafir til hæða menn hlóðu,  
Sem hillinga-mið út úr framtíðar móðu.

## Gleðileg jól!

— Jólakveðja til manns, sem mist hafði dreng sinn af slysförum, og ritaði höf. bréf um það. —

Eg sendi þér leikandi svein, þessi jól,  
 Í syngjandi hending, ef mátt til þess ætti!  
 Eg skil hvað þér líður — Um holt gægnum hól  
 Sér hugur sá til þín, sem veit hvað þér mætti:  
 Við borðið þitt áttu nú ófylltan stól,  
 Og öll brenna ljósin með daprara hætti.

En þegar á drengina, mistu, er minst,  
 Og meðblíðu jólin, sem frammar ei veitast,  
 Þá sjáum við einatt að vistin hér vinst  
 Í vonir sem bregðast, og óskir sem þreytast —  
 En þeir koma sífelt með huglætið hinzt'!  
 Og hvernig sem gengur, þeir við oss ei breytast.

1910

Jólavísa, til föður dáins drengs.

Þó að jóla fró og frið  
 Fjörs og lífs við höfum,  
 Þeir munu búa betra við,  
 Sem blunda niðr'í gröfum.

1911

## Til Þórðarsonar-hjónanna í Chicago.

— Ánöfnun með "Andvökum". —

Hljótið lengi, og hnekkis án,  
Heilla-byr og framann.  
Ykkar sæmd, og Íslands lán,  
Árin flétti saman.

1911

### Auðna-Bjarni.

— Bjarni Jónsson, „Auðna-Bjarni“, „Glimu-Bjarni“, bað  
höf. að kveða erfiljóð um sig, að sér lifandi. —

Ei þó sé í orð mitt lagt:  
Aldurs-tími stuttur,  
Eitt sinn verður öllum sagt:  
Auðna-Bjarni er fluttur!

Þegar hann svo hefir rýmt,  
Haft mun verða í ræðum:  
Hvort hann framar geti glímt  
Og gaman haft af kvæðum.

1911

### Ferða-bæn

til Baldurs Sveinssonar.

Í horfi eygðu lönd og leið,  
Eins langt og vonir dreyma.  
Þín bíði gleði og gæfu-skeið,

Á götu þinni heima —  
 Og eins þó hlaðir hálfan skut,  
 Og háfarm-skarir rýrast.  
 Sá lendir stundum hæsta hlut,  
 Sem hefir keypt 'ann dýrast.

1911

### Guðbjörg Hannesdóttir.

-- Móðir höfundarins.

#### I.

Þér er brugðið, mamma mín!  
 Sofin hníga að svæflum hlýju  
 Svona um árdag, klukkan tíu,  
 Þegar sól úr sorta skín.  
 Ætíð var þér yndi að sjá  
 Vöku-augum birtu-blíðum,  
 Bjarmann hennar kvikna í hlíðum,  
 Stundar-rofum öllum á.

Hvort var nóttin þér svo þung?  
 Var ei hyggjan héðan-fúsa  
 Heima, á leiðum föður-húsa?  
 Þar sem dvaldir, altaf ung.  
 Varstu ekki í vina-hönd  
 Þegar nefndir mæta móður,  
 Mista löngu, og horfinn bróður?  
 Dóstu inn í æsku-lönd?

## II.

Enn skal glaðna glugginn þinn!  
 Tjaldið enn frá útsýn dregið  
 Eins og fyr, og morgun-degið,  
 Skin og birta boðin inn.  
 Myrkrið á hér ekkert sitt,  
 Það sem byrgja þurfi að reyna.  
 Það er engu hér að leyna,  
 Líkið skírt sem lífið þitt.

Hafa að vísu um vangann þinn,  
 Þrautir sem þér vóru í verki  
 Vilt, um fáein rauna-merki,  
 Þó er samur svipurinn:  
 Öllum hörmum hærrí ró —  
 Oft var mínum ástum hljóðum  
 Orðsins varnað — Nema í ljóðum  
 Helzt er örðugt auð-sagt þó.

Nokkur silfur-héluð hár  
 Þræða ljósra-lita skróða  
 Lokkana, enn svo þokka-prúða,  
 Tákni um átta-tíu ár.  
 Bjarmar yfir ennið slétt  
 Ennþá sama móður-mildin,  
 Mannvits-þroskinn, hagleiks-snildin.  
 Þar var ekkert æst né grett.

## III.

Veðrið syrtir aftur að,  
 Úti er komin hríðar-móða,



Sem að hefði sólin góða  
 Flogið með þig strax af stað.  
 Seinna þraut hún þá, en nú,  
 Þegar grasa-göngu rinda  
 Gengum heima, í fjallatinda,  
 Áður saman, eg og þú.

Fyrirgefðu, ef þyngra en þá  
 Drúpir nú í dögum kaldri  
 Drengurinn þinn, á sextugs-aldri.  
 Löng er brekkan, liðið á.  
 Þá var líka, þér við hlið,  
 Ungur fótur fær og léttur.  
 Fjalla-auðnin gaman-sprettur,  
 Tilhlakk, hvað sem tæki við.

Leit eg af hjúki himin-bönd  
 Losna um heim — sem hugði tóman —  
 Heiða-blámann, dala-ljómann,  
 Ljóss og fanna furðu-lönd,  
 Forvað hafsins, fjörðum seymt  
 Upp á land, við ós og flæði —  
 Alla mína landafræði  
 Nam eg þá, sem gat ei gleymt.

Yfir landauðn ljómi stóð,  
 Eins og bygd — sem æfin síðan —.  
 Ástin þín og veðurblíðan  
 Gerði hraun að sléttri slóð,

Breiddi yndi á auðn og sand.  
 Lærðist mér að unna, unna,  
 Á að trúna, vona, muna  
 Fegurð ykkar, líf og land!

## IV.

Lið þitt alt mér léztu í té,  
 Hönd þín stýrði hendi minni  
 Hneptri um pennan, fyrsta sinni,  
 Er eg þreytti um á og b.  
 Svo hef' eg, á sama hátt,  
 Flestu í, sem fæstir lá mér,  
 Fremsta stafinn dregið hjá þér —  
 Hitt er mitt, hve margt varð smátt.

Þó að væri oft, við alt,  
 Ófimlega og illa lokið,  
 Ástar-hendi gaztu strokið  
 Listanna minna höfuð halt,  
 Þrátt mitt eina, er eitthvað dró —  
 Myndir klappa á kollinn líka  
 Kveðjunni döpru, er aðrir flíka  
 Kvæðanna minna kulda-ró.

**Ritað í krans.**

Við þakkir, með kærleika-kransinn sinn bjarta,  
 Hér hvílir þitt útblædda móður-hjarta.

## Undir íslenzkum fána.

— Sá var lagður niður síðar. —

Fleyttu þér, fáninn vor góði,  
 Og faðmaðu storminn og lýstu yfir okkur.  
 Þjóðblettur þerður af blóði  
 Í þig, verði ei nokkur.  
 Minn oss með ljóði, sem lýðir ei gleyma,  
 Er litirnir titra í heiðsvalann raktir:  
 Að hjarta og heima,  
 Sé hvar sem þú blaktir.

Veifaðu hugþrám, sem hrærast  
 Í húsunum niðri, frá gnæfandi stöfnum.  
 Hækka, er hróðmegir stærast,  
 Og hneigðu þeim gröfnum.  
 Mjallhvítur bjarma, þar brimdýpi streyma,  
 Og blána við hnjúka, sem snæ eru þaktir.  
 Unz hjarta og heima  
 Er, hvar sem þú blaktir.

Ypstu á ólgandi sænum  
 Sem orðsending hvatleg frá bróður til bróður.  
 Skautið þitt beini að bænum  
 Sem bending frá móður.  
 Svo skaltu, fáninn vor, fremd vora geyma.  
 Við fylgjum þér sigrandi, megnandi og hraktir.  
 Vort hjarta og heima  
 Er, hvar sem þú blaktir.

**Baldvin Einarsson.**

Stýrir að fjörum fyrirboðinn,  
Formaðurinn, heimastoðin.  
Framtíð hafnar sækóng sinn,  
Yztu bygða unglínginn!  
Utan úr sorta sindrar gnoðin,  
Sigldur við ljós var nætur-hroðinn —

Rennur þar sól fyrir eyjar inn?  
Ó, nei, það er yngsti goðinn  
Aftur til þingsins niður týnda!

Heilla-vætti, hafin-brýnda  
Kveður fólgin fortíðin  
— Vaxna því sem verða má —  
Sérhvern hnjúk og höfða á,  
Nótt og þoku að lyfta og létta  
Leið hans frá.

Íslands dísir úr sér rétta,  
Honum opna heiði og sjá,  
Innsigling og öræfin  
Þvert yfir land, á Þingvöllinn —

Götuna hans í gegnum kletta-  
Garða, sér þú stafa á!  
Þjóðólf bónda og Sighvat sér  
Reisa tjöld, á vígðum velli,  
Og Varðbergs-Ármann — Honum er

Orðin böll — á borð við elli —  
 Búðarseta í lágu felli,  
 Skundar til Lögbergs létt úr helli,  
 Litast um sveitir. Þangað fer  
 Íslands vona-vættur hver.

Ögmundur á baki ber  
 Þangað allar erfða-föggur  
 Af því sem að gegnir ver.  
 Álög þess við Íslands vöggur  
 Eiga að losna hér,  
 Steypt í foss eða stjökud í hver!  
 Hugurinn Baldvins, hár og glöggur.  
 Hefir svo öllu stefnt að sér.

Slegið hefir lýsing lands  
 Glóð um Baldvin — Blys á vegi  
 Bar hann um myrkrið, fyrir degi.  
 Logar iða um ársal hans.  
 Skininn leiftri skelfur boðinn,  
 Skikkjan hans er eldi roðin.  
 Lyftir undir lágnótt tíðar,  
 Leggur upp allar dala-hlíðar  
 Geisla af ljóma ljósberans,  
 Inn yfir þingvöll þjóðhugans —

Hvar sem örva og opinskára  
 Eflir og ver um hópinn sinn,  
 Æskan — hún, sem á að mannast

Íslenzkunn! — við hann kannast:  
 Átján ára,  
 Fljóta formanninn!

1911

---

### Stefán Valberg.

— Var lostinn eldingu. Höf. —

Rutt er og eyða ettir,  
 Eika-vali úr hæli.  
 Stuttort falla fréttir,  
 Förlar eftirmæli.  
 Ljóðin bera keim af sínum sögum,  
 Sum eru blik af fáum, hvössum slögum.

Rúður er runni hrjáður,  
 Rýmra um auðn og snjóa —  
 Leiðir átti eg áður  
 Yfir lostna skóga!  
 Viðurinn hæsti, um víðáttur og bæi,  
 Verður oftast fyrir reiðar-slagi.

Farið með flutning ærinn  
 Fæ eg ei, veg svo langan.  
 Ber eg, eins og blærinn  
 Þjarkans hrunda angan,  
 Út um land, úr brotum, sem ei bætast,  
 Breiðir ilm — og kurlið angar sætast.

Ferða-sveinum sýnist  
 Sveit hans orðin rýrri,  
 Sem ef sólskin týnist  
 Snögt úr vorstund hýrri.  
 Sumra hugir sólareðli hafa,  
 Svo um hrjóstur-bletti geislum stafa.

Granna-fólk þó finni  
 Fleiri næma skaða:  
 Svára-mann, í sinni  
 Sveit, ið frjálssa og glaða,  
 Sjálfstæðasta, sannfúsasta, snjalla,  
 Séð hafa öll með Valberg heitnum falla.

— Heima-söknuð saman  
 Sveita-bernsku áttum.  
 Tímans gagn og gaman  
 Ganga í fjarlægð máttum.  
 Um þig bý í augnabliksins kynning:  
 Einnar nætur hlýrri gesta-minning.

1911

---

Flís úr Vörðu Jóns Sigurðssonar.

—  
 Okkar gæfu-mesta mann  
 Metum við nú hann, sem vann  
 Þjóð, sem átti ekkert vald,  
 Ádrátt launa, tign né gjald.

Sögu hennar, lög og lönd,  
 Leitaði upp' í trölla-hönd.  
 Tók frá borði æðstan auð:  
 Ástir hennar, fyrir brauð.

Honum juku þrautir þrek,  
 Þrekið sem að aldrei vék.  
 Hans það var, að voga bratt,  
 Vita rétt og kenna satt.  
 Miklar Jón vorn Sigurðsson  
 Sérhver fullnægð þjóðar-von.  
 Hann, svo stakur sterkur hár,  
 Stækkar við hver hundrað ár.

Dýran hjör og hreinan skjöld  
 Hér er að vinna á hverri öld,  
 Hans, sem aldrei undan vék,  
 Eða tveimur skjöldum lék.  
 Þjóðist einhver okkur hjá  
 Ástsæld hans og tign að ná,  
 Holla vild og mátt þess manns  
 Mælum nú á varðan hans.

Sá skal hljóta, í metum manns,  
 Mildings-nafn síns föðurlands,  
 Sem því keypti frelsið, féð,  
 Fátækt sinni og stríði með.  
 Ísland lætur svanna og svein  
 Segja við hans bautastein:



Þessi stytta okkar er  
Eini konungs-varðinn hér.

1911

### Mælt til Sveinbjarnar söngskálds.

Um haustið, fyrir fyrsta söngsins vor,  
Var ferð þín, Sveinbjörn, gerð til okkar vestur,  
Svo ant var þér um heiman-hljóðin vor,  
Og hljóminn gleymda, er erlendis var seztur.  
Hér verður sérhver sumarmála-gestur  
Við sönginn þinn, og nú ber lægri skjöld  
Það hálftrar aldar hreimlaust vetrar-kyöld,  
Sem á oss lá, og var oss greiði verstur.

Og heill sé yður, íþrótt sem var mist  
Og inni grafin hjá oss, bezt sem dugið.  
Og nú er gleði-efni, að íslenzk list  
Er út um heim, að lengja vængjaflugið.  
Og þökk sé ykkur, sem að hæst því hugið,  
Sem heimalandið vænst og frjálst á!  
Með íslenzkt gull þið siglið yfir sjá,  
Við út færð merkin mókið yfirbugið.

Við heillumst lista-leiðslu af þeim hljómi,  
Með lotnum höfðum, beygðir söngsins flóði,  
Sem ómar tign og rausnar-vald frá Róm,  
Þar reykslið ber ilm af hverju hljóði,

Þó himnar kliði og hel við fætur sjóði.  
 En lyftum þeim eins hátt og hæst þau ná,  
 Og hjörtun okkar gleði-leika slá,  
 Ef snildin finnur lag á okkar ljóði.

Víst ljómar sama sólin, fjær og nær,  
 Með sínu skini víðar heimsins álfur.  
 En sér-tiltekna fegurð á sig fær  
 Af fjöllum Íslands, morgunroðinn sjálfur.  
 Með sveita-lög fer lind og voga-gjálfur.  
 Og högust eru heimatökin manns  
 Á hörpustreng, í lagi söngvarans,  
 Sem kveður við í hugum fólksins hálfur.

Við könnumst enn við, hver þann róminn á,  
 — í hvellum soll það íslenzk vitund heyrir —  
 Sem sýnir óplaust, ef menn vilja sjá,  
 Hvar undir brjósti nakin kvikan dreyrir.  
 Með kvein í brosi kjörum sínum eirir.  
 Sem vorblær leiki vísu sína í hlíð,  
 Um viku-sól en stutta sumartíð,  
 Og frjálsa yndið, áður en frostið reyrir.

Við rönkum við, ef asa-hláka hlær  
 Í hnjúka-ám, í fjalla-ómum þínum.  
 Í skörunglyndi lík og konur þær  
 Á liðnum öldum, sem úr hug ei týnum,  
 Með frægð manns eða feigð í ástum sínum.  
 Í foss hún getur bláan jökul beygt,  
 Er bani þess, sem hvorki er sterkt né fleygt,  
 Og manna-tjón á tæpra vaða línnum.

Vor Íslands-drápa er ort um bræður tvo,  
 Sem örlög skilja, en söng þeim bezt og lengur.  
 Sem elskar hlíðar heimalandsins, svo  
 Hann hættir lífi og frekt á sættir gengur.  
 En varð af hrösun hugljúfari drengur —  
 Úr framgirninni og frelsisþránum manns,  
 Og fegurðinni á bernskustöðvum hans,  
 Býr undir kufli klökkur hjartastrengur.

Við eigum dreifðan mátt, en mikla von,  
 Um menning heimsins okkar skatt að gjalda.  
 Og kom þú snjall og ungur, Sveinbjörnsson,  
 Og syngdu okkar listadís til valda,  
 Og grafðu upp söngva-gullið okkar falda.  
 Í lögum þínum liggi þjóðlegt fé,  
 Sem land vort á, og virt að dýru sé,  
 Í baugatali ókominna alda.

1911

---

### Síra Lárus Thorarensen.

---

Eg man, að "Brim" hét litla ljóðið þitt.  
 Sem leit eg fyrst, í blaða-slitrum mínum.  
 Af ýmsum kvæðum, undir merkjum þínum,  
 Sem fóru á eftir, til að sýna sitt,  
 Og lágu oftast undir sama slagið,  
 Á óð og hljóm var tíðast þannin hitt:  
 Sem söngmaðurinn ljóði undir lagið.

Þú áttir víst svo víðan unaðs-heim  
 Sem veldi sæs, frá hásynustu björgum.  
 Varst ljúflingur hjá listadísu mörgu,  
 Og vonin þeirra og velkominn hjá þeim.  
 Æ, eg veit svo vel, að í því skyni,  
 Á víxl þér buðu sömu-tímum heim  
 Þau söngur, ljóð og saga, ungum vini.

Og vel eg skil, hve happ það hlífði þér,  
 Svo hugur þinn ei stóð sem vængur klemdur,  
 Að ýmsum minna varstu skóla-skemdur  
 Af skóþrengslum, sem fræðslan okkar lær.  
 Þú lagðir víst á lífið rúman kvarða  
 Og lóð, svo að þau jafnvel náðu mér!  
 Með barns-vitið mitt geymt — en utan-garða.

Þú keptir heim, í legreit eða líf.  
 Þér lífsvon hélztu móðurjarðar strendur  
 Og bræðramundir mýkstar læknis-hendur.  
 Svo barstu af þér banalögin ríf.  
 Þau kaust að hníga á þinna feðra foldum,  
 Ef fengist engin meinabót né hlíf.  
 Því greftrun þar, er gröf í vígðum moldum.

En þér varð óskin óvinnandi sú,  
 Ei entust þangað flugmóðs söngfugls lungu.  
 Svo nú á brimið þína þýðu tungu,  
 Og því er raust þess stundum klökkva-ljúf —  
 Og loks finst manni létt til allra kynna,

Og líkast því, sem heilsi manni nú  
 Á hverju rúmi raddir vina sinna.

1912

### Landnáms-minni.

— Aldar-afmæli Selkirks jarls. —

Ef landnáms-menn, við hundrað ára hvörf,  
 Af hrósi sínu mættu óminn heyra,  
 Þeim findist eflaust gylla gjaldlaus störf:  
 Hvað grafnar dygðir láta vel í eyra!  
 Að setja, um þau fyrirmenni, fund  
 Hver fær um væri, skjötlist Íslendingum?  
 Sem vita glegst, að það er landnáms-lund,  
 Sem lávarðs nafnið prýðir góð-minningum.

Og tilhald er um tóftir Selkirks jarls  
 Í túni grónu, þar sem norður falla  
 Þær Nið og Móða, um miðja breiðu dals  
 Í mörk og sléttu Vínlands, austan fjalla —  
 Hann manna fyrstur fararhugann gaf  
 Því fólki, er landið unnið hefir þannin.  
 Og frumbýlingnum frægðin stafar af,  
 Svo fellur ljómi á daufan aðalsmanninn.

Og frumherjanna upphald í eynd  
 Til æfintýra manndáð vora lokkar.  
 Og störfín þeirra, bæði geymd og gleymd,  
 Vort gengi urðu og landvættirnir okkar.

Svo stundum finst oss hér, að hjá sé sett  
 Vor happlaus öld, og jörðin tekin vera,  
 Og hvergi að nema nýjan, auðan blett,  
 Svo nú sé framar ekkert stórt að gera.

En næg er auðn fyrir æðri landnáms-menn.  
 Þá alt er bygt og hvergi land að finna,  
 Þá verður eftir lengsta leitín enn:  
 Úr lífi og jörðu farsældina vinna!  
 Þó Fjörgyn verði merkt og mæld sem blað,  
 Frá marmara-grunn' að efstu jökul-brúnum,  
 Er frægðin stækkuð, við að þýða það,  
 Sem þar er skráð, í allra hluta rúnum.

Svo minnumst ei á biturt strit og stríð  
 Né stutta æfi, löngu týndar grafir,  
 Og alt það fjör, sem fórst í miðri hlíð,  
 Né förlað þol og beztu vona tafir.  
 Því hvern skal segja sælli en landnáms-mann?  
 Með sigur-hug í ljóði og handar-taki,  
 Með nýja og víða veröld framundan,  
 Og vegleg óðul feðra sinna að baki.

1912

---

### Huldufólkið.

— Kafli úr minni Vestur-Íslendinga, 2. ágúst 1912. —

---

#### I.

Óboðin og aðvífandi,  
 Ísland, til þín ferð við gerum!

Áður samt við setjumst niður,  
 Segjum til þess, hver við erum:  
 Við erum börn, sem földust frá þér  
 Fyrir björg, við hafið breiða,  
 Sem við framtal fyrir drotni  
 Fékstu ei tóm, að þvo og greiða.

— Sökum okkar útileitu,  
 Annarlega keims við hljóminn:  
 Kanska þú ei kennir svipinn,  
 Kannist ekki glögt við róminn.  
 Þó svo fari, það mun hverfa.  
 Þú munt bráðum aðeins heyra  
 Þektar raddir þinna barna —  
 Þykt er sjaldan móður-eyra.  
 Vítu ei, móðir, bognu beinin  
 Barnanna þinna göngu-höltu,  
 Því við ætlum enn að verða  
 Æsku-spræk í þinni kjöltu!

## II.

Þarna sérðu sveina og meyjar,  
 Sem þig hafa ei áður fundið.  
 Það eru barna-börn þín, móðir,  
 Borin fyrir vestan sundið.

Stygstu ei við óra þeirra —  
 Eða það í skap þér renni:  
 Játi þau ei jafnvægt djásni,  
 Jökul-hlað um gárað enni.

Það er hlökkun þeirra yfir  
 Því, hjá sínum frjáls að vera.  
 Frændsemin, með húfu á höfði,  
 Heimakomna sig að gera.  
 Þeim mun enn í kynið kippa  
 Kyngin þín og árafjöldin —  
 Út til þeirra fjalla-fóstran  
 Flytur bergmál, undir kvöldin.

## III.

Og við förum fyrst að leita,  
 Fram við strönd og upp' í skarði,  
 Hvað af gullum okkar enn sé  
 Óbrotið í föðurgarði —  
 Stundum inn í garðinn göngum,  
 Grafar-steinninn þó sé máður,  
 Störum eftir visnum vöngum,  
 Við sem höfðum klappað áður.

Ver ei, móðir, hörð þó hyggjum:  
 Háttum okkar miður farinn  
 Heimstrokning, með hálfan mjalla,  
 Heitin góðu fyrirsvarin,  
 Sem fyrir bónbjörg offrar erfðum,  
 Og ei neins það lætur fá sér:  
 Þó að utan-sveitar svoli  
 Settist upp í búið hjá þér —

Veiztu, að ekkert auðnuleysi  
 Er af völdum hans, sem spáði,



Þó við höfum óbreytt yfir  
 Álög sköpuð slæmu ráði.  
 Fengjum Sigurð sóknar-rækan,  
 Svíðing þinn, er traðkar lögum,  
 Og til þess við Mókoll myndum,  
 Móðir, skifta okkar högum.

## IV.

Þegar við erum aftur falin  
 Okkar vega fjærðar-hulu,  
 Huglægustu óskir okkar  
 Oft þín, móðir, vitja skulu.  
 Vildum gjarnan, að þá eygðist  
 Eftir skip vor, fyrri róin  
 Út til hafs, úr höfnum þínum,  
 Huldu-rák, í afla-sjóinn.  
 Yrði á hökum hart í ári,  
 Heyrðist ljóð, sem að því stafi,  
 Vildum kveða áhríns-orðum,  
 Upp að skögum björg úr hafi.  
 Eins, er vætu-veðra horfur  
 Vofa yfir dala-brúnum,  
 Öll í ljá er óhirt taðan  
 Alflekkjuð, á slegnum túnum,  
 Lyfta henni heim í tóftir  
 Hjálpa vildum, fyrir kvöldin,  
 Orðin vættir verka-léttis —  
 Vikin burt um töðugjöldin!

Og við skyldum skiprúm bjóða  
 Skjökta-dreng, á leið sem finnur,

Móðir, orðinn út' í veri  
 Einn af þínum fyrirvinnum.  
 Yfir vetrar-vertíðina  
 Vildum hann af skipi, og fleiru,  
 Bæri hærri hlut frá borði,  
 Heldur en þó hann væri í Leiru.

## V.

Og þó minning okkar verði,  
 Eftir því sem líður tími,  
 Uppi bara í æfintýri,  
 Eða nafni á gömlu rími:  
 Kannske yrði annað-slagið  
 Út' um bæi í sveit og hvömmum,  
 Þjóðsagan, og ljúflings-lagið,  
 Lengi til hjá fróðum ömmum.

---

**Kveldúlfs-minni.**

(Flutt félagi Ísl. í Vancouver, er nefndi sig „Kveldúlfur“.)

## I.

Keifði kargan mar  
 Kveldúlfs landnáms-far.  
 Eygði endir sinn  
 Útlaginn.  
 Fann, þar lágt hann lá,  
 Lífs ei komast má  
 Eyðimörku af —:  
 Sem var Íslands-haf.

Drúptu óðul öll  
 Aust'r um boðaföll,  
 Dysið dáðamanns  
 Drengsins hans,  
 — Um hann erfiljóð  
 Orkt, við sekt og blóð —  
 Fræknin, förul-gáð  
 Um síns föðurs ráð.

Fyrirheitna Frón  
 Faldist Kveldúlfs sjón,  
 Huldi hranna fall  
 Hafnarfjall.  
 Feigum sárast sveið,  
 Sjá ei, lengi þreyð,  
 Námlönd niðja hans,  
 Fram í nýtið lands.

Vék að vin, með orð:  
 “Vörpuð fyrir borð  
 Komi úr kafi í sýn  
 Kistan mín  
 Upp' við Íslands strönd,  
 Eignist næstu lönd!  
 Kyni kosta-gjöf  
 Verði Kveldúlfs gröf.

---

Lán og Lofstafir,  
 Ljóða stór-gjafir  
 Stóðu um Kveldúlfs kistu,  
 Hjá kynslóðum fyrstu.

## II.

Óx þar á eyði  
 Íslandi greiði,  
 Á ættar-meíði,  
 Út frá því leiði.  
 Varð því að vinning  
 Völin hans ráða —  
 Menningar-minning  
 Manaði börnin til dáða.

Skrapp þar úr skorðum  
 Skáld, sem kvað forðum,  
 Móðtrega og morð um  
 Meitluðum orðum.  
 Stórhuga stærstur,  
 Stoltastur ljóða,  
 Fleiprana fæstur —  
 Fólíð með hjartanu góða.

Athöfn og æði,  
 Ættbogans fræði  
 Kringum hans kvæði  
 Knýttust — sem þræði  
 Funandi — falda  
 Frásögum glöggum —  
 Uppljómun alda  
 Enn yfir gröfum og vöggum.

Árin í iðu  
 Aldanna liðu.  
 Knúðu, kynviðu

Kveldúlfs, fram-skriðu:  
 Veg-vísun fyrsta  
 Vestur-átt kanna.  
 Leið lögð, á yzta  
 Landsenda hjálmbjartra manna.

---

Lán og lofstafir,  
 Ljóða stór-gjafir  
 Stóðu af Kveldúlfs kistu,  
 Þar kynmegir gistu.

### III.

Kátari körin  
 Kveldúlfi myndi, og útleigðarförin,  
 Úrslitum unað,  
 Ef að hans framsýni þá hefði grunað:  
 Noreg norðan af  
 Nafn og ættar-staf  
 Vaxa, er veður gaf,  
 Vest'r um Kyrrahaf.

Vítt yfir voga  
 Vesturheims útstrandar, minnin hans loga.  
 Fjendur hans færri,  
 Flóttinn hans orðinn að landnámum stærri.  
 Ungan hittum hér  
 Hann, og frjáls hann er,  
 Trúr og tryggur sér —  
 Til hans drekkum vér.

Hefir í huga,  
 Hamingju sinna og mannvænleik duga,  
 Henni í haginn  
 Húsa í borgar-auðn íslenzka bæinn.  
 Nú á nýrri strönd  
 Nema og gefa lönd,  
 Orku og andans hönd  
 Efla frænda-bönd.

Hann, sem bezt heldur  
 Hollræði feðranna, þjóðgæfu veldur.  
 Erfa þeir ungu  
 Íturmanns-lundina, hug þeirra og tungu —  
 Enn skal vizka og vild  
 Vera hvöss og mild.  
 Lengst er góð og gild  
 Gömul ættarsnild.

---

Stjórnsemi í stafni,  
 Strang-frjáls, sig hafni,  
 Snillingum safni,  
 Sæmd fylgi nafni!  
 Lán og lofstafir,  
 Ljóða stór-gjafir  
 Standi af Kveldúlfs kistu,  
 Til kynslóða yztu.

---

## Kveðið til Eggerts Jóhannssonar,

fyrrum ritstjóra „Heimskringlu“.

—

## I.

Til þess er stefnt, er fólk sig um þig flokkar  
 Á fögru kveldi svona, Eggert minn!  
 Að lesa upp með þér æfintýrin okkar,  
 Sem enginn skráði, en læstust fastast inn —  
 Þú vita skalt, að Vestur-Íslendingur  
 Varð var við fleira, en strokkhljóð búi frá,  
 Að ennþá honum Huld í bergi syngur —  
 Þó hafi stundum lítið borið á.

## II.

Úr óska-steinum eyði-fjöllin hrjúfu  
 Var okkur sagt, að drottinn steypiti hér,  
 Og dalakútum dreifði á hverja þúfu,  
 Að dekstra mann að “róta fyrir sér”.  
 En námi því þú sazt af þér að sinna,  
 Þú sagðir: “Stærra en marka gull á skjöld,  
 Við Íslendingar eigum hér að vinna:  
 Þau æfintýr, sem gylla fræga öld.”

Í þrjúkri deilu, um drottinvald ins eldra,  
 Þú dugðir okkar fyrstu blaða-raun,  
 Er alt, sem þóttist uppgangs-meira og heldra,  
 Skreið undir borðum, kleip og gróf á laun —  
 Það hvílir svo á samvizkunum flestra:  
 Ef satt sé greint, þá liggi efst á baug,  
 Þú hafir fleytt því fyrsta og skásta, vestra,  
 Sem forðað gat, við yrðum helzt að draug.

Hver íslenzk list fór huldu höfði og hrakin,  
 Sem hélt ei markað, né var kirkju-tæk —  
 Þó laun þín yrðu, uppsögnin og klakinn,  
 Varð aldrei síðan snildin blaða-ræk.  
 Eg veit, það stundum hæpilega horfði,  
 Að hvarfsins þíns við guldum fyr og nú —  
 Ef skerða virðing einhver bar frá borði  
 Með bognum sigri, aldrei var það þú!

Þér tekst, að alténd sumt það sitji í skugga,  
 Til sigurs upp er starf þitt hefir flutt.  
 Þú hengdir ekki í allra búða glugga  
 Hvert ómak þitt, né hvar þú hefir stutt.  
 Því sá kann einn með ábötun að selja:  
 — Og yfir taxa vogar-lóðs og máls —  
 Sem eignast sjóð, sem enginn fær að telja,  
 Af ómyntuðum greiða-verkum sjálfs.

### III.

Þér óskar heilla æskan fagurlokkuð,  
 Og elli-reynslan, vösk en kalin-hærð,  
 Þær kannast við, þú varst þeim báðum nokkuð,  
 Alt vinhollara, en þökkinn sem þú færð —  
 En trú því samt, að ljóðin okkar langa  
 Að láta að þeim, sem unnu oss fyrir gýg,  
 Og vita engan þann til grafar ganga  
 Með gæfu sinnar leynt og óbætt víg.

Þú væntir þér, í haustsins skugga hljóðu,  
 Að hverfa inn, svo lítið beri á.



Þú varpar um þig vorsins ljósa-móðu,  
 Er vestan-þíðan stafar fjöllin blá —  
 Er um vor höfuð hálfar aldir kvelda,  
 Þá hallar nótt, af stigum ljóss og sanns,  
 Og þá fer senn að byrja að aftur-elda  
 Um efstu sporin hógláts snildar-manns.

1913

---

### Árum á eftir.

— Minning Stephans Péturs Jónssonar, frá Gardar  
 í Dakota. —

Nú vorar yfir vetrar-harðindin —  
 Svo veðurnæmur enn er hugurinn,  
 Það grær þar líka um gleði og söknuðinn  
 Hjá gröfinni, sem felur drenginn minn.

Eg lýt að þínu leiði, kyrt og hljótt,  
 Með ljóð í geði um bjarta daggar-nótt,  
 Er blíðan hlustar raunalega rótt,  
 Með rakan hvarm og brjóstið þreytu-mótt,

Við missi þinn, varð gleðin meira um geð,  
 Og gæfan sjálf við ömurleik ei réð,  
 Því þegar mér er sól og sumar léð,  
 Eg sakna, að þú færð ekki að vera með.

En þegar öll er umhverf gæfan mín,  
 Og alt snýst rangt og bjargar-vonin dvín,

Úr hverri raun mér huggun þessi skín:  
Að hvað sem sker, svo nær hún ei til þín.

Til einkis fór ei skammlífi, eg skil,  
Sem skildi eftir svona djúpan yl.  
Og sú er huggun, hálf-þreyttum í vil,  
Eg hætti líka að muna og finna til.

Eg gæti ekki sagt þér söknuð minn,  
Né sært þig með að æpa í himininn.  
Eg heilsa, kveð, og klökkur til eg finn,  
Með koss í hug, á bleika vangann þinn.

1913

---

### Framvegis.

Ó, vittu til! Það verður þá  
Mörg “Þúsund og ein nótt” á hvörfum,  
En “Laugadal” langt fram á kveld  
Oss lysta með Steingrími að ríða.  
Og aflinn hans “Marteins” mun uppi,  
Þá “Axel” við Sótasker felst.

Og fleyg verður “Lóan in létta”,  
Er lötrar um “Bandingi í Chillon” —  
Og Steingrímur foringi í för,  
Ei ferðamanns útlenzku-túlkur.

1913

## Til Brynjólfssonar-hjónanna í Victoria, B. C.

— Dóttir þeirra var þá nýlátin. —

Eg hef' staðið hjartasorg við hlið  
Hljóðri og einni, nýgert leiði við,  
Klökk var þögn í djúpi muna míns.  
Hversu feginn fanst mér þá eg vilja:  
Föður harminn ekki þurfa að skilja.  
Yfir leiði óskabarnsins síns.

— Eg á greind, sem grunar hvað hann er —  
Góða barnið hans! er hvílir hér,  
Þú, sem færðir foreldrunum yl  
Með að láta — eitt sem öllu er mætast —  
Á þér þeirra hæstu vonir rætast,  
Meðan æska og æfi vanst þér til.

Hve þeim líka varð nú, alt sem er  
Ördugt, við að hljóta að sjá af þér!  
Leysa þrekraun þó, er á ei sézt:  
Geta heima, í hljóðum ranni sínum,  
— Húsfyllir af minningunum þínum —  
Tekið hlýtt og hýrt mót hverjum gest'

Ungmey, sem í höfga hverfleiksins  
Hnést, á mótum æsku og fullorðins,  
Minnin um þig legg eg ekki í ljóð,  
— Því þau öll til foreldranna flýja  
Frá mér — þessum aðvífanda nýja —  
Eins og börn, við ókunnuga hljóð.

1913

## Móður-muni.

— Eftir dreng, sem druknaði í læk. —

## I.

Þegar léttur lækur  
Leikur niður hlíðar,  
Syngur áfram eins og  
Ungrómaður sveinn,  
Verður flestum vorkætt.  
— Vakna mér þá raunir,  
Síðan fossa-fallinn  
Feldi 'ann vin minn einn.

Átti eg von og ótta,  
Æfiprá í lífi,  
Þá var mögur, móður  
Munardraumurinn:  
Kvað hann mér í kjöltu,  
Kembdi eg honum lokka.  
Uxum hvort um annað —  
Einka sveinninn minn!

Áttum bæði yfir  
Okkur, tigna móðir,  
Sú var: íslenzk ættjörð,  
Unaðsfríð, en hörð.  
Breytir hún læk í likmann,  
Lognbliðunni í helstríð.  
Börn vor ber til grafar  
Bára um ár og fjörð.

## II.

Þar sem sonum sviftar  
 Sitja Íslands mæður,  
 Yfir döprum auðnum  
 Útkulnaðra vona,  
 Upp skal augum lyfta  
 Og úr flokknum mæla:  
 Fróun er, sé fagurt  
 Fallið okkar sona!

Við að vernda og bjarga  
 Vinur minn féll ungur.  
 Þannig er til unnar  
 Ágætast að hníga.  
 Vörn, af heima-hólmi,  
 Hetjan mín var borin.  
 Sú skal bata böli  
 Bótin ættar-víga.

1914

---

 Um Magnús Eiríksson.
 

---

Stundarmenni hvert þér hlóð.  
 Heimskt var um störf þín getið.  
 Þetta breyttist, þín urðu góð —  
 Á þeirra er lækkað metið.

1914

## Einar Jónsson.

## I.

Lengi við, í herrans-Höfn,  
 Höfðingjanna milli  
 Leppuðum vor lista-söfn,  
 Lund og nöfn og snilli.

Mesta prýðin þótti í því,  
 Þeim sem framgjarn mundi,  
 Orð og gerðir gaufa í  
 Gutli á Eyrarsundi.

Öll var von, að innist þar  
 Orðstír minni en hálfur —  
 Meistarinn okkar orðinn var  
 Eftirherma sjálfur.

Danskan, vora dánumenn  
 Dæmdi í list og verki —  
 Þekkjum varla allir enn  
 Annara vörumerki.

## II.

Einar! Það í þoku sér  
 Þinna lista bani:  
 Að sé trauðla til í þér  
 Thorvaldsen né Dani.

Smáum augum allar sjá  
Efnin þín og vandann,  
Glirnur þeirra, er glápa á  
Gljáann, meira en andann.

Guðs frá hendi hafa þeir  
Holdisins sjónir einar —  
Hugsun blésu í heimskan leir  
Hendur þínar, Einar.

Þegar gæða hugsun hann  
Hagvirknina léztu,  
Þá hófst “önnur upprisan”  
Andanna vorra mestu.

Aftur við oss öðlast mál  
Ösku-fúin beinin.  
Fram í tímann sjálfs manns sál  
Sést, í gegnum steininn.

### III.

Skugga-vættum væri synd,  
Að vefja þig örmum sínum.  
Nóttin situr sólskinsblind  
Sjálf af höndum þínum.

Þú, fanst ekki á kjúkum kalt  
Komu dags að boða,  
Meðan brástu yfir alt  
Íslands morgunroða.

**Þorsteinn Erlingsson.**

—  
 Hann kom í söngdísu sal,  
 Samferða kauphyggjumönnum,  
 Öllum í heimsfrægðar önnum!  
 Verkfærið velja sér skal —  
 Hljóðfærin lágu þar hrönnum.

Strengvell og stormrödduð, öll  
 Stórveldi af blundandi hljómunum  
 Stóðu þar, glúpin og gjöll:  
 Hlekkjaðir andar í höll —  
 Drengurinn drap við þau gómum.

Losnuðu liðugt og snjalt  
 Leiftrandi raddir að bragði,  
 Hverskonar hljóð var þar falt —  
 Höfuðið hristi 'ann og þagði,  
 Jafnnær, en ósæll, við alt.

Frægðin hans biðjandi beið.  
 Bara 'ann þau fjölræmdu noti!  
 Honum af sérhverju sveið —  
 Hljóðpípu heiman úr koti  
 Greip hann, og gekk sína leið.

Hann fór svo hirðlofsins van —  
 Hristandi af vængjunum böndin,  
 Raddmýkri syngjandi svan.



Vilt út um vordrauma-löndin,  
Leikandi á pípuna Pan.

1914

---

### Heimhugi.

---

Vort helga land, vort heimaland,  
Vort hjartans land, vort feðra-land,  
Vort vænsta land, vort vona-land  
Og vorra niðja land!  
Með einum hug við hötum þann,  
Sem hatar þig, og smáum hann.  
Með einum hug við elskum þann,  
Sem elskar þig, og dáum hann!

1915

---

### Skafti B. Brynjólfsson.

---

Þó vel eg skilji skarð, sem höggvið er:  
Að, Skafti, þú ei fytir lengri árin,  
Mér gegndi sízt, að æpa yfir þér,  
Sem ætíð lézt þér bregða minst við sárin.

Og þeir, sem eiga skörungs-skap og yl,  
Og skila æfi, frjálsri dáð til gróða,  
Þeir leggja oss seinast kvæða kjarkinn til,  
Að kasta á sig moldum vorra ljóða.

Og þú stóðst ungur upp úr frjálsum her,  
 Af æskulýð frá "klakahöggi og plógi".  
 Sem lægri runnum risin dögum er,  
 Þá roðar sólin hæsta tréð í skógi.

En fólki virtist flokkur sá ei dæll,  
 Sem fyrirleit að skreiðast undir þokum,  
 Og skeytti minna, að vera sigur-sæll  
 En sanni halda, að efstu málalokum.

En skapraun sú oss skifti í hornin tvö  
 Úr skrópa-værð, og hvatti geðin þreyttu,  
 Svo jafnvel bældu sofendurnir sjö  
 Í Síons-hliðum, varðlúðrana þeyttu.

Þó yrði á leiðum upphald og töf,  
 Og aldrei hvöt að státa af neinum feiknum:  
 Þeir yngri keppa, og karlar fram að gröf,  
 Með kurlin flest úr gamla æskuleiknum.

Við áttum löngum liðsemd þína að:  
 Með landnáms-eld að voga út frá ströndum,  
 Og dygð þá vísa, að vernda eins um það,  
 Sem var þó smátt, að hvíla í slíkum höndum!

Því samtíð manns, við fitlið sitt, það felst:  
 Að færar herðar þroskar örðug byrði.  
 Hún sínum stærstu sálum reynir helzt,  
 Að sóa burt, á tímans lítilsvirði.

En þó er eins og fram í fjarsýnið,  
 Að fánar blakti á sumra manna gröfum,  
 En eru sjaldnast eins og þeir sem við,  
 Á okkar stangir, kring þá dregið höfum.

Æ, vertu sæll. Þú sefur vel og rótt —  
 Hér sit eg einn og minningunni fagna,  
 Og eg skal brosa, og bjóða góða nótt,  
 Unz brosin dvína, og mínar kveðjur þagna.

Af liði þegar lögð er fremsta röð,  
 Um leikvöll breytt, og orðinn hvilustofa:  
 Mér stundum finst — þó vakan væri glöð  
 Og vorið bjart — sé gott að fá að sofa!

1914

---

### Til Hjartar Þórðarsonar í Chicago.

---

Ísland leit, um ára-mótin,  
 Yfir litla barnaflokkinn,  
 Vistaðan heima, og vestur stokkinn —  
 Vonaraugu og ræktarhótin  
 Nú um allan heiminn hyggja,  
 Hvar sem barna-sporin liggja.

“Þið eruð,” sagði ‘ún, “fremur fá.  
 Farið og verið tveggja maki  
 Allra hinna í hverju taki,

Hvar sem nokkurt barn eg á —  
Hjörtur minn hefir vel að verið  
Vest'r í álfu. Sama gerið.”

1915

---

### Útúrdúrar.

—Upp úr „Ferðalýsingum” séra Rögnvaldar Péturssonar.—

---

#### I.

Eg hvata minni fótaferð  
Með fyrstu bæjasmölum,  
Og bregzt við “hó”, að hjörðum gerð,  
Og hófaslátt í dölum,  
Og þeysi í flokk þinn, hól af hól —  
En hóm er alt á flótta,  
Er uppá Málmey sumarsól  
Í söðul lyftir ótta.

Í farir, um in fornu vé,  
Til fylgdar við þig stökkinn —  
En engin hætta ætla, að sé  
Þó yrki svona á flokkinn:  
Að nokkur leggi hönd í hné,  
Í hljóminn niðursökkinn —  
Hann afi kvað við kvíafé,  
Og konan hans við — rokkinn!

#### II.

Eg dylst ei þess, hvað dregur mig  
Að dásemd þessa fjarðar:

Mér fræðin kendi 'ann fyrst á sig:  
 Um fegurð vorrar jarðar.  
 Og hafi eg nokkuð síðan séð,  
 Er sjónar kallist virði,  
 Eg veit, það eygði andi, geð,  
 Og augu úr Skagafirði.

Í móður-sveit, við mól og stein,  
 Sé mela-svörður grunnur,  
 Og finnist okkur bert um bein,  
 Og brjóstadúkur þunnur,  
 Í þúsund ár hún óf og sneið  
 Upp alt í spjarir lýða,  
 Og allan tímann biðlynd beið  
 Sín brúðarklæði að sníða.

### III.

Nú hef' eg einlægt á þig hlýtt,  
 Og altaf farið lötur  
 Í þinni fylgd, um fornt og nýtt,  
 Og fundist skammar götur!  
 Já, víst er hýrlegt heimkynnið,  
 Frá heiðum út til stranda,  
 Sem héðan blasir, Vatnsskarð við —  
 En við þarf eg að standa.

Eg geng ei vina götu hjá,  
 Þó gróin sé í velli.  
 Í Hrafnagili Huld eg á  
 Og Hyndlu í Móðarsfelli,

Í Gýgjafossi gýg, sem slær  
 Svo glatt við komu mína,  
 Að hverjum lit og hljómi 'ún nær  
 Í hörpustrengi sína.

Svo hérna skil eg þá við þig.  
 Haf þökk! og sæll, á meðan —  
 Í tröllahöndum tel ei mig,  
 Þó tefjist för mín héðan,  
 Því kannske mór sé berja-blár,  
 Og brúðberg angi á melum,  
 Á fornum tóftum Baldurs-brár —  
 Eg bíð, og mig fer vel um.

En fáðu leiði, um grund og grjót,  
 Til góðra heimsiglinga,  
 Og vertu Íslands vegabót  
 Til Vestur-Íslendinga.  
 Og eigðu seinna ferð um fjöll,  
 Um fjörð og sveitir breiðar,  
 Þá vitar blossa um annes öll  
 Og arinskíði um heiðar.

1915

---

### Þorgils gjallandi.

---

Því er þögn  
 Um Þorgils leiði?  
 Voru fuglar flognir,

Söngmenn sömu  
 Sumardaga?  
 Og honum heimagangar.

Settist svell  
 Að silfrinboga  
 Fossins uppi á fjalli?  
 Hugðu hann  
 Í Heljar greipum  
 Glaumar Gjallarbrúar?

Hann úr Helju  
 Hafa numið  
 Auðnur Íslands bænda  
 Önn og Íþrótt —  
 Orf í hendi,  
 Sögu-bók í barmi.

Íslenzk Iðunn  
 Endurborin,  
 Þreyr að Þorgils haugi.  
 Leyfir landást,  
 Langminnugri,  
 Unnusta sinn Eilífð.

— Átti eg í austri  
 Erfiljóða  
 Vísa átt. Í vestri

Beið, en biðin  
 Brást mér. Farðu  
 Sæll af þingi Þorgils!

1916

---

### Ort til Únítara.

---

Við bygðum guðum, í svo mörgum myndum,  
 Vorn mannaheim, og sæg af þeirra ætt.  
 Og þó þá að oss þrengja nokkuð fyndum,  
 Við þeirra tölu sífellt gátum bætt.  
 — Að hugsa og anda, alt varð loks að syndum,  
 Og okkur sjálfum varla á jörðu stætt.  
 En samt var í oss ekkert góður hreimur,  
 Því allir sungu: “Versnandi fer heimur!”

Þið kváðuð frjálst, að fækka þessum stéttum  
 Af fjöl-gyðingum, þeim er treystu sér,  
 Þó markaskráin rýrni í þeim réttum  
 Og ruglist — Annars hefði farið ver,  
 Og mörgum orðið þröngt á þessum sléttum.  
 Og það varð gæfa fleirum held'r en mér.  
 Og því kem eg nú — þó mér illa fari —  
 Með þökk í hönd, og galsann minn í svari.

Við hrósum þeim, sem fylgja fornu sniði  
 Og fyrirmælum dauðum véum frá,  
 Þeim foringjum, sem fylkja vilja að miði,  
 Sem fagurt er, og góðir drengir þrá,



En missa samt af meira en hálfu liði  
 Til manntaksins — þó heildin sé of fá —  
 Með skyldu-kvöð: að beygja bakið á þér,  
 Við bogrið nið'rað altarinu hjá sér.

Þið metið lífið, líking næsta sanni,  
 Og löngun hvers, að reynast skár en fyr.  
 Þið synjið um, að sveia nokkrum manni,  
 Þó setji ei krossmark yfir hverjar dyr.  
 Sé hönd hans traust, er trú hans ei í banni.  
 Um tjóðurböndin engin sála spyr.  
 Þið gleðjist við hvern vilja frelsis-þorinn,  
 En vítið minna útafskeifu sporin.

Þið gerðuð frjálsan guð í veröld sinni,  
 Og grynt þið hafið yztu-myrkra völd.  
 Svo verður ýmsra félags-frægðin minni  
 Á framleið okkar, þegar hallar kvöld —  
 — Manns hólpnust bæn er: bros við framtíðinni,  
 Á batavegi. Slíkt sé þetta kvöld!  
 Þó heimskan endist elztu mönnum betur,  
 Hún yfirlifað saunleikann ei getur.

1916

---

### Lestrarfélags-ljóð á sumar-samkomu.

---

Við ýttum Vestur-álfu til  
 Frá Íslands köldu ströndum.  
 Og margur flutti minni yl  
 Frá miklu hlýrri löndum.

Við fundum, að í hörkum, hag  
 Var hlýjuna að geyma  
 Frá ljósa-aukum við lágan dag,  
 Og langeldunum heima.

Um sjálfsdáð þar var sér um vert,  
 Og sálin heima fengin.  
 En hér er alt með handið gert,  
 Öll hugsun skólagengin,  
 Og ekkert hér með lagi lært  
 Sé los á kenslu-böndum.  
 — En ekki í horf það okkur fært!  
 Og á því skeri ströndum.

Við lógum okkar lista-gjöf  
 Af lifandi manna orðum —  
 Svo með oss varpað verði í gröf,  
 Sem vopnunum góðu forðum.  
 Og öldin hrópar, hljóðafull:  
 “Þeir hærra spenna bogann,  
 Sem ætla, fyrir erfða-gull,  
 Að eignast vafur-logann!”

Þó okkar fari að fækka spor  
 Um fyrstu sumardaga,  
 Og spyrjast ljóða-lokin vor,  
 Og lesin út vor saga:  
 Skal alt til þess, að að er sezt  
 Við íslenzkt sumar fagna.

— Ef “feigur svanur syngur bezt”,  
Með sæmdum gefst að þagna.

1916

---

**Gert til Guðmundar Finnbogasonar.**

---

Þér, Guðmundur, við góða heimför kjósum  
Og gæfu-lengd, að skilnaði í kveld.  
Þú Fjölsvinnur, sem átt þann hugar-eld,  
Að gagnsæ orðin okkar verða að ljósum.  
Og tak sem vorkunn, að þú ferð oss frá  
En færð oss smátt af auðlegð þinni að mæla  
Að fá að tæma alt sem maður á  
Af andans gjöf, er helzta lífsins sæla.

Að tekjulaust er gullið vits og vona.  
Að vita það, en leita og grafa þó,  
Og þykjast aldrei nema af því nóg,  
Oss finst það heimskt—En samt er það nú svona:  
Þá eignin manna öll er reidd til þings,  
Og erfða-minning skiftir sanngjarn dauðinn,  
Við kysum sögu-sæti Þveræings  
Oss sjálfum, fyr en Möðruvalla auðinn.

Við stöndum hátt á hálsi þeirra goða,  
Sem hátignasta vona kunni sér  
Vor feðra-sveit — það setur grun að mér:  
Að gengin forlög framtíðina boða.

Slík tákningin eru, viljinn vor og þor,  
 Um vöxtinn þann og aflið, sem við fáum.  
 Og goðin, skapa-skuggi sjálfra vor  
 Í skinið fram — í sporin þeirra náum.

Að okkar guðir, sjálfir mannast mega,  
 Í myrka framtíð er að vera skygn.  
 Og Ásheim þann, um okkar vald og tign,  
 Eg kjósa mun í ímyndun að eiga.  
 — Og, Guðmundur, hvað undir ýmsu býr,  
 Þú ert að grenslast — haltu þínu skeiði!  
 Og spurðu allan heim, sem Hangatýr,  
 Og hreptu svar að hverju völvu-leiði.

1916

---

### Sextug-sessa.

— Til Kristinns skálds Stefánssonar, á sextugasta afmæli  
 hans, 9. júlí, 1916. —

Yfir áraflóðið,  
 Út með Furðuströndum,  
 Langseildara er ljóðið  
 Lengstu vindahöndum,  
 Það berst fram á Ægi eilífðanna,  
 Eins og byr, til frægstu siglinganna.  
 — Þér þarf ekki að segja það né sanna,  
 Sextugum í flokki yngri manna!

Yfir aldasjóum,  
 Óma hörpur Braga  
 Enn frá eyðiskógum  
 Elztu landnámsdaga.  
 Hver sem orti, ungur þó að félli,  
 Uppi er hann. Því kvæði heldur velli!  
 — Aftan-skin þér skín frá hverju felli.  
 — Skáldin bera fegurst hæstu elli.

---

### Helga-erfi.

„Bið þik Svafa  
 Brúðr grátattu,  
 Eft vill mínu  
 Máli hlýða  
 At þú Heðni  
 Hvílu gervir,  
 Ok jöfr ungan  
 Ástum leiðir.”

(Helga kviða Hjörvarðssonar. Sæm. Edda.)

Meðan uppi er eikin há  
 Ilt er vöxt að greina.  
 Nið'ri holti, heyglu-strá  
 Hæðarmörkum leyna.

Verða um stórleik merkis-manns  
 Misgár ýmiskonar —  
 Svo fór það um haginn hans  
 Helga Stefánssonar.

Sönnu næst, að sjálfir við  
 Sæum hvað hann gildi,  
 Þegar autt var öndvegið  
 Okkar, sem hann fylti.

Hvar sem Helgi heitinn fór,  
 Hyggjum við að finnum:  
 Eftir situr svipur stór  
 Samt í flestra minnum.

Héraðs-flokk til fremdar var —  
 Flestum almenningi  
 Fremra og herra höfuð bar  
 Hann, á hverju þingi.

Engan hóf á efstu skör  
 Yfirborðið glæsta.  
 Varpar tign á kotungs-kjör  
 Konungslundin stærsta.

Ættu betri breiður lands,  
 Bændur akra-stóru,  
 Ræktar-frjóvust hugtún hans  
 Héraðsprýði vóru.

Varla hefir vantað hann  
 Vitið hagnaðsfróða —  
 Það var síður samvizkan  
 Sem honum varð til gróða.

Þó að okkar sveit hann sé  
 Sæmdarauki og gróði,  
 Aldrei bar af annars fé  
 Arð, í léttum sjóði.

Lundin hrein og hugur frjáls,  
 Hann af spekiforða  
 Lagði til hvers merkis-máls  
 Magnið hvatra orða.

Þegar leyndan lygastaf  
 Leysti úr villirúnum,  
 Þá stóð heimótt uggur af  
 Augum hans og brúnum.

Sé í hverju horni hælt  
 Hyggjuviti og næmi,  
 Varð þó ýmsum öfundsælt  
 Andlegt ríkidæmi.

Fær af nýlund næman geig  
 Nærsýnn inni-grillir.  
 Glöggvar, hyggja úti-eyg,  
 Hvar undir sannleik hillir.

Helgi bjóst með hug og ráð,  
 — Hélzt ei inni í skála —  
 Þegar hvöttu að drýgja dáð  
 Dísir réttra mála.

Hreifur fram á hinztu stund  
 Hann um mein sitt þagði.  
 Faldi sína opnu und  
 Undir glöðu bragði.

Ef þú hug og hjarta átt,  
 Hlærðu, að varna tárur!  
 Dregur, að vilja og vona hátt,  
 Verk úr eigin sárum.

Svo tók einn í eldri sveit  
 Áður banameini,  
 Þegar geir við hjarta hneit  
 Helga, að Frekasteini.

Sváfu, yfir fjöll og fjörð  
 Flogna, boðað hefur.  
 Feigur, ætt og óðalsjörð,  
 Ástina sína gefur.

Vitum ljóst um látinn mann,  
 Þó langt sé millibilið —  
 Að með slíkum hefir hann  
 Hug, við okkur skilið

Sveitin okkar, ógleymin,  
 Eins vill kvaddan hafa,  
 — Hnigna í valinn vininn sinn —  
 Vestur-íslenzk Svafa.



## Jón Hrafnald.

Eg hitti þig, í flýti ferðalagsins.  
 — Með fálund minni tók eg eftir þér —  
 Þú ranst mér upp, sem hvíta hversdags-dagsins,  
 Sem hvað býr hjá ei lætur merkja á sér.

Þar er sú hægð og hvergi skýjabakki,  
 Að hugboð manns það óvissunni fól:  
 Hvort undir loftsins lygnusléttu stakki,  
 Að leynast muni skuggar eða sól.

En það er, sem sú hula í unað hjaðni,  
 Og hærra vonum ljómi dagur sá,  
 Og sérhver stund á götu okkar glaðni  
 Við góðan dag, því meir sem líður á.

Og hvernig vafði 'ann vorblæ svona í róminn,  
 Og víðsýn gaf, þar maður þoku kveið?  
 Og hvaðan fékk hann fræ í öll þau blómin,  
 Við fætur hans sem sprungu út á leið?

Og þú varst, Jón, á götu minni gleði.  
 — Að grafreit þínum eg með hugann næ —  
 Og það var skáld og skyn í þínu geði,  
 Svo skírt og rótt, með Íslands heiða blæ.

Og einn á bát þú hittir hinnta miðið  
 Og háðir stríðið út með glaðri ró,  
 Er dauðinn þér, með blíðu, benti á hliðið,  
 Að banasæng, í værum kyrra-sjó.

Eg minnst þín, með hug til heilla-dagsins,  
 Sem hjá mér gekk, með vorsins frjálsa yl,  
 Frá morguns-ári, út til sólarlagsins,  
 Sem enga hrollstund bjó, að muna til.

1916

---

### Jón B. Jónsson.

frá Héðinshöfða á Tjörnesi. Dáinn í Smithers á Kyrra-  
 hafsströnd.

Til greiðvikni búinn og boðinn  
 Í borgara þvögu hann stóð.  
 Sem hver, undir túnfæti troðinn,  
 Með torkendan yl sinn og glóð.  
 — Hjá fólki við frerann og bylinn  
 Í frosthýsum rökkvaðra kota —  
 Með velkomna orkuna og ylenn,  
 Sem aldirnar vissu ekki að nota.

En aðkoman vænkar, að vita:  
 — Og viðstaðan gerist svo hýr —  
 Að kaldblásin hlíð, yfir hita  
 Og hlýindum útsvæðið býr,  
 Svo öll verður hlíðin og heiðin  
 Þér heimkynnislegri á Fróni.  
 — Og útleigð manns gladdi eins greiðinn  
 Og greindin og alúð hjá Jóni.

En nú, ef að koma þú kant þar,  
 Sem kunningi, bygð hans sem var:  
 Þér bregður, að vonum, það vantar  
 Hans viðmót í fögnuðinn þar,  
 Því móður-málið vort kunní 'ann.  
 — Þó málvinir fáir því sinni —  
 Og ljóðunum okkar unni ' ann.  
 — Þó enginn þau með honum kynni —

Við fjallanna fegurð hann þíddi  
 Alt fálæti borganna af sér,  
 Er alvoruð ársólin prýddi  
 Hvert öræfi jöklanna hér.  
 — Og mér verður mannheimalegri  
 Hver minningin vestrænnar áttar.  
 Og öll eru fjallahvörf fegri  
 Í förin hans — eins þegar náttar!

1918

---

### Jóhann Einarsson.

frá Krossanesi í Skagafirði. Dáinn í Duluth í Minnesota.

#### I.

Kotið hans í eyði er!  
 Áður þarna bjó hann.  
 — Raula eg, meðan fram hjá fer.  
 Ferhendu um Jóhann.

Nú er ei kveikt, þar kró hans var,  
 Kveldljós glugga-fögur.  
 Framar enginn opnar þar  
 Íslendinga sögur.

Þar er hljótt, sem hátt um borð  
 Hávamálin sungu.  
 Nú hafa fyndni og frjálsleg orð  
 Fjötrum bundna tungu.

Skelfdi hann brott af skrópadraum  
 Skrök úr hispurs-sálum,  
 Hans er lék við lausan taum  
 List að gletnismálum.

Engin sæmd þó varð þess vör,  
 Þar væri hætt að glatast,  
 Sem við heimskra hlægi-svör,  
 Hugans grómi atast.

Mér fanst þrátt, í kveldsins kyrð,  
 Er kátt við um oss gjörðum:  
 Að kominn væri í Harðráðs hirð  
 — Hans Haralds — út í Görðum.

Kendum við — ef kaupið var  
 Kvabblaust gott að hafa —:  
 Að við vórum Væringjar,  
 Verðir lendra Slafa.

Ef að okkar hefði ei hönd  
 Haldið þeirra veiði,  
 Ríki þeirra, lög og lönd  
 Lægju sum í eyði.

Sagan vottar, sannleiksgjörn:  
 Við sigrum ýmsra tála  
 Þeir buðu löngum bezta vörn,  
 Sem bara gengu á mála.

Jóhann, hvorki af dygð né dug  
 Dró, að fylgja mönnum.  
 Fáir áttu heilli hug,  
 Hollari sínum grönnum.

## II.

Þeir, sem gafstu glöggva sjón  
 Á glysinu útlands tála:  
 Gleyma þér ei, gamla Frón,  
 En ganga bara á mála!

1918

---

## Söknuður.

— Sent A. E. við frétt um lát konu hans. —

Eg vildi gjarnan hugga. En hlýt að þegja!  
 Svo hönd eg rétti. Mannraun þína skil —  
 Þinn dýpri harm en hægt er mér að segja  
 Og huggun stærri en eg á orðin til:

Því allir þeir, sem unt var henni að kynnast,  
 — Þeir ekki sízt, sem snerist lán á hæl —  
 Um hana eiga einhvers góðs að minnast.  
 Að efstu lokum — Það er: að vera sæl.

1918

---

### Síra Friðrik Bergmann.

#### I.

Við vildum trúa: að efinn yrði víska,  
 Sem ósatt vænti, að þér var dæmt að falla!  
 Því hvergi eygðist hætta á þínum vegi,  
 Alt heiðríkara og eftir langt af degi —  
 Hver framstíg hugsjón má við því, að missa  
 Sinn mann í gröf, en hjörtun okkar varla.

#### II.

Menn gleyma, að reka guðserindi brýnni  
 En græðgi og munuð. — Skyldur kaustu þyngri,  
 Þú vanst þá raun, sem rausn er allra mesta,  
 Að rata það, sem vísar gæfan bezta:  
 Að verða um frelsi og sannleik ávalt sýnni,  
 Og safna árum góðvitrari og yngri.

Það mezt til klæks, að koma ei vanans leiðar  
 Í kór og bekk, þar landsdómurinn þingar.  
 Þú kendir þess. — Og mér er enn í minni,

Sem misræð spá, að það var einu sinni:  
 Við gengum þreyttir vestur-bygðir breiðar  
 Og beiddumst skjóls, en gistum úthýsingar.

En þó er kannske þyngsta raunin eina  
 Og þrekvandasta: að standa öðrum hærra  
 Sem fremstur skotspónn fyrri vina sinna  
 Og flugumanna, þessara og hinna!  
 Og mest á dáð og drenglund manns að reyna,  
 Að draga úr höggi, en geta slegið stærra.

Og víst þarf hreysti, að hrökkva ei til baka,  
 Og hógvær lund er djörf, þó við því ógi,  
 Og von að beig-hug blöskri, og af sér víki:  
 Að bera út ljós um þetta myrkraríki!  
 Og vita hverja uglu í augun taka  
 Og æpa að manni, úr svörtum feyskju-skógi.

### III.

Í fastri minning framsækinna og snjallra,  
 Í formanns-heiðri starf og nafn þitt vari!  
 Á alt sem áttum, sundurleitt og saman,  
 Er sæzt og þakkað — alvöruna og gaman!  
 Eg finn til skarðs, við auðu ræðin allra,  
 Sem áttu rúm á sama aldar-fari.

Eg vinum mínum einnar auðnu beiði:  
 Góðs eftirmælis! nem það gleði-feginn —  
 Að kyndlar brynnu á gæfumanna gröfum,

Sem góðvirkt unnu, trúað satt við höfum.  
 Og það mun blika ljós yfir þínu leiði  
 Og lýsa, að hnést' á slóð um sannleiks-veginn.

1918

---

**Jakob Líndal.**

---

Höfum margir lengur lifað,  
 Lúkum þó við smærri daga.  
 Eins, þó verði aldrei skrifað  
 Alt, sem var þín reynslu-saga.  
 Víða stóð þér brend að baki  
 Brú, og líka margur jaki.

Gott af þínu heima hlauttu,  
 Happadrýgri sveina-fjölda,  
 Ungur líkrar æsku nauztu  
 Eins og synir gildra hölda —  
 Bezt er hún af erfða-arði,  
 Aðbúðin í föðugarði.

Kosti fékst' í föruneyti,  
 Færir sýndust ótal vegir.  
 Von er út í lífið leiti  
 Liprir kraftar, orðnir fleygir —  
 Vísar íslenzk vængja-þráin  
 Vesturleiðir, fram í bláinn.



Er sem nornir hverful-happa  
 Höggstað kjósi á gerfileika,  
 Og í flokknum fremstu kappa  
 Fýsi að leika sízt til reika —  
 Því er einatt, vaska vörnin  
 Vegsemdin um unninn björninn.

Hvað er þó að því að finna,  
 Þrasa um snildir heilla-ringar?  
 Ef með rúnum rauna sinna  
 Ritu sögur Íslendingar —  
 Helzt við þær við af því unum,  
 Oftast lesum, gleggvast munum.

Feldir þú ei hug við hreggin.  
 Hafðir lag í tæpri sennu,  
 Eins og Kári, á vona-vegginn  
 Varpa þér, úr hverri brennu —  
 Enn, á meðan ásinn brennur,  
 Upp kemst hann sem léttast rennur.

Verið hefir öllum öldum  
 Æfintýri slyss og nauða,  
 Gulls að leita í gæfuköldum  
 Greipum ísaðs vetrardauða —  
 Sumir frá því náðu naumast  
 Níu sigur-fet að laumast.

Þrotinn Vestmanns-þátt að saka  
 Þarflaust er, með neinu voli —

Fleira en ösku tóma að taka  
 Tóftirnar að Bergþórshvoli —  
 Það er lífsins goldni gróði:  
 Grafir verða að sögu og ljóði.

1918

---

### Dáðamaðurinn.

— W. Laurier. —

Vel, á fremstu vega nöf,  
 Ver 'ann sínar hendur,  
 Hálfur kominn hætt í gröf —  
 Hugurinn upp úr stendur.

1918

---

### Þing-kvöð.

— Þjóðræknisfélagið 1919. —

Gamla landið góðra erfða!  
 Gengið oss úr sýn:  
 Lengur skal ei sitja og syngja  
 Sólarljóð til þín!  
 Nú skal rísa. Hefja hug og  
 Hönd, með ljóð á vör,  
 Þar sem yzt á vestur-vegum  
 Verða barna-för —  
 Verða okkar barna-för!

Ef við sýndum feimni í fasi,  
 Fyrirgefðu það —  
 Kot-börn líta undra-augum  
 Álfhól, fyrst í stað.  
 Oft í bláskóg' fram í fjarlægð  
 Fanst ei vaxin björk.  
 Lindar-hola. í hillung verður  
 Haf, í eyðimörk —  
 Haf í víðri eyðimörk.

Nú skal bera á borð með okkur  
 Bót við numinn auð,  
 Margar aldir ósáð sprottið  
 Íslenzkt lífsins brauð:  
 Alt. sem lyfti lengst á götu,  
 Lýsti út um heim,  
 Nú skal sæma sveitir nýjar  
 Sumargjöfum þeim —  
 Sumargjöfum öllum þeim!

Fyr var rausn. að leggja í læðing  
 Lýði, storð og höf.  
 Nú á sigrum senn að ráða  
 Sátt og vinagjöf!  
 Áður þótti frægð. að falla  
 Fyrir völd og trú.  
 Mest er sæmd sem lengst að lifa  
 Landi sínu nú —  
 Landi sínu gjöfull nú!

Megir þeir, sem mæðra sinna  
 Menning bera hæst,  
 Það eru niðjar þeirra garpa  
 Þá sem hjuggu stærst.  
 Æska! Þú, sem alls-ráð tekur  
 Eftir lítið skeið,  
 Orðstír þinn og æfintýri  
 Átt á þeirri leið —  
 Átt á þeirri frægðar-leið!

Sér í fangi fagra sögu  
 Framtíð lengi ber,  
 Þó að grasið grói yfir  
 Götur okkar hér.  
 Stígðu á þingvöll stórra feðra,  
 Styrkur vex og þor,  
 Undir fótum vorum vita  
 Vera þeirra spor —  
 Vera hróðug þeirra spor!

Tíðum átti í harða-höggi  
 Hugur Íslendings,  
 Æ var honum, sæmdin sinna:  
 Sóknar-leið til þings —  
 Ísland sveipi, í sögulokin,  
 Sínum fána þó  
 — Prýddan eigin aðals-merki —  
 Yfir vora ró —  
 Yfir vora hinztu ró!

---

## Ólafur frá Espihóli.

—  
 “Hníginn er í hadd jarðar  
 Hrólfur stórláti”:  
 Víðsýn vaxnast  
 Vitringis höfuð,  
 Hljótt er að erfi, útlaga  
 Orðmælgilofs.  
 En autt er í öndvegi  
 Alsvinnsmála.

Óslyngt var Ólafi  
 Almennings-fjas,  
 En svanur var hann í sveit  
 Sinna líka.  
 Hverfull úr háreysti  
 Hrópendanna,  
 En spakur á spámansbekk  
 Spekinganna.

Aldrei var hann einmani,  
 Hann átti að félögum  
 Aðalsmenn andans  
 Á öllum tímum —  
 Vera mun vorkunn  
 Þó verða kunni,  
 Fágengt til fjöldans  
 Úr frændhóp þeim.

Makalaust mannvit  
 Fer munaðarlaust.

Öfundar enginn  
 Íþrótt kauplausa.  
 Firrist múgur mök  
 Við mikilhæfi —  
 Ólafs æfi lá  
 Um andhverfi þau.

Öll voru Ólafi  
 Ógeðfeld,  
 Geðlaus gjögt-spor  
 Um gamal-tízku.  
 Allir hann áttu,  
 Að óskaföður  
 Eilífrar æsku  
 Afreksdraumar.

Hann gekk ei héðan  
 Hinum líkur,  
 Með ónumið alt  
 Til efri-bekkja —  
 Hugur hans hljóðlega  
 Hafði klífað  
 Stigann frá stafrófi  
 Til stjörnukerfa.

Mannvit er miklu  
 Megnugra en frægð,  
 Kóng sér kærstan  
 Kýs til langlífis —  
 Vel sé þér, vinur!

Vakan ljóða  
Létt er og ljúf er,  
Yfir líki slíkra.

1919

---

### Torfhildur Holm.

-- Hún hélt því fram við höf., að „stríðið mikla“ myndi reynast guðs-ætlun, mönnunum til góðs. Hún dó úr drepsóttinni, afleiðingu stríðsins. Höf. —

---

Hatur og heimsstríð  
Héltu, að væri  
Sóknir fram til sælu.  
Þau hafa kvatt  
Þig til hvíldar.  
— Trú þín varð ei tálir.

1919

---

### “Rænka litla”.

---

#### I.

Hallir við hlóðum  
Hvort öðru, en sér.  
Þín handa mér mænd,  
Mín ætluð þér.

Borgin, sem bygði  
Barnshöndin þín,

Haggast ei hefir —  
Hrunin er mín.

## II.

Blásalur barns-muna  
Bygging þín var,  
Lýsigull ljóðheima  
Loguðu þar.

Efnuð úr eilífri  
Æsku var þín —  
Hlaðin úr hverfulleiks  
Hrofi var mín.

Bjó eg þér lengra lífs  
Lánsælda gnægð,  
Torfkofa tímanna:  
Tignina og frægð.

## III.

Yfir aldra og eilífðir,  
Álfunnar fjær,  
Yfir brim, og yfir bláinn,  
Barnshöndin nær.

Í harmi og í hamingju  
Hjá mér er þín —  
Við líksöng og legstein þinn  
Lömuð er mín.



## IV.

Óhult um andstætt  
 Æ verður þú:  
 Æfinlegt, óbreytt  
 Yndis-barn nú.

Sæl vertu — svanhvít  
 Sofandi á beð,  
 Innsiglað ennið  
 Ástkossuð með.

1919

---

**Tungu-tak.**

— Ort til Jakobínu Sigurbjörnsdóttur (Johnson). — Hún  
 hefir þýtt vel nokkur íslensk kvæði á ensku. —

—  
 Þeim er ei næmt, sem búa að fuglabjargi,  
 Að bregða upp hlust þó svans rödd líði hjá!  
 Með eyrun full, og fest á múgsins gargi,  
 Þeim finst það dýrst, að langt það muni ná  
 Og þæfa gegnum þokur út um sjá —  
 En þín er kyngi, að koma stafi í róm þann,  
 Sem kvolar ekki af hendingunum ljómann.

Og við, sem höfum átt við það að una,  
 Að eiga vól, en reynast skiftin traud,  
 Og fundist synd, “að sarga á hárgreiðuna”  
 Er sína hörpu tungan okkar bauð,  
 — Þó treystumst við, og þyrftum beina og brauð—

Við unnum þér, að hepnast hreim' að fylla  
Meir' hefta tungu, og ljóðagefna illa.

Um innreið hennar ómabönd þú losar,  
Svo ýl og brestir varla merkist þar.  
Þér tekst, að hengja hörpu Eólosar  
Á hlyninn digra, er flestu rættur var  
En lauf og kvist af limi sínu skar,  
Og láta blæ, í birkihlíða runnum,  
Og báru og fossa, syngja ljóðsins munnum.

1918

---

### Heimfarar-leyfi.

— Til séra Rögnv. Péturssonar. —

I.

Rögnvaldur! Á Fróni fús  
Fjarvist þinni eg eiri —  
Nú þó verði í vinahús  
Vegalengdin meiri —  
Hefðir þinni héðanför  
Heitið nokkuð annað,  
Áttir handviss önnur svör:  
Aftekið og bannað!

Þoku og hafís heiði af sér  
Hafsins breiðu slóðir,  
Allar vastir vaggi þér  
Væran, eins og móðir.

Vakur-skeiður vegleið á  
 Veri þér sérhver hestur —  
 Eg þarf ekki að etja þá,  
 Af því þú ert prestur!

## II.

Ísland, sæztu á sona-rán,  
 Sjá hvað dýpra liggur,  
 Að við betra barna lán  
 Býr þú vestra, en hyggur.  
 Neinn sem barn var borinn frá  
 Brjóstum sárum þínum,  
 Hefir meiri mætur á  
 Móðurarfi sínum.

Hvar sem norræn hugsjón sté,  
 Heima og út í löndum,  
 Þar eru honum heilög vé —  
 Hvörfin út að ströndum  
 Yzt við dimmu dánar-hvels,  
 — Deilin sögu-brota —  
 Þar sem leiftra úr húmblá Hels  
 Hauga-eldar Gota.

Vestan-fóstra á veg hans ber  
 Vitni, að efstu fundum:  
 "Töku-börn í basli mér  
 Bezt hafa reynt á stundum."  
 Fann hún það, sú umfedm önd  
 Ylinn mesta gefur,

Sem að lengstri hugar-hönd  
Heim og tíma vefur.

## III.

Leizt þú hvarfa-kveðjurnar  
Hvítra vinahóta:  
Dúfu-vængir velfarar  
Vilja á eftir þjóta?  
Blaðið er tákn, sem traf í hönd:  
Trygga ferð og góða!  
Blaktir á veg af vestur strönd  
Veifan smárra ljóða.

1919

---

**Kveðið eftir kunningja.**


---

Hann hefir hinn veg  
Hörfað í sjónhvörf,  
En verður af jörð  
Ókvæmt, né brottflæmt.  
Forveri um framspor  
Fullvaxtaðs manngulls,  
Farsælli fólks heill,  
Fríðari lífstíð.

Alt sitt — en ókvatt  
Aðlærðri trúmærð —  
Guðsríki í geðs bók  
Gekk með og fékk séð.

Var honum heims hver  
 Hugverðug góðgerð,  
 Sólbrautin sæl-ljúf  
 Snildar og mildi.

Heldur en hagsæld,  
 Huglétti um sann-rétt  
 Æ kaus hann ógnlaus,  
 Einstæði og vinfæð.  
 Þraut-reynslu þrekbót  
 Þroskaði horskan,  
 Björgun og borgun —  
 Bjart var í hjarta.

Hvar sem að hann var  
 Honum var ljóss von,  
 Auðn fríð og yrkt hlíð  
 Óður og söngljóð.  
 Dag lét sér duga,  
 Dorgaði ei morguns  
 Blindhyl, að botnleynd  
 Blíðu né kvíða.

Lánsbyr hans líf var  
 Lundgefnrar stefnu,  
 Öll vörust elli,  
 Andar og handar.  
 “Heiðinginn” héðan,  
 Helrór, hann vel fór,

Stigin öll stígin  
Staflaust til grafar.

1919

### Fimtugs-afmæli

Jónasar læknis Kristjánssonar á Sauðárkrók.

Í stuttu máli heilsar hér,  
Með hjörtum lands og tungum,  
Íð fyrst ár um fimtugt, þér  
Í fullum þroska og ungum!  
Og glaðra vona vættur rís,  
Og viljug hönd þér gefur,  
Því sérhver vegleg vöggu-dís  
Eins vaxið með þér hefur.

Hér verður ekki talan teygð  
Um tugu-ára brautir  
Í þinni list: að forða feigð  
Og friða sjúkra þrautir,  
Því slíkt er frægt — En findu, að  
Samt flokkur okkar þekkir,  
Hvar Dauða er ver um voða, en það,  
Og veit sér þyngri hnekkir.

En það er æsku-hugur heill  
Og heilbrigðs þroska auður,  
Því tannfé Hels er vilji veill  
Og vílmóðs-andinn snauður.

En þú varðst okkur höfuð-her  
 Að hverju glöðu miði,  
 Svo æsku þinni unnum vér,  
 Þú ungra fyrirliði.

Þó ekkert gangi gneista-flug  
 Af glysmálssnauðum ljóðum,  
 Er stuðull hver úr heilum hug  
 Og hjartans óskum góðum.  
 Og þótt svo farið söngnum sé,  
 Þær saman verði ei taldar,  
 Þá seiði hann að þér fremd og fé  
 Og fjör til heillar aldar.

Ein beinagrind með brýnda sigð,  
 Sem blíndi úr skugga á þig,  
 Sér stakk í gröf, í garðinn stygð,  
 Og gusar moldum á sig.  
 Og sízt er feikn, hún fyndi það,  
 Að fátt um þig sig varðar,  
 Sem morgunsól nú átt hér að,  
 Og æsku Skagafjarðar.

1919

---

### Barnasöngur til síra Kjartans Helgasonar.

---

Fyrst hljórnarnir lengra en höndurnar ná,  
 Og hugvildir leiða þig götuna á

Og fylgja þér, Kjartan, á hvörfin þín löng:  
Við kveðjum þig, bróðir, með íslenskum söng.

Þú ættgöfga trygð hefir teygt út í lönd  
Frá tungurót mæðra og barnsræktar hönd,  
Og glætt okkar vonir, um vorgróðans þrótt,  
Að vaka með okkur um Jónsmessu-nótt.

Við sitjum hér eftir, en ætlum að ná  
Til áttthagans með þér, á vonum og þrá.  
Og andvörp og brosin frá börnunum þeim,  
Við bindum þau öll undir vænginn þinn heim.

1920

---

### Björn Halldórsson.

---

Veturinn hafði vænst, að fá hann,  
Vakinn beið að ráðast á hann  
Ellihrumann, uppgefinn —  
Vorið réði, og rúmstokkinn  
Móti heli og honum varði.  
“Vík þú!” kvað hún, “enn eg á hann.  
Aldrei, Vetur, skaltu fá hann!  
Bý um mög í mínum garði.  
Hann var þér ei handgenginn  
Heimamaður þinn.  
Hann skal falla í faðminn minn.”



Þetta varð, og vorið hlaut hann,  
 Vöggubarn sitt lífs og dáinn.  
 Hennar fyrstu laufum laut hann,  
 Lyndis-sköpum hennar náinn.

Hugumstór við bót og бага,  
 Björn var alla sína daga  
 Ein af sálum sunnan-storma,  
 Sem að ís frá landi vaka,  
 Þegar fjarða-djúpin dorma  
 Dauða-svæfð í Grænlands klaka.  
 Fardaganna fyrirmaður,  
 Frjáls í hug og landnáms-glaður.

Sífelt mun hans Íslands andi  
 Undan fara sumri í landi,  
 Þeymikill og þrekvaxinn —  
 Þegar af vorhug þrútnar hlynur,  
 Þýtur foss og hlákan dynur,  
 Kenni eg rausn og róminn þinn  
 Úti í glaumnum, gamli vinur.

1920

---

Til S. G. Thorarensens.

---

Dísin lífs og ljóða,  
 Lyfti töfra-sprota  
 Vorsins gróður-góða,  
 Gæði þig söng til þrota.  
 Laufgi þér aldið enni,

Yngi þér barkann ráman,  
 Skerpi þér sjón til svara —  
 Útí yzta blómann  
 Ungan láti þig fara.

1921

---

### Erindisleysa.

— Til Einars Grandy. —

I.

Eg kem til þín, Einar, inn,  
 Ekkert til að gera.  
 Bara gestur þarflaus þinn  
 Þessa stund að vera.

Hér skal ekki í húsi spurt:  
 Hvað sé margur gestur.  
 Veit eg, sú er svifin burt,  
 Sem þér reyndist beztur.

Þeim sem gesta-gleði hér  
 Gerðust, hvar í álfum  
 Sem þeir ganga, gott það er,  
 Gestur að vera sjálfum.

Hún fær trega og tjón sitt létt  
 Trygðinni eftir stöddu  
 Vissan sú: Þeir rati rétt,  
 Rökrinu í sem kvöddu.

## II.

Bjartast hjá þér inni er  
 Enn af gengnum vini —  
 Tek mér svo í sal hjá þér  
 Sess, í aftanskini.

Þegar kveldsól hnígur hlý,  
 Heið að sævar-ósum  
 Dagsins sorta — sérhvert ský  
 Signir hún undraljósum.

Og ef dagsbrún utar þar  
 Undir kveldsól leynist:  
 Fram til aftur-eldingar  
 Aftanroðinn treinist.

1921

---

 Goðorðsmaðurinn.

## I.

Vala að veizlu,  
 Vilja hans gagnstætt,  
 Noreg úr til Íslands  
 Ingimundi spáði.  
 Hlutur og hugur  
 Hurfu 'onum þangað —  
 Upp úr auðn, að byggja,  
 Aftur hann þeim náði.

## II.

Úr óbygð reis heimili að Hofi,  
 Og hafin var Vatnsdælasaga,  
 Á endurfund Ingimunds bygð  
 Örlaga-gullsins, sem hvarf.

Í hornsteinsins hólfs fyrirrofi  
 Lá heillaspá komandi daga,  
 Öðlingnum alda-frægð trygð  
 Orðstírs, um nafn sitt og starf,

Og vinfengi vorgróður-Freys,  
 Sem vakir með sólþrá um nætur,  
 Gerðar er glóbjarta hönd  
 Geislar frá Jötunheim nyrzt,

Dýrleg unz döggunin reis,  
 Svo döggin af fögnuði grætur.  
 Laufþrugin, gróandi lönd  
 Lifandi sól hefir kyst.

## III.

Mánabjört miðsvetrar kvöld  
 Úr myrkviði framskygnra drauma  
 Gekk þér ei Vala í veg,

Spáandi fyrir þér fjöld  
 Um forlaga órunna strauma,  
 Kollgátna kvíðvænileg?

Hefir ei, holtunum í,  
Þó hoppað á leið þinni frammi  
Hlutur sá kær, sem þér hvarf,

Beðið og bent þér á ný  
Á bólstað í skjólsælu-hvammi:  
Tungan með æskunnar arf?

Leið þín varð léttfær og góð  
Og landnámu fegursta saga,  
Óðalsmanns unaðar-för:

Þegar hver lækur varð ljóð.  
Leikvöllur, áning í haga,  
Broskveðja, bergmálsins svör.

1921

---

### Á kápublað.

---

Þegar bleik er æfin öll,  
Elli-smeyk og fámenn,  
Skjóztu á kreik um vísna völl,  
Víktu í leik, með K— N—.

1921

## Til Hjartar Þórðarsonar raf-fræðings.

— Hann sendi höf. oft bækur að gjöf, dýrar og fáséðar. —

Frá þér ótal “andleg brauð”  
 Á eg nú milli handa —  
 Ryði og möl, þeim eina auð,  
 Ávinst sízt að granda.

1921

## Jóns Sigurðssonar varðinn vestra.

— Tíu árum síðar. —

Flyt velkominn hingað! Sé hróðugt um slíka!  
 Hér hittir þú svipi þér minningar-líka:  
 Þá Lincoln og Washington — Fólkið á Fróni  
 Úr flokkunum þekkir þá báða, af Jóni!

Því á við þá kunnirðu að fylkja og fórna,  
 Þó færrum og ragari hefðir að stjórna.  
 Við metum, sá foringi framkepnast stígi,  
 Sem fámenstur tekur hin harðsóttu vígi.

Vort íslenzka mann-gull er eins dýrt og hinna  
 Og ósvikið líka! Þar kostar sízt minna,  
 Frá almennings réttindum “aldrei að víkja”,  
 Gegn andstæði þeirra, sem sníkja og ríkja.

Og kominn, þú nemur oss nýlendur fríðar,  
 Því nú seilast íslenzku hugirnir víðar’

Og langt út um veröld — með vonirnar þínar,  
Um vaxandi dáðir, um minningar sínar.

Ver hvöt vor: í athöfn og orði að festa,  
Að Íslendingsréttur sé jafnhár þess bezta,  
Að honum sé vanzi, að lúta þeim lögum,  
Sem ljóður er talinn á sjálfráðra högum.

Og íslenzkur metnaðar-vættur oss vertu,  
Og vörður og ljós okkar þjóðerni sértu,  
Og gervöllum heiminum dugur og dæmi,  
Um drenglund og mannskap, sem stórmönnum  
sæmi.

Og auk þú við leið okkar, landnám' þeim ungu,  
Í listum, í göfgi, í íslenzkri tungu!  
Og skært milli styttanna streymi sá logi,  
Og stafi yfir hafið sem þjóð-sigurbogi.

1921

---

### Þagnarmerki.

— Flutt sem hlé í hljótleik Sv. Sveinbjörnssonar. —

---

#### Fyrirvaki:

Haustar að, og æskuhljóð á förum!  
Aldnir svanir hverfa brátt að fjörum.

Þá lyftist brún, er lóan kom á bala  
Úr langri dvöl. Í erindunum þeim,  
Að syngja vorið upp til Íslands dala --

Því úti fjarri veðursælda, heim  
 Á tungu sína, 'ún hafði tínt upp hljóma,  
 Sem heilla fegurð allra sumarblóma.

Og volki gleymdi vængjafættur smalinn,  
 Um villihraun og fjalladrögin löng,  
 Er myrkgrænt húmið hulu-slæddi dalinn,  
 En heiðin glóði í morgunroða og söng —  
 Þó setti hroll að söngva-veðurvörum,  
 Af vetrarkuli, er lóan sást á förum.

Og upp úr mónum hrukku hálfnuð kvökin,  
 Sem heimankveðja, sögð við gestadyr,  
 Og síðan snöggva-viðbragðs vængjatökin  
 Í víðan blá, en nokkru lægra en fyr,  
 Sem stefndu í útleigð ómar sumar-léttir.  
 En alt í kring lá heiða-þögnin ettir.

Að huga settist fáleikurinn forni,  
 Sem fylgir því, að blíðustundin þver,  
 Sem glúpin drúpir harpa út í horni  
 Í húsi auðu, er söngmaðurinn fer.  
 Unz hugrenning sú heiðir ský af anda:  
 Að hvarfið brott sé flug til hlýrri landa.

---

. **Matthías Jochumsson.**

---

Síðasti söngfugl,  
 Sumars ins fyrra,  
 Horfinn er úr högum.



Þjóð hans mun þykja  
 Þögn hans vera  
 Stærst af stórtíðindum

1921

---

Til Poestion's.

Sýnt frá Suami  
 Suð'rum Hellas  
 Hefir þú lífsins lönd,  
 Vígt í verðskuld  
 — Valdi orðsins —  
 Ljóðfræg bróður-bönd.

Hróður-huga,  
 Huldu Íslands  
 Lagðir mál í munn,  
 Óð og afrek  
 Einstæðingsins  
 Gerðir göfug-kunn!

Þér og þeim sé  
 Þökk! — sem yfir  
 Kolbrand elds og eims:  
 Yrkja á alda-  
 Iðavelli:  
 Helga Ritning heims!

1921

### Vigfús Halldórsson.

Huga til hafsins svo heitt feldir þú —  
 Víðir samt varð þér ei varanlegt bú —  
 Ósklausri æfi er ágætar' þó,  
 Þurlendis þreyja við þrá út á sjó.

Ást þín til Ægis var alls eigi kyn,  
 Sorg ykkar sveipaði samskonar skin.  
 Hlýlega hjúpar 'ann harmadjúp sitt  
 Blíðviðris brosi, eins björtu og var þitt.

Oft gerðust aðrir, af ofurkapps trú,  
 Hrapst út í háskann til hvatari en þú —  
 Fæstir þeir finnast, ef fleyi berst á,  
 Strengdir við stýrið í strand-reki af sjá!

Hnígið í hrannir svo hefðir með ró,  
 Hinzta stríð hefðir þú háð út'á sjó —  
 Sama með sinnið, á síðustu höf  
 Lagðirðu, á landi, til lægis í gröf!

Útfarinn óskar, og á festir trú:  
 Hugarins húfi að halda sem þú —  
 Ver þú sæll, vinur! Eg veifa að þér hönd  
 Sam-mæla söngs míns, frá sólarlags-strönd.

“Nýall”.

---

Ráðinna raka rimum studdan, reistir þú stigann  
til stjarna. Viti, er sér vonar veg-gengt  
þangað, beinir þú styrkustu stöfum.

Voldugar, viðsjálar véfréttir gamlar, drotna í  
musterum manna. Örlög sín inna, aðspyrj-  
endum, tvíræðum æfintýrum.

Hlægir mig, Helgi: himinbrú þín, er lögð yfir  
sterkari stólpa. Vit sem vogar sér, vandför  
þangað, þinnar leiðar mun leita.

Hugsýnir háar heilla af tungu, fegurri orð en áð-  
ur — Hlægir mig, Helgi, að Hávamál ið  
stærri, er orkt af Íslendingi!

— Veit eg, að vettugi virða myndir, fávíss fagur-  
gala — En þigðu þakkir, þess er vel naut!  
Þó vant sé þinnar vissu.

1922

---

**Bergmál.**

---

I.

Þann er “Svít Hóm” sendi  
Sínu landi, að gjöf,  
Lét það Tyrkjann í Tunis

Tyrfa í gröf —  
 Iðrun bar heim uppgrafning,  
 Utan fyrir höf.

Eftirsjá yngri  
 Upp tók það ráð  
 Að hlaða upp hans beð  
 Er hafði svo spáð.

## II.

“Þó alt gengi að óskum  
 Í erlendum bæ,  
 Er hreysið manns heima  
 Samt hjartfólgnast æ.  
 Þó þrætt sé af þjóðleið  
 Til þaks undir snæ.”

Það söngálfar sungu,  
 Er Sveinbjörn tók land,  
 Í bergmáli er búa  
 Og brimhreim við sand —  
 Sem höfn fagnar hafjó,  
 Er hleypt þótti í strand.

## III.

“Og sæll kom þú, Sveinbjörn,  
 Á söngradða bekki!  
 Við léð gætum leiðið þitt  
 En lögin þín ekki.”

“Og sæll kom þú, Sveinbjörn,  
Að Sæmornar-stein!  
Með listahljóms leiftrin  
Um lifandi bein.”

“Þó alt gangi að óskum  
Í erlendum bæ,  
Er hreysið manns heima  
Samt hjartfólgast æ —  
Þó þrætt sé af þjóðleið  
Til þaks undir snæ.”

1922





# IV.

## GRAFGÖTUR

---

### Hvatamál.

---

Herð þig, sveinn, og hræðst ei neinn!  
Hrjóti fleinn og kastist steinn,  
Stríddu einn og stattu beinn,  
Sterkur og hreinn — þó verðir seinn.

1913

---

### 1 áning.

---

Samleiðis fórum við urðir og engin,  
En áðum í hóp yfir nætur —  
Margur er drengur úr göngunni genginn,  
Og getur ei komist á fætur.

Þögulan dag átti leiðfarinn lúti,  
Og lítið var sungið og talað.  
En þegar við settumst við eldana úti  
í aftanrökkri, var hjalað.

Hver fór með efnið sitt upphátt, og kvað sér —  
Þó áhlýðinn sæti og þegði,  
Komin var röðin á endanum að mér,  
Og eitthvað skylt að eg segði.

Sít eg hér enn, fram á síðasta slaginn,  
Unz svefninn þaggar mig niður.  
Kveð um það, sem að drifur á daginn,  
Og draumana mína, við yður.

1911





### Beint af augum.

---

Þó að Kára þyki eg  
Þróttar-smár að ferja:  
Mínum árum mæli ei veg  
Millum báru og skerja.

1908

---

### Líf og dauði.

---

Alt líf verður gengt, meðan hugur og hönd  
Og hjarta er fært til að vinna.  
Og gröfin er ljúf fyrir geiglausu önd,  
Og gott er að deyja til sinna.

1909

---

### Líkmaður.

---

Fullorðnum er ætluð ein  
Ömurleika vinna:  
Að bera í kumblið kulnuð bein  
Kunningjanna sinna.

1910

---

### Heimsfriðar-félagið.

—  
 Þó það taki ei stóran stökk,  
 Að stöðva víga-þorstann:  
 Hafið mína hjartans þökk,  
 Að hjálpið að lægja rostann.

1910

---

### Fossa-föll.

—  
 I.

Eg flý til þín, er sumar-söngvar falla  
 Af sólskinsleysi, iðjuvarmi foss.  
 Er upp' um daprar dauða-göngur fjalla  
 Alt drauma-líf er hnigið með sinn kross  
 Þú hvessir raust, er inni-sætur æja  
 Með önnungs vol, og dægrið norpa hljóð.  
 Af hlíðar-brúnum, heim í fylgsnin bæja,  
 Um heiða-þagnir titrar þú í óð.

Eg veit þig einan allan verða að ljóðum,  
 Þá alt er frost og dimmu-lengst er nótt,  
 Þá snýstu í söng, og ei með hálfum hljóðum  
 Og hásri trumbu — en veðrið í þig sótt!  
 Við hengiflugin hlærðu milli landa,  
 Og hljómar leika í vökum sérhvers spors.  
 Og undir hindrun ætlar þó að standa  
 Og ísinn kljúfa fram til næsta vors.

Þó hamra-skuggar höndum um þig spennu,  
 Úr hrika-bergi stuðla-föll þú slær,  
 Með mánagullið gustað fram á enni  
 Og geiminn stjarna á floti þér við tær.  
 En hvílíkt veldi! vöku uppi að halda  
 Í varmaleysu og allra-hliða þröng.  
 Í myrkra-djúpi, og undir ísinn kalda  
 Og endalaus, að hrynja í sterkum söng.

## II.

Úr öllum þínum söng er glötuð sálin,  
 Þó segi eg, foss minn, kvæðið eftir þig.  
 Já, þó að inn að hjarta huliðs-málin  
 Í hljómunum þínum titri gegnum mig.

## III.

“Er dráps-hríð mönnum ægði, jafnvel inni,  
 Hún æpti að þeim um veður-grimma nótt:  
 Þið skylduð breyta bylja-ilsku minni  
 Í bata-leið, sem hverjum stórum þrótt’.  
 Og hvaturlugur vegu ætti að vita  
 Að veður-gerð, í bæ við fjall og ós,  
 Sem sneri minni helju upp í hita  
 Og hríða-mykurs nauð í glaða ljós!”

“Við alda-söng þann æsti ’ún höf og sundin  
 Og æddi um sveit og vann þar skaða sinn.  
 — En eg er foss, við fjalla-stallinn bundinn,  
 Og fel í straum-legg hita-neistann minn.  
 Eg missa þarf ei mína fornu þrýði

Í megingerð, né röst mín verða lygn,  
 Því listin kann að draga upp dverga-smíði  
 Sem dyratré að minni frjálsu tign.”

“Eg hef’ ei neitt á höndum, þó eg geysi,  
 Og hindrun engin verði mér að bið —  
 En dauði og eyðing eru kraftaleysi,  
 En afl er það, sem heldur lífi við.  
 Og eg er inni í hömrum, hjarta fjallsins.  
 Við hjarnið dauft, sem eitt um lífið slóst,  
 Og leitt eg gæti heilsu í hvamma dalsins,  
 Og hita-gróður um þess kalda brjóst.”

“En magnið mitt, en iðjuleysið ekki,  
 Til illra heilla gæti sljófa leitt.  
 Eg kann að smíða harða þræla-hlekki  
 Á heilan lýð, ef mér er til þess beitt.  
 Eg orðið gæti löstur mesti í landi  
 Og lækkun þjóðar — öðrum þannig fer —  
 Sé gamla Þóris gulli tryltur andi,  
 Sem gekk í fossinn, vakinn upp í mér.”

“Mig langar hins, eins lengi og fjallið stendur,  
 Að lyfta byrði, er þúsund gætu ei reist,  
 Og hvíla allar oftaks lúnar hendur  
 Á örmum mér, er fá ei særst né þreyzt.  
 Og veltu mína vefa láta og spinna,  
 Minn vatna-aga lýja skíran málm,  
 Og sveita-Huldum silki-möttul vinna  
 Og Sindrum hafsins gulli roðinn hjálm.”

“Með silfur-úðans sólskins-augna fjölda  
 Eg sá, úr dalshlíð, margra alda ferð,  
 Um héröð morgna, og kynslóðunum kvölda,  
 Og komu-tíða sjáandinn eg verð!  
 Hér býð eg öllum Íslands heilla-vættum  
 Mín öfl og fegurð, mannheims-aldra löng.  
 Og verða skyldi eg auðna fram í ættum  
 Og inna af höndum bjargir, við minn söng.”

## IV.

Úr öllum þínum söng er glötuð sálin,  
 Þó segi eg, foss minn, kvæðið eftir þig.  
 Já, þó að inn að hjarta huliðsmálin  
 Í hljómunum þínum titri gegnum mig.

1910

---

 Markvörðurinn.
 

---

## I.

Hann gekk með lund svo liðstyrks-gjarna,  
 Á leikvöll sinna héraðs-barna,  
 Og hafði með sinn mælikvarða,  
 Sem markið átti að sýna og varða.  
 Hann bar í muna miðið hæsta,  
 En meinaðist við því lægra, en næsta.  
 Hann sá til bragð, með sigri að glíma,  
 En synjaði um allan vaxtar-tíma.

## II.

Og æskan var af honum hreykin,  
 Í hönd hans greip: Æ, skakka leikinn!  
 Að vísu bagar unga-aldur  
 Oss æskulýð — og hark og skvaldur  
 Mun einatt verða í viðleitninni,  
 Svo vafsturs-meira íþróttinni.  
 En hvektu ei þann, sem kröftum safnar,  
 Þó kvaðir 'ans sé ei þínum jafnar.  
 Þeir gleggstu af þinni leikni læra  
 Og lága markið ofar færa —  
 Og hvað sem þér er vettug-virði,  
 Ei verða lát að fyrirgirði  
 Á meðkend þess: að þetta skemsta,  
 Sem þér finst, sé vort getu-fremsta!

## III.

Hann gegndi svo: “Eg gengi af viti  
 Við gabbið það, að deila um liti!  
 Þið stafið kross á stöng og serki  
 Og stingið upp sem leiksviðs merki,  
 Og stælið um við stolta kauða,  
 Að stafa þá bláa eða rauða!  
 Á fíflaleika fanta og glópa  
 Eg fyrirleitning mína hrópa!”

## IV.

Þér skjátlar! mæltu mannaefni.  
 Það merki, er drögum við í stefni,  
 Að vísu er brella barnavitsins —  
 Við berjumst ei um vegna litsins!

En til að ganta gassa-snáða,  
 Sem gullum okkar vilja ráða.  
 Þá drembni, sem í lagi og liti  
 Vill lækka oss sinni tign og viti —  
 Svo nema vaxnir hnoss að hreppa:  
 Um hégómann í æsku að keppa!  
 Sízt þarftu veilu að hásemd hæla,  
 Né hrokann upp í gorti mæla.  
 En láðu ei svo, það sem er verra  
 Í svip, þig fari að nefna herra!  
 Þó sjáir hámarks-hitni skeika,  
 Þá hlífðu þeim, sem framar leika!  
 Og okkar rýrð ei ryddu í hina,  
 Sem réttlæting, um hrak-leiknina!

## V.

Hann krækti að sér kápu sinni  
 Og kvaddi í fússi. Leik-gleðinni  
 Við hvarf hans fanst sem auðnar-ama  
 Hann eftir skildi. En hélt við sama.

## VI.

Hann ríkti — allra víta vörður —  
 Á veldis-stól, sem hár var gjörður.  
 Hann vissi, að sálða, sýja, vega  
 Svo sannleiks-rétt — en ómaklega.  
 Unz rangúð beisk með brjósti svölu,  
 Hann bókað nærri vina-tölu.  
 Hann virti hlíð af vorgræðingi,  
 Á vaxtar-smæð á einstaklingi.

Öll framgangs-vitund huldist honum  
Af hæð á stórum ofætlonum.

## VII.

Og einn og sér hann sat að kveldi  
Hjá sögum þuldu eigin feldi,  
Með hjarta-kalsins eymsli, inni  
Í umbúðum af hátign sinni —  
Hann stundi þungt: “Mér varð til víta,  
Þá viðburði að fyrirlíta,  
Sem miðuðu átt á mínum vegi,  
Þó markinu hæsta næðu eigi —  
Því hitt var sér, á heimsku-þingum,  
Að “húrra” fyrir tæp-vinningum.  
En fólkska var að fyrirmuna  
Þeim fákeypingi guðskistuna!

1910

---

## Hátta-lyklar.

---

### Fróða-lög.

“Vers þín eiga öll að hanga á átta rótum,  
Eða standa á fjórum fótum!”

### Náttáru-lög.

Þegar söngsins andar allir  
Íslenzkunnar beita rómum ---  
Hvellra orða undra-hallir  
Óma og titra, leiknar hljómunum ---



Lát að vild, í undir-öldum  
 Orða-sjógang máls þíns hljóma,  
 — Bólginn utan-vinda völdum —  
 Voga-braml og djúpsins róma.

1910

---

### Vorharðindi.

---

Hér léttir til — En skyldi vera að vora  
 Um vist og óðul, kulsælust og nyrzt?  
 Og kvikna í dölum dílar grænna spora  
 Um dögguð tún, þar geislinn stöðvast fyrst?  
 Og skyldu unglauf upplitsdjarfleg þora  
 Að yfirgnæfa tyrfinn feyskju-kvist?

Hvort helzt hún ennþá, þessi beggja-blenzka:  
 Hvort beinar leiðir styttri ei sömu færð?  
 Og rénar hún ei, þessi þoku-lenzka:  
 Að þekkja ei sundur verðungu og mærd,  
 Ef spókast fagur-fituð lítilmenska,  
 Með frauð í sinna glæsi-leggja stærð?

Hvort réttist eigi söngvíst sumar-ljóðið  
 Úr sultar-keng ins vetrarlanga húnis?  
 Já, manni sveið oft vergangs hlökku-hljóðið,  
 Með hleif í knjám á seti yzta rúms,  
 Hver spá: að nú sé þykkra þrælablóðið,  
 En Þveræinga á stöðvum Víga-Glúms!

1910

## Danaveldi.

## I.

Reið eg yfir Danaveldi, eina ögurstund —  
 Eg ól í lund:  
 Drypi þar smjör af stráum og siglur glæstu sund,  
 Svo dátt var mér um Danaveldi kveðið.

Reið eg þar um niðurníðslu, rokusand og barð,  
 Um rýrð og skarð,  
 Fallnar undan bæjastoðir, færðan inn hvern garð,  
 Og reittar voru rústir Danaveldis.

Reið eg út í Danaveldi, fram um garð og grund,  
 Á góðra fund.  
 Sagt var mér því boði réði hollfús lagsmanns lund,  
 Þar væru allar veizlur flærðarlausar.

Leit eg yfir bæjarbraginn, götu, hallargólf,  
 Um gætt og hólf.  
 Vilhjálmur, inn danski snápur, hljóp þar um með  
 Hrólf,  
 Og státaði í stolnum æfintýrum.

## II.

“Eg er orðinn utangötu, áttin mér ei skilst,  
 Alt ávænt dylst —  
 Heimurinn er mesta gímald, eg hefi vega-vilst!”  
 Eg setti í stef, og söng það fyrir munn.

Nefndi til þess næstu votta, Norðurlöndin hálf  
Og norn og álf:

“Víst er þetta ei konungsdóttir Knytlinganna sjálf!  
Því dýrðlegra mun Danaveldi en þetta.”

Steinhljóð voru álfholt öll. Í jökul-jaka sal  
Í éljadal,

Stílaði kona, göfug-spakleg, gulli skrifað skjal  
Við kerta-ljós í krónum eldfjallanna.

Vættur súa var Saga gamla. Sneri eg þangað reið,  
Um sólhvarfs leið —

Stjörnuþlómgúð skýjalaufin héngu á Mímismeid  
Þó dag-setji, er dyrabjart til Sögu.

Horfs úr skut, á hlaupnum tíðum, hefir Saga  
Hér stóð skráð, gáð —  
Þéttritað um þvera síðu, þetta Urðar ráð:  
Að holtum urðu hækjur Danaveldis.

Eydönsk stjórn var ódugnaður. Eitt það sem hún  
Var: útsugan. kann,  
Hún hefir aldrei fitað fyrst, en fleytt af hvað sem  
rann.

Úr seljum öllum sumar-nytjar kroppað.

Aðrir hafa oft, í sínu umsjár skjóli stætt,  
Margt útland bætt —

Þannig sverja þegnar sig í þjóðmenningar ætt,  
Að liðsmenn gátu léð í annars önnum.

Úr þeim toga undu ríkin útheldnustu bönd  
Um auka-lönd.

Góð-þjóð hittir mæta-manns síns minni, á hverri  
strönd.

En rúmt er hér um Rasmus danska — og Jörgen!

Alla tíð varð útlimunum eydanskt fatasnið  
Of aðskorið.

Rýrnuðu þeir í roðinu, það ríkið toldu ei við,  
Sem merkti öfundsmönnum höggstað á sig.

Er af saumum sorfið gull og svift af Strút-Harald'  
Í svíra-gjald.

Farið er nú forgörðum hans fingra-linga vald,  
Og fæstir harma félags-rofin við hann.

Situr í skefjum skjaldmey dönsk, við skurðar-  
Tveim skessum hjá. gálga slá,  
Réttir hún gegnum grindurnar þeim gómana sína  
smá',

Að bíta í, hvort batni sláturreldið.

Kysi þó ei kímnismanna kaldrifjuðust lund  
Þann kvæða fund:

Nöguð bein að lægju dreifð um sand við Eyrar-  
sund,

Og Danaveldi Danmörk sjálfa eyddi.

## Handritað á "Andvökur".

## I. A elntök kostnaðarmanna.

Eg játa beint, að þér í þínu sæti  
 Eg þrengra gerði en Arinbjarnar raun:  
 Því konungsreiði ort eg að mér gæti,  
 En aldrei kvæði eg Blóðöx: Höfuðlausn.

Og hefðir þú ei hrakið svölu úr vígi,  
 Sem hávær glapti kvæðin seinvirkings:  
 Eg hefði sjálfur sökt þeim — kannske í dýi —  
 Ei sótt um styrk að reiða slíkt til þings.

## II. Til Jóns Ólafssonar.

Gömul ljóð og gamlar þakkir sendi  
 Gömlum vin, með minnu fornu hendi —  
 "Vín"-föng þessi voru aldrei dýr,  
 Vanhölduð, þó "belgurinn" sé nýr.

## III. Til Þorst. Erlingssonar.

Aldrei fölnar þokki á þinni  
 "Þyrni"-rós af "ótíð" minni.  
 Yndi vorsins á 'enni bláanar  
 Alténd, hvað sem frýs og hláanar.

## IV. Til Guðmundar Friðjónssonar.

Þannig farast þakkir mér,  
 Þunghendum og lötum.  
 Syndirnar mínar sendi eg þér!  
 Sæmdar nýjum fötum.

Veit eg, að þú ekki spyr,  
 Á þeim hvernig standi —  
 Þær hafa, ver til fara, fyr  
 Fengið rúm á Sandi.

**V. Til Kristlans Stefánssonar og J. M. Bjarnasonar.**

Við höfum vestan-hafs  
 Veizlu-bekkin  
 Lengi saman setið —  
 Senn mun nú sungið  
 Síðasta minnið,  
 Ljósinn slökt og lokað.

**VI. Til Þorst. Þ. Þorsteinssonar og Gutt. J. Guttormssonar.**

Eg sendi þér skjóðu af vítum til að varast;  
 Með velvild og ósk um, þér megi betur farast!

**VII. Til Sig. Júl. Jóhannessonar læknis.**

Með kvillana mína kem eg nú,  
 Knýttur og farinn hálfur.  
 Andvökurnar þekkir þú,  
 Þú ert læknir sjálfur!

**VIII. Til "Þorgils gjallanda" Sc. Jóns Stefánssonar.**

(J. S. ritaði einna fyrstur manna um höf. í blaðið Bjarka.)

Þó nú sé orðin löng til lands  
 Leið, til "Bjarka" að hyggja,  
 Viltu samt ei, vegna hans,  
 Vökur mínar þiggja?

## IX. TIL "K. N." Se. Kristjáns Níelsar Jónssonar.

Viltu, K. N., veita mér  
 Vinargisting inni?  
 Seztum að, að sýna þér  
 Sjóstakk minn úr skinni.

1911

## Kulda-kveðjan.

"Það verður landslán, sá liðléttingur fari,"  
 Þeir lögðu það til, er héldu engin bönd  
 Af feðrastorð hann flytti í önnur lönd —  
 Hann heyrði, hann brosti, fanst beiskja tóm í  
svári —

Eg býst ekki við hann grunað hafi þá,  
 Að harmur var það, sem í hrópinu lá,  
 Og vonbrigða-ást, sem vildi hann kyrran,  
 Og vita hann þó hjá sér og útlegðum fyrr' 'ann.

1911

## Hafin yfir goð og ginnunga-göp.

Upphaf sér og enda mun  
 Engan hafa tilveran.  
 Hún er eilíf umsköpun  
 Og al-sjálfstæða lög-gæzlan.

1911

### Flóttá-sigurinn.

---

Aldrei skulu svona málslok mæld  
 Miklu hrósi, eða stórum ótta.  
 Það er ugg-væn sigursæld,  
 Frá sínu máli að sleppa heill — á flóttá.

1911

---

### Ort við yngri mann.

---

Vittu, eg enga öfund ber,  
 En æski, eg reynist minni þér.  
 Í kistuna mína þá kominn er,  
 Kveddu þeim, svo þeir gleymi mér!

1911

---

### Undanhallið.

---

“Allar falla ár til sjár,”  
 Eins við karlar gjörum.  
 Tímans hjalla, um efri ár,  
 Ofan hallann förum.

Ökum af fjöllum æskunnar,  
 — Eftir mjöll og grjótum —  
 Yfir að völlum útfarar  
 Elli-höllum fótum.

1911



### Lotið að litlu.

---

“Hér kemur alt fyrir eitt!

Svo ekki verður neitt

Úr viðleitni og vilja manns,

Og vonum hans.”

Það segir sárþeygð þrá,

Er síðast má

Við býtin hlotin bera það: sem ætlast hafði á.

— En undirniðri er eins og blandist inn í hug-rödd

“Æ, já — Ó, já!

(lág:

En hæ og hó! Því þó

Að það sé smátt og fátt,

Þú flóktir stundum, fyrir það

Þú fálmaðir svo hátt.”

1911

---

### Fornar ástir.

---

Þú æsku-ást til ljóða,

— Mín auðnu-dísin góða,

Og ætíð söm við sig —

Mér hálfur hugur félli,

Ef hefði ekki þig,

Í einangraðri elli

Að annast mig.

1911

---

## Út í loftið.

—  
 Láttu — veður og vind  
 Við þér taka og henda  
 Í bygð eða á bjarglausan tind —  
 Kvíddu ei hvar munir lenda.  
 Hristu af þér, hjartað mitt,  
 Allan harm þinn í ókunna geima!  
 Alt ólánið þitt  
 Hangir á þér heima.

1911

## Gamall mansöngur við rímnalok.

—  
 Hvorki var eg kreima sönn  
 Né kempu maki.  
 Féll þó létt, að eiga önn  
 Með alt í taki.

Fyr var kátt, er kvæðið beið  
 Að kljást í hætti,  
 Ef að tún og engi um leið  
 Rak eftir slætti.

Dagur festi ei svefn í sveit,  
 Né söngva-gnóttin.  
 Döggvuð leitin, ljárin beiti,  
 Og ljóðbjört nóttin.

Lék við hreim og ljóðföll ný  
 Minn ljárinn skammur.  
 Opnaðist heimum hugans í  
 Hver huldu-hvammur.

Oss varð ljóðið mannsöngs margt,  
 Og mækja-glymur,  
 Ásamegin, þreki þarft —  
 Sem Þórs í Vimur.

Stoltur lagði eg, hringa-Hlín,  
 Minn hug að sýna:  
 Kaupið mitt og kvæðin mín  
 Í kjöltu þína.

Eins og skip minn óður fer,  
 Sem enginn stýrir.  
 Hugur fljóðs er horfinn mér,  
 Sem hættir dýrir.

Mér finst sjái eg mína önd  
 Við molduð hrófin,  
 Sem hruman farmann hökta að strönd,  
 Og horfa á sjóinn.

Kveð eg þig, ljóðglöð liljukinn,  
 Úr leiknum strokinn —  
 Dansaðu síðsta sönginn minn  
 Við sögu-lokin.

1911

## Á eldadaginn.

—

### I.

Þú hefir fyrstur mínum svörtu sjónum  
 Sýnt, hve dýrlegt morgunljósið er!  
 Er mig lífið lagði í kjöltu þér.  
 Og þú barst mig undan fyrsta snjónum  
 Október.

Eg hef' stundum ætlað þeim að segja,  
 Er til lífs og kvæða glöddu mig,  
 Orð sem inn til hjartans syngju sig —  
 Sé þar ógert sumt, ei má eg þegja  
 Samt um þig.

Margra góðra gæða naut eg frá þér.  
 Getið þess að sé, er minst í vil  
 Þinni vild, né veldur þínum yl —  
 Gjafa-skjöld ei skildir eftir hjá mér,  
 Skrum-ljóðs til.

### II.

Maí sveltí söng-gestina fleygu —  
 Sitja þeir við eftirlaun hjá þér,  
 Ferðbúinn og þögull þó sé hver.  
 Þeim er sjálf sögð alls-nægð þinnar eigu,  
 Október.

Veit eg, rós er rjóðari í kinnum  
 Regnsæls júnís, heldur en á þér.

Ársins gimsteinn, allan blæ þú ber!  
Svip af þrúðri elli og æsku-minum,  
Október.

Júlí, oft þó alls-loforður sértu  
Um það, sem að giftu-vænlegt er,  
Þú í geði veður-voða ber —  
Góðum vonum ekki eins brigðull ertu,  
Október.

Ágústs dæsu-hitar heitar funa  
Held'ren sólskins rósemdin á þér,  
Sviða það, sem örmagnaðast er —  
Hátún grænka og aðbúð þinni una,  
Október.

September er sólu-fyrirdrægur,  
Svalnættur og grálundaður er,  
Kalsa undir köldum rifjum ber —  
Dú ert oftast öllum stráum vægur,  
Október.

### III.

Sú er reynd, þú sért ei allur illur,  
Ekki þegar liggur verst á þér —  
Slíkan orðstír einnig kysi eg mér!  
Oft hafa bjargað öllu þínar stillur,  
Október.

Sé á þína sólu runnin bleikja,  
 Sí-heiðskír er brún þíns lofts og sjós,  
 Tungl og stjörnur stafa fjall og ós.  
 Vetrar-nóttin nam af þér, að kveikja  
 Norðurljós.

Það er títt, að haust-blómkrónur hrumar  
 Hafa lifað æsku sína á þér,  
 Ellifrjór, sem umhugsun þín hver  
 Ofist hafi inn í næsta sumar,  
 Október.

Fengi eg síðast sumar-langt að vinna.  
 Sérhvert dagsverk þegar framselt er:  
 Hinztu örlög mættu mér, á þér —  
 Stíla eindag æfi-skulda minna,  
 Október.

1911

### Staddur við kosninga-fagnað.

—  
 Þröng er króin, kálfur minn,  
 Knosið lengd þín hæpast,  
 Fremur stirður fótur þinn,  
 Fær til leika tæpast.

Hoppar við, sem væri það  
 Viðfelt húsakynni —  
 Mér er næstum yndi að  
 áhægjunni þinni.

Ætli' að mikið geri gagn  
Grinda-verkin neinna,  
Ef í búknum bola-magn  
Blæs út, dál'tið seinna?

Kannske stjórnin styðji að því,  
Styttist þessi leikur —  
Lífið þitt er ætlað í  
Æðri-dýra steikur.

Bóna og verkmann þekki eg — því  
Þetta gat hann sjálfur.  
Saga lýðsins sögð er í  
Sögunni þinni, kálfur.

— Þyki vísan vera klúr,  
Vigtuð þinni reizlu:  
Hún er rykið í mér, úr  
Íhalds sigur-veizlu.

1911

---

### Nýársnótt.

---

Vík ei frá mér, andi liðins árs!  
Ennþá lát mig hjá þér skilja og finna,  
Tengd við örlög allra bræðra minna:  
Raunabót og eymsli sérhvers sárs.

Gleyminn alls, sem illar vættir spá,  
 Er í svipinn dygð af heimi ljúga.  
 Frelsi og sannleik fyrir öllu trúa,  
 Sem eg kærast ann og á.

Eigi eg leið, þar styr og stormur gaus  
 Stétta-muns, á veikra mætti að lafa:  
 Send mér fyrir fjandmenn, þá sem hafa  
 Vetrar-hug og hjörtu gróðurlaus.  
 Mæti eg flokk, sem hræsi og hati mig,  
 Hann þeir einir kjósi sér að fylla,  
 Sem að fyrir fögru máli spilla,  
 Til að stæra sjálfa sig.

Dirfðu mig, þó vörn mín væri deig,  
 Viljann sjá — og rór við hitt að lynda:  
 Aðrar höndur hreppi það, að binda  
 Réttlætinu okkar sigur-sveig.  
 Fagna hverju sólarlagi, sem  
 Sigur-frétt mér ber — þó kvöld sé runnið —  
 Að í heimi hafi gott mál unnið.  
 Réttu hug, þar hönd ei kem.

Brott frá vitum vel um-merktri leið,  
 Volks að baki — með sitt lúða og styrka —  
 Út í hrollinn alda-djúpsins myrka  
 Fleytir vontsæll vöku-maður skeið.  
 Haf til morguns hálfu leið er sótt.  
 Heiðir upp, þótt élið skýjum safni.



Legg því út, með eigið ljós í stafni,  
Fram á dimma nýársnótt.

1911

---

**Stungið í stokk með brúðargjöf.**

'T is the Years, that only must grow old —  
Youth and Hope and Happiness can stay —  
These faint Rays of Silver and of Gold  
Are the signs of this returning day.

1912

---

**Jólakveðjur.**

— Til Jónasar Hallgrímssonar Hall. —

Dú fékst ekki, undir sól,  
Æfina minstu og styztu!  
Sittu hress og sæll þín jól  
Sextugustu og fyrstu.

Sértu frá — sem fleirum má —  
Að fara á stjá í sollinn:  
Rósemd strái unað á  
Allan gráa kollinn!

1912

### Desember-hjónaböndin.

---

Yrði nýja árið kalt,  
Eitt er þó að lofa:  
Fækkað er þeim ótalfalt,  
Sem einir þurftu að sofa.

1912

---

### Ættarfylgjan.

---

Þann við höfum arfinn átt:  
— Í hann þó menn hnjóði —  
Að við höfum blítt og bágt  
Borið af með — ljóði.

1912

---

### Íslenzkur kveðskapur.

---

Undarleg er íslenzk þjóð!  
Alt sem hefir lifað,  
Hugsun sína og hag í ljóð  
Hefir 'ún sett og skrifað.

Hlustir þú, og sé þér sögð  
Samankveðna bagan,  
Þér er upp í lófa lögð:  
Landið, þjóðin, sagan.

1912

## Lífs-eigan.

Þú átt líf, sem lifir dauðan þig,  
 Líf þitt ef að gekk í stefnu þessa:  
 Sælla lífi, er lifði eftir sig,  
 Leggja hönd á koll, og vöxt þess blessa.

1912

---

## Tíundir.

### I.

Studdur staf mínum  
 Staldrað hefi  
 Opnum and-dyrum  
 Úti fyrir,  
 Grískis og Gyðings,  
 Guðs og manna,  
 Spámanns spak-vitrings.  
 Spurt til vegar.  
 Gátur á götu  
 Gáfu allir.

Gekk úr garði.  
 Göngu-sorfnunum  
 Veli, á vandkvæðum  
 Vafa-svara,  
 Steytti við steindyr  
 Stuðlabjarga,

Hljóðu Hoddmímis  
 Holti út' í,  
 Lokkaði ljóð um  
 Læsta hurð.

## II.

“Alt var til frá eilífð.  
 Upphafslaust er sérhvað.  
 Verðandi var æ að.  
 Auðn hefir hvergi verið.  
 Tilveran er alt ein  
 Umskapandi og staðföst.  
 Efni og krafta alheims  
 Utan-við er rúmlaust —  
 Lok og upphaf eru  
 Okkar lestrar-merki.”

“Stærri viti og vilja  
 Var hún æ ið rétta,  
 Ein og allsnægjandi,  
 Eyðslulaus og sívirk.  
 Sjálf er hún lög og lögsögn,  
 Löghald alls, sem skeður.  
 Regla um alla eilífð,  
 Eins og á næstu grösum —  
 Það er óþekt orsök,  
 Alt sem kallast hending.”

“Veröld allri er viðhald  
 Viðviks-þjálmi hluta,

Eftir víðum vegum  
 Visnunar og þroska,  
 Þar sem afl og efni  
 Eyðist hvergi, en breytist.  
 Kveiking hnatta og hnignun  
 Hjartaslög þar eru. —  
 Okkar stundar útsýn  
 Allir guðir vóru.

“Alt er lífs og lífrænt.  
 Líf er aðeins hreyfing  
 Endalausra afla,  
 Uppleysing og sambönd —  
 Mælisnúrur manna  
 Milli þess, sem kallast  
 Lífs og dautt, þó ljósar  
 Liggja virðist öllum  
 Fyrir opnum augum —  
 Eru á bárur merktar.”

“Sál er svipull logi  
 Saman-kveiktra afla,  
 Ljós, sem stafar upp af  
 Efna-magni á hreyfing.  
 Ekkert er, um veröld,  
 Andar þeirrar vana.  
 Getur á eilíf-gerðri  
 Göngu í öllu kviknað —  
 Bjarmann af og að oss  
 Anda vorn við köllum.”

“Bæði grimd og gæzka,  
 Greina-mörk á sannleik,  
 Mál eru, um mannkyns eigið  
 Meinlegast og hollast.  
 Alla sína sælu  
 Sína á milli á það.  
 Eden sína og eilífð,  
 Allar Paradísir  
 Upp úr eigin högum  
 Eitt um sig það reisti.”

“Ókomin og orðins  
 Ýmislega fréttu  
 — Allra vega veröld —  
 Víðsýn-leitnir hugir.  
 Aldrei spyrst til enda —  
 Úrlausn þessa færðu:  
 Meðan uppi ertu,  
 Eigum við vitorð saman!  
 Það, sem skeði og skeður,  
 Skeyttu við sem beinast!”

### III.

Þá varð þögn —  
 Þaðan leit eg  
 Út að ós  
 Yztu hvarfla.  
 Léku logar  
 Lengra en eygðist,  
 Fæddir, feldir,

Fram og aftur  
Yfir eilífð:  
Andar lífsins.

1912

---

### Skilningsmunur.

Þið fleiprið um það, fyrir heimskra ofsa,  
Að eg telji líf og heiminn hending —  
Hending, flón! Hvort haldið þið sé hending  
Sú villi-rún — í einu orði — er notið  
Til að skýla skilningsleysi ykkar?  
Hending hver er vitrum manni vissa  
Einfalds lögmáls, lesið sem að verði:  
Upphafsorð í þætti á okkar þekking —  
Fundinn heimur nýr, til þess að nema —  
Óskasteinn í fóru okkar fenginn.

1912

---

### Deiglan.

#### I.

Þegar harðast þrengir að,  
Þá er frægast einn að bjarga —  
Sig fyrir neðan, samt við það,  
Sjálfan hafa ekkert vað,  
Eða hirða hót um, hvað  
Heigul-skapur lúpar marga.

Engin fylgd er ofgóð þeim  
 Áfram-stjóra um krappa sjóa,  
 — Þegar hripsi-höndum tveim  
 Hinir krafsa völd og seim —  
 Sem þá snýr í horn sitt heim  
 Herfangslaus, með tóma lófa.

## II.

Pólitík og banki ber  
 Blendinn dönsku-svip á grönnum —  
 Kenslu-markið auðþekt er  
 Á því mörgu. er svona fer.  
 Hollustuna hver einn sér —  
 Háskólinn var út' hjá Dönnum!

Og hvað fær það fáráðs-brall,  
 Sem friðast upp að rangindunum?  
 Því skal villa, um veg og pall,  
 Veika dygð, með kærleiks-spjall?  
 Óheil sætt er fóta-fall  
 Félags-heill og góðs-til-vonum.

## III.

Það er sér að grafa gröf,  
 Góðra manna vild að lóga:  
 Málstað sinn að vefja í vöf,  
 Vefa á framtíð nýja töf,  
 Launræðið, sem lá í döf,  
 Lag við gera, og hömlu róa.



Hlutfönd þjóð og hópa-smá,  
 Hreinkað getur þú og stækkað!  
 Þegar danskan ekki á  
 Yfirvöld þín til né frá.  
 Strax um eina það er þá  
 Þínum illu hvötum fækkað.

## IV.

Þegar harðast þrengir að,  
 Þá er frægast einn að bjarga!  
 Sig fyrir neðan, samt við það,  
 Sjálfan hafa ekkert vað,  
 Eða hirða hót um, hvað  
 Heigulskapur lúpar marga.

Svona er æfi sigrarans  
 Sí-ung fram til daga-loka!  
 Stærri vilji og vonir hans  
 Vaxa í skarði liðhlaupans,  
 Hvar sem hrynja úr háveg lands  
 Hinir, sem að undan þoka.

1912

---

 Umbúnaðurinn.
 

---

Hröpin o'num hásetin  
 Hauka vora ei saka,  
 Undan-laumuð embættin  
 Af þeim fallið taka,

Reittan brjósti fólksins frá —  
 Fyrir að verpa í túnin —  
 Stjórnin breiðir ofan á  
 Eftirlauna dúninn.

Svo hefir þjóðarsæmdin bæzt,  
 Hjá siða-læknum yngstu:  
 Að eftirlæti 'ún hefir hæst  
 Á hreppalimum þyngstu.

1912

---

### Við óminnis-elfuna.

---

Þegar hljóma, hetjum geymdir,  
 Hæstu strengir lofi hreimdir:  
 Undanfarar, öldum gleymdir,  
 Þá eru mínir menn —  
 Reisið bautann björgum hærri!  
 Bakvið gnæfa svipir stærri:  
 Skuggarnir horfðu, en uppi enn.

Þeirra, er fyrst að frægum störfum  
 Fóru í tímans ljóshvörfum,  
 Áður en mönnum morgun-djörfum  
 Vaknaði ræna og ras —  
 Saga og guðsspjöll þó að þegi  
 — Þá í ómegð — var samt eigi  
 Skírarinn meiri en Messías?

Yfir húmsins hamra-bogann  
 Hleyptu einir vafur-logann.  
 Engra sjón að sjá þá vogan,  
 Vit og samúð svaf —  
 Ristu, deigðum brand í báli,  
 Brynju guðs úr dvala-stáli,  
 Mannanna beztu ástum af.

Dóu sælt, þó sæjust eigi —  
 Sólskins-von er fegri degi,  
 Birtan, sem að sé á vegi  
 Yfir um hvol og hvamm —  
 Gleði í hægðum hjarta-taugum,  
 Hetju-ljómi í brostnum augum,  
 Deyjandi upp í dagsbrún fram.

1912

---

### Spámaður án föðurlands.

---

Hann fór milli landa og lýða,  
 Listir sýndi oft og víða.  
 Allir dáðu lagleg-leikinn —  
 Leikmaðurinn þóttist hreykinn.

Hann sér átti — ei má gleyma —  
 Engin börn né konu heima.  
 Von, að honum hulið yrði,  
 Hvað 'ans snild var lítilsvirði.

1912

### Kveðja, send "Kveldúlfi".

— Félagi íslendinga í Vancouver, B. C. —

Ykkur sendir ávörp kær  
 "Úlfurinn" strokni og ljóti!  
 Meðan hann er fundar-fær,  
 Fram að hinsta "móti".

1913

### Tylliboðin.

Þú skáld getur orðið — Og aldregi standa  
 Á okkur mun lengi þér hugnun að sýna!  
 Því við skulum breiða o'ná beinin,  
 Og skilinga saman í hnöllung þér handa  
 Og hlunka 'onum niður á gröfina þína,  
 Og höggva þér hörpu í steininn.

1913

### Almenn velti-ár.

Ekki er guð á góðu sár!  
 Gangirðu á hlunna fremstu,  
 Minnir þig kannske eitt gott ár,  
 Ef um sextugt kemstu.

1913

### Klakaklár.

—  
 Áður var skár, þó yrði ei frá, r,  
 Orku-smár í taki  
 Sextíu ára ábands-klár,  
 Orðinn sár í baki.

—  
 Lífi sóað, lokið starf,  
 Lengd þess nóg mun vera!  
 Eyddu hrói ekki þarf  
 Aðra skó að gera.

1914

### Ókurteisi.

— Stúlku kól á kinn. —

—  
 Kuldinn siðlaus svoli er:  
 Svona vanga að strjúka,  
 Klaka-fingrum klípa á þér  
 Kinnina fagra og mjúka.

1913

—  
 Loforð efnt, að "láta vita um sig".

—  
 Eigi vildi Ægir mig,  
 Ekkert væri að græða!  
 Og 'ann héldi ennþá sig  
 Einfæran, til kvæða.

1913

### Eftirdrögu-dilkar.

---

Koma nú, að meiða mig,  
 Mínar lú-a-stundir.  
 Eru að búa, stig við stig,  
 Strand og fúann undir.

1913

---

### Pröstur í skóginum.

---

Æ, þar hóf hann, þrösturinn fyrsti  
 Sitt þjóðlag um vorkvöldin löng.  
 Hann lyfti sér létt nið'raf kvisti,  
 Á leið minni hoppaði og söng.  
 Og söngur einn varð mér á vörum,  
 Þó vor-rómur minn sé á förum.

Þú syngur ei hér þér til hróðurs,  
 Né hugsar um arð fyrir bú.  
 Af ástum til góðviðra og gróðurs  
 Er gaman að syngja, eins og þú.  
 Og syngja sig velkominn víðast,  
 En vita ekki af, fyr en síðast.

1913

## Ferða-föggur.

— Úr skyndiför vestur á Kyrrahafs-strönd. —

### Fjalla mill.

#### I.

Mér var löngum gæfan svona gerð:  
 Gæti eg skotist, varð eg einn á ferð!  
 Þó hef' eg nú flogið furðu víða,  
 Flökt í ljóði, þeyst á skemti-reið.  
 Veit nú hverja vagnstöð, er manns beið,  
 Milli torga á tilhlökkun og kvíða.

Samt er öllu yndi dreift á bug,  
 Eigi maður sér ei fleygan hug,  
 Færan út af lötur-brautum lesta —  
 Leiður slóði væri "Sípiar"!  
 Ætti maður sér ei frárra far  
 Þessum flanna, og ferðalangi mesta.

Fót manns kveða fastan 'oní hlað  
 Finst sem vilji, er leggja skal af stað,  
 Sveitin manns, og eitthvað innan gætta.  
 Er sem togi í farar-huga manns  
 Penna-skriflin, skotið lága hans,  
 Íhaldssemi allra heima-vætta.

Útþráin og faðmandi og fríð  
 Fjarlægðin, og andrúms-loftin víð,  
 Grípur hönd manns hlýtt og til sín leiðir.

Hvirflar, næstum óvart, burt í geim —  
 Hvar sem lendir, alt er orðið heim!  
 Eins og ljóð og ljósið út sig breiðir.

## II.

Af sér hlaupin heima-glöpin öll  
 Hefir maður, þegar regin-fjöll  
 Opna langar leynidyr í vegginn —  
 Lækur þarna hefir björgin flutt,  
 Áin hérna allan dalinn rutt,  
 Þar sem slútti ófær jökul-egginn.

Hafið þið og beizt um brúðar-laun,  
 Berserkir, sem rudduð þetta hraun?  
 Þótti ykkur gnípan fagur-falda  
 Fanna-hjálm, er sólin skein við brá?  
 Grenihlíðar, grænum möttli á:  
 Valkyrjan, í vígi kletta-skjalda

Fyrir skuld þá, skáldsins ómaks-laun  
 Skáruð svo upp, fyrir ykkar raun:  
 Fegins-unað fegurðinni að vinna —  
 Fúsum þrældóm sumir hafa í  
 Þannig brotið — bæði forn og ný —  
 Skörð í fjöll og hraun á vegum hinna.

Þú hefir, á, um gljúfur-gilin breið  
 Grópað okkar brautar-viti leið.  
 Nið'rum undirdjúp þú heyrst hlakka,



Hrist og vafin fram um kletta-göng,  
 Úða-fext og iðu-liðalöng —  
 Fáfnir, sem að brýzt um milli bakka.

## III.

Stautið um þann veg, sem vísar lægst,  
 Væri okkur "Sípíar" ei þægst,  
 Upp' á hjúknum efsta vildi eg þrauga.  
 — Ekki til að gá um himna-veg,  
 Heldur hversu hýr og tiguleg  
 Jörð sé furðu- og fagur-skygnu auga —

Þeim, sem upp í eyði-loftin há  
 Efsta dregur þoku-tjaldið frá  
 Hvítum ársal upprennandi sólar,  
 Ískrystallar breiða skógar-hlíð,  
 Undir hamra hengi-flugin víð.  
 Mæni-fjölin fannbólstraðir hólar.

Aldrei mældi hind, hvað sé 'ann hár,  
 Hugur manns er einn svo brekku-frár —  
 Hér er jökul-garðsins efsti endi  
 Yfirgnæfur, þektur vítt og breitt —  
 Helzt við getum eygt og nefnt það eitt,  
 Sem að tyllist ofar undirlendi.

Þarna sofa, svifnir ofan ský,  
 Sólargeislar, fangi dauðans í.  
 Væri ei dramb, á dags- og jökul-mótum

Djarfur standa og hafa nokkra bið?  
 Út um þetta bjarta heljar-hlíð  
 Sjá alt lífið lúta sér að fótum.

## IV.

Satt er bezt, og þau eru ekki öll  
 Yrkis-virði. Sum eru þessi fjöll  
 Loðnar pætur, pottlokaðar sköflum:  
 Skapraun manns, að skreiðast kringum börð,  
 Skriðu-hlíð — og stundum undir jörð —  
 Lífið hefir kviksett mann, með köflum!

Niður stara kletta-stangli köld  
 Kumluð andlit gegnum rifin tjöld  
 Indíána. Lendin lágrrar hæðar  
 Leirfalls-gáruð, skógar-feyskjum reft.  
 Frostið hefir fjalla-læki tept,  
 Flaka þeir sem opnar, storknar æðar.

Ríkis-þjóðir horfa heiminn á  
 Hreppa-konungs smæstu augum frá —  
 Eg veit land — þó lægri þyki staður,  
 Leiðin verri, og hægðin miður trygð.  
 Það á fjöll, sem eru betur bygð.  
 Drottinn varð þar meiri listamaður.

## V.

Milli fjalla opnast breiða blá,  
 Brot af himni fallið jörðu á,  
 Djúpið tæra: dala-vatn í skörðum.

Dökk-skógað við hlíðabratta strönd,  
 Bugað inn um dæld og dalalönd.  
 Fjalla skuggsjá skorin út með fjörðum.

Skröltir þorp. En eitthvert dauða-dá  
 Dúrir vatnsins legsteins-fleti á,  
 Sem þar liggi liðinn fjallsins andi.  
 Litverpt, eins og skini um það í dag  
 Verðgangs-þjóðar vetrar sólarlag,  
 Seztrar áður sumar komst að landi.

Einu menjar bera bygð og haf,  
 Bjöguð nöfn, sem liðin tunga gaf  
 Stöðvum hennar, stöfuð röngum munnum —  
 Stef mér heyrst kveðið valnum í:  
 Okkar menning hóf sig hæst á því,  
 Að við deyja karlmannlega kunnum.”

Týnt og falið fortíð gleymdri er  
 Fólkið það, sem veiddi og stríddi hér —  
 Út úr rökkur-drögum dánar-heima  
 Djúpt um barrskóg, lágt sem hringing veik,  
 Titra ómun: “Te-ka-hæ-on-weik!”\*  
 Meðan furan grær, og dal má dreyma.

---

\* Enskur framburður á Indiána-nafni skáldkonunnar  
 Pauline Johnson. Ef til vill rangt fyrir: Te-ka-hi-on--vo-ki.

## Einn í öslinni.

## I.

Efra dagsett. Gegnum gráloft hljótt

Glóir sjóar-borgin út í nótt.

Sem á höfði stjörnu-kerfi stæði.

— Stundum hópað eða fest á þræði —

Depla neistum huldir ásar, og

Undirdjúpin tendra vafurlog.

Fjölbýli, með þjapp og þrengstan veg.

Þykir stór-borg. Út í hennar eg

Dimmu hverf, unz dagar yfir sjóinn,

— Dropi af skugga inn í ljósa-skóginn —

Birta dagsins býr hér ein um sig.

Borgar-erjan vakir kringum mig.

## II.

Skuggar grennast, grána strætin öll.

Gægjast fram úr móðu næstu fjöll,

Sem þau hræðist, hvort að þetta smíði,

Hrófið okkar, borgin, sé við líði,

Muni hafa ennþá enzt í nótt —

Aftur láta þoku-bakkans tóft.

Státið eigi, nýju bæja brot,

Blygðast fjöll, að ala upp þessi kot —

Undir sínum endalausum hlíðum

Eiga í vændum, lengra fram í tíðum,

Vaxi rúm sem Eden-aldin-glöð,

Óslitin og strand-löng borgar-röð.

Bergs á skrokk þó skorin sé og rykt  
 Skautin gróðurs — margra dúka þykt —  
 Togni löf og sígi fram að sjónum,  
 Sitja þau með rúst í kjöltum grónum,  
 Þar sem reist, með stærsta bæjar-brag,  
 Borgin okkar stóð inn fyrra dag.

List þín, maður, mætti skarta hér —  
 Mökkurkálfi skoplegastur er  
 Þetta bis við tvítug-lyfta turna!  
 Tefla að fjöllum hreykni slíkra skurna.  
 Nágrend þarf ei þröskuld fyrir sól —  
 Þokuvættur svona vansköpól.

— Þá mun hugum hingað-komu vert:  
 Hærri stefna, ef orkað fær og gert,  
 Þessa stríðu hátign, heima-blíða:  
 Hlíða-rjóðrið, flæðarmálið víða —  
 Óska-leiðin ögn þá hefir stytzt  
 Inn til lands, sem vonin bygði fyrst.

### III.

Gulnar sól við sótt og reykjarský.  
 Suðar löngum veggja-röðum í  
 Knúðra véla kaldur hjarta-sláttur,  
 Kringum titrar einhver leyni-máttur.  
 Menn og hlutir ganga sem á glóð  
 Gegnum brölt og skræki-lúðra hljóð.

Svona ganar borgar-erill ær  
 Um, til þess að vera framtaks bær —  
 Hvenær skulu velgerðin og verkin  
 Vinnu-hvötin? Ekki dollars-merkin.  
 Hvílík sóun, bæði á hjarta og hug:  
 Hégóminn og þetta óða-flug!

Hve þau álög afar-löng og hörð  
 Eru, að svona góðri og fríðri jörð  
 Bölva skuli auðnuleysið okkar —  
 Erum bara stigamanna-flokkar!  
 Hugsun okkar eintóm mála-mynd:  
 Meinloka um boðorð eða synd.

## IV.

Þarna loksins brosir bali mót,  
 Björk og rósir, líf, en ekki grjót:  
 Horn af Eden, engum manni vörðum.  
 — Annars væri skárst í kirkjugörðum —  
 Við höfum frelsað teig af sól og söng  
 Svona inní miðri borgar-þröng.

Hérna leifði af himni og jörðu reit  
 Hleðslu-græðgin: brot af "út" í sveit".  
 Mér finst eins og huga hingað bendi  
 Heilsa og frelsi í lífsins verndar-hendi.  
 Eins og vonin okkur hafi rétt  
 Inn í skuggann þenna sólskins-blett.

Eyðimörk, með hús og hellu-stig,  
 Héðan færðu gróður-lit á þig —  
 Þú ert sterkust! Þegar kallið kemur,  
 Kraftinn áttu, strjálbygðinni fremur.  
 Hér er byr og byljum voldugt haf  
 Búið, þínum dropa-fjölda af.

Þegar verður svona örðug erfð  
 Óbornum í hægða-létti hverfð:  
 — Daginn þann, sem vitið kemst til valda!  
 Verkfærin — sem mest þarf á að halda  
 Mannleg iðja, vistuð sjálfri sér —  
 Söfnuð fyrir verða mörg hjá þér.

Þegar fólkið framtíð betri sér.  
 Forustan er þess, sem sterkast er.  
 Vænlegt er því útveginn að skilja  
 Ungri þjóð með hugumstæltan vilja --  
 Út í vestri flökta báluð blys,  
 Bjarminn undir nýrrar aldar ris.

**Með fjörum fram.**

**I.**

Hnatta-flokksins himin-vangi á  
 Húsmóðir, þér jörðin okkar smá!  
 Nú hefir sólin dælt úr sævar djúpi  
 Gufu-tröf í þoku-kyrtil þinn,  
 Þönd á blæ um sund og dalinn inn:  
 Kollhæð fjalla af kviksilfruðum hjúpi.

Bakkar stækka gegnum móðu gler,  
 Gnæfa skógar, augað bara sér  
 Næstu grös og niðblindaða geima.  
 Verður jafnvel úthögunum í  
 Óþekt jörð og villugjörn og ný.  
 Sérhver gata göng um undirheima.

Lýsist upp, er líður undir kvöld,  
 Lygnu-bólgan. Samt er ennþá föld  
 Fjalla-lengdin, skola-gráum garði  
 Þoku-bakkans. Efst er fjaðra-fok,  
 Fyrir neðan stöllótt hvíta-rok,  
 Hnykla-brúnir, blámi fyrir skarði.

Manni er eins og inn í þessum straum  
 Óri í mynd af hálfu-gleymdum draum —  
 Sjór í vestur, víddir lengri en eygjum!  
 Gljá-slétt þiljan. Þvílík undursjón!  
 Þarna firðir, víkur, sund og lón.  
 Hafið deplað alt með bláum eyjum.

Það var æsku-unun mín, að sjá  
 Út á víði, sveitar-bænum frá —  
 Ægir, eg varð fundi þínum feginn!  
 Hún er ættgeng þörfin mín á þér.  
 Það er líka eins og hugsun hver  
 Stígi upp úr hafi hrein og þvegin.

Nærðu, haf, til himins, eða hvað?  
 Hinzt í fjarlægð varla þekkest að



Grænblátt, lagt við ljósblátt hinum-megin.

— Himni betri! bæði leyfð því er  
Burtu-för og afturkoma á þér,  
Kviki sær, með allra vega veginn.

Opin heimleið, hverju í sína átt,  
Heiða djúp, þú fiytur stórt og smátt,  
Hábyrðing og einsætingsins eikju,  
Siglu-hvítt og kipt í ára-tog,  
Kolareykjum svertuhnyklað, og  
Reimað slitur-röndum gufu-bleikju.

Jafnvel borgar-beðjan sýnist fríð,  
Brosir húsa-röðuð vík og hlíð,  
Eins og huldu-heimur upp sér lyki.  
Er sem hafi í bezta svipinn sinn  
Sveitin klæðst, og bjóði manni inn,  
Séð af væng frá hafsins breiðabliki.

Aldrei nógu ægilega stór,  
Eyjum kyrði vesturstrandar sjór,  
Stillan þín er skop við skipin manna!  
Sem að þrengstu umtroðningum í  
Innsiglingar — bara að hafnar kví —  
Ruggar skut, í skurðum kjalsoganna.

Þó er rödd þín, síkveðandi sær,  
Svaka-rokul, dimm og hjúfur-vær:  
Rómar þeir, sem rími hverju duga!

Sérhvert eyra heyrir líka hér  
 Hljóminn sinn, úr barkanum á þér,  
 Sem þú ættir allra skálda huga.

## II.

Víðlend auðn, en engum manni frjáls  
 Ertu, strönd, og meira til en hálf  
 Ertu gefin ómakslausum gróða.  
 Ruddan af í févænlega fjöl  
 Furðu-skóginn, illa rætna möl  
 Enn á ránsverð — iðjusemi að bjóða.

— Hér er altaf einhversstaðar nær  
 Íslendingur. Því er mörk og sær,  
 Borg og sveitir, kostulegri og kærri.  
 Mér finst víkka vináttan um það  
 Við þig, heimur, hvert sem stefnir, að  
 Vita sína næstu svona nærri.

Þegar skógur íslenzkunnar er  
 Okkar daga líka felldur hér,  
 Upp' í fjallshlíð, fram á strönd, í dalnum:  
 Mun í rústum runna verða að sjá,  
 Rótum sviðnum gróðursprota frá?  
 Eins og líf, sem leynist enn með valnum.

Átti fyrir efnilegra að spá  
 Æska sjálfs manns? Var hún ekki smá?  
 Sinni þjóð og ætterni menn eldast,

Feðra-tungan meðan inni á  
 Auð í hug, og þarf ei lán að fá,  
 Djarfmæltust, og segir fagurfeldast.

## III.

Athygð mín er ekki talna-fróð,  
 Aldrei man eg hver sé helzta þjóð —  
 Sé eg þjóðar-þótta ónáðaður,  
 Hnit-jafnt eykst mitt íslenzkt dramb við það  
 Á við fordóm hans, sem blæs því að,  
 Vegna lands míns sé eg minni maður.

Ekki dái eg stórþjóðanna strit  
 Stærst að braska, né þá skömm og slit  
 Fjáðra landa, að lifa á undirgefnum.  
 Ómissandi er sú þjóð og bezt —  
 Að mér finst — sem göfugast og mest  
 Gerir heimi gott, af smæstum efnun.

Valt er að eiga undir þrælum brauð —  
 Auðvalds-þjóð er hörmulegast snauð.  
 Vandsæt hæsta hefðar-stiga rimin —  
 Fanst þér aldrei, að þú búa bezt  
 Bersnaður! er eigan þín var mest  
 Gróðrar-blær og bláminn yfir himinn?

## IV.

Eg er svona Íslendingur, að  
 Eflaust myndi — skuld mín verður það —  
 Kjósa 'ann mestan mann í hverju röggi.

Hefði 'ann líf að leysa og — því ver —  
 Lent í stríði! — takið vægt á mér! —  
 Ósk mín væri: 'ann hefði tólf í höggi.

Særinn þvær ei ættarmótið af —  
 Eitt er grunsamt þó við Kyrrahaf,  
 Mér fanst eins og af mér gengin vera  
 Austan-vérskan okkar, lengst um það  
 Ónáðuð, og sí-gizkandi: hvað  
 Drottinn hafi gert og ætli að gera!

Þó þarf engan steypi-storm í bæ  
 Stefndan til að glæða, fíman æ,  
 Eldneistann frá arnstæðinu heima,  
 Fluttan með þér hirðulaust um haf  
 Hvert á land, svo missir naumast af —  
 Kveðin staka upp hann lætur eima.

Eins og flæðir undir lygnu-sjó  
 Útsog, mitt í blíðukjara ró  
 Til sín dregur drauma ættarjörðin —  
 Kannske hnípir þráin inst í þér,  
 Þessi, sem frá kynfylgjunum er,  
 Rík en einstæð útvið bjartan fjörðinn.

Heimborgari er ógeðs yfir-klór —  
 Alþjóðrækni er hverjum manni of stór,  
 Út úr seiling okkar stuttu höndum —  
 Hann, sem mennir mannafastu þjóð,

Menning heimsins þokar fram á slóð,  
Sparar hræ og hrösun stærri löndum.

**Niðurlag.**

Þessar föggur hef' eg borið heim —  
Hafa aðrir nokkra gleði af þeim?  
Íþrótt mín af litlum skamt' er skorin!  
Hvað sem verða vill um list og brag,  
Varla gleymist svona ferðalag!  
Fyr en moldin fýkur o'n í sporin.

1913

**Samsöngur.**

Þú, smáfugl, sem loks hefir loft-takið hitt  
Frá leyninu í vetur, þar snjórinn var sængin:  
Eg skil, hversu örðugt var upp-flugið þitt,  
Með innkalsa sönginn og hélaða vænginn!  
Eg kannast við, tilraunir fýlunni frá  
Að fljúga út í geiminn, af löngun að reyna 'ann.  
Og freista að sigla um sumar-höf blá,  
Og sjá hvort að vængirnir beri sig einan.

1913

## Skallar í höfðum.

Honum, sem telur hárin manns,  
Hægra verður stórum  
Að reikna þennan þráða-krans,  
En þegar við yngri vórum.

## Skipa-minni.

— Kveðið í átt til hlutaboðs Eimskipafélagsins,  
vestan hafs. —

### I.

Byrðing hleyptu að hverjum firði  
Heftum jökum, skerja-krökum.  
Flökin skipa í fjöru-þökum  
Fyrðum stirð, þó hafn-sögn yrði.  
Ef þeir steyttu, oftast fleyttu  
Upp úr sjónum kjalar-spónum —  
Rónir djarft að tekju og tjónum —  
Tálma neitt og vosi skeyttu.

Sú var ferjun fyrstu búum  
Frumbýlanna, landnámsmanna:  
Glanna-sigling sækónganna —  
Snúa frá var hægra drjúgum.  
Mönnuðu inn í óbygðinni  
Afslarks-dreif af týndum leifum —  
Þreifar, nið'r í þessum reifum,  
Þjóðstofninn á vöggu sinni.

## II.

Aldir létu í hendur haldast  
 Höld til sjár og gæzku í ári.  
 Bára um hjálp var knúð og Kári,  
 Kaldast þegar skortur valdast —  
 Ei var slíka á að sníkja  
 Eymdar-sóni í þingmanns-bónum!  
 Tjón skal bætt með sigri á sjónum —  
 Svo má líka á hafi ríkja.

Hönd vor, þegar höfuðböndum  
 Hafskips réði, og stýrði að geði:  
 Meðan lýstu ei lognu veði  
 Löndin ytri, í höfn og ströndum.  
 Né var æ, að aka að lagi  
 Undan garði hélugbarða.  
 Varð oft siglt, í faðminn fjarða,  
 Fleyti-blæ um slétta sæi.

Sunnan yfir sollnar unnir  
 Sólskins-rjóðu möstrin óðu.  
 Glóðu, fram úr græðis-móðu,  
 Grunni móti stafnar runnir.  
 Sjóför knúðust seglum prúðum  
 Silki-tjölduð, beltuð skjöldum.  
 Öldu-kambar fleyki-földum  
 Fægðu skrúð á dreka súðum.

## III.

Fer í hönd í víðu veri  
 Vor, og eigin skip fram dregin.

Eigi lengur af sér legin  
 Eru leiði í búðar-hreri.  
 Frónskum svein við Ægi einan  
 Orkuhald, að deila um valdið,  
 — Gjalda-ríft, en báru-baldið —  
 Beina leið að sigur-reyna 'ann.

Rán mun aftur ríkið lána.  
 Rist skal dröfnin hafskips-stöfnum  
 Jöfnum byr. Með borg og höfnum  
 Blána strönd, við hvítan fána.  
 Opnuð greið-fær úti-leið um  
 Alla jörð, við hundrað fjörðu.  
 Skörðin, fjalla-skjóli vörðu,  
 Skeiða-reið að efstu heiðum.

Sér vill orka að arði gera  
 Aflans þunga, en vera ei gunga.  
 Tungu fræga og íþrótt unga  
 Er ei leitt um torg að bera.  
 Launráð skerja, Ægis-erju  
 Enginn kvíðir við að stríða.  
 Tíð sé næg og nám, að smíða  
 Nýja ferju úr strandi hverju.

## IV.

Skyndi-færi fágætt myndi:  
 Frávikinn á sig að minni,  
 Innra svo hann einnig finni  
 Yndi af þjóðar rausnarlyndi —



Vestan-drift um vastir typtar  
 — Vottur nýr, að sértu hlýri  
 Hlýr til Fróns — á hafið stýrði!  
 Horfi úr lyfting Íslands gifta.

1913

---

### Afmælis-gjöfin.

---

Er skamt lifði nætur þeim haustdægum hjá,  
 Í hvílunni minni eg vakandi lá.  
 Í skuggann eg starði, með hikandi hug,  
 Sem hreyfði því: verður hann fagur  
 Minn samveru-tími við sjöunda tug,  
 Og sunnu- og hvíldar-dagur?

Eg fóta-tök heyrði um hús-pallinn minn,  
 Sem haust-blær um espi-lauf kæmi þar inn.  
 Eg kendi það fljótt, hver á ferli var þar,  
 Svo fótlétt. Svo dimt verður ekki  
 Né skarkalásamt, eða skift um mig var,  
 Að skóhljóðið 'ennar ei þekki.

Og æ fyrir henni, að óskunda næst,  
 Sig opnaði hurð mín, en stóð aldrei læst —  
 Eg reis upp við koddan minn, kátur á brún,  
 Varð komunni hennar svo feginn.  
 Í strenginn minn greip eg, því hjá mér var hún,  
 Með hörpu og víðir-sveiginn.

En nú var hann stríður og stirður um svar,  
 Sem stamandi tunga hver ómur hans var.  
 Og hún varð mér önnugleg, afgreiddi fljótt  
 Sitt ávarpið — sízt til að gleðja:  
 “Eg kem með það erindi á afmælis-nótt,  
 Nú alfarin þig að kveðja.”

Svo viðkvæmt mér fanst að hún studdi á þann stað,  
 Að stunan frá brjóstinu komst ekki að.  
 Mér þótti sem Hel væri að rista mér rún  
 Í rekkju, á úrkula megin.  
 Svo döpur varð æfin, ef hyrfi mér hún,  
 Með hörpu og víðir-sveiginn.

“Eg skil, að þú firtist við uppkreistan óm,  
 Í útsviknum tin-dölum þekkirðu hljóm!  
 En veit — þó að fæst yrði verðdrjúgt hjá mér —  
 Það var þó í smá-gildi sínu.  
 Og litaðan blending eg bauð aldrei þér,  
 Í brota-silfrinu mínu.”

Hún svaraði: “Eftir þér er eg mig dró,  
 Svo oft þauttu frá mér, í heygarð og skóg!  
 Og mér er ei alvara, að leggja mitt lag  
 Við lausgeðja hug eða kveitu —  
 Þú helgaðir stritinu hraustleik og dag,  
 Mér hriðar og nótt og þreytu.”

“En hvar sem að fór eg, um firnindi og stig,  
 Í fanginu, þegjandi, bar eg þó þig —

Og væri sú stundin, að gegnt þér ei gat,  
 Eg gerði það sízt til að smá þig.  
 Því skortur og áníðsla um skakkafall sat,  
 Og skyldur hrópuðu á mig.”

Hún greiddi mér svarið með samskonar raust  
 Sem svalkar í drápsbyl, um grandalaust haust:  
 “Á dygðinni sveikstu þig, sök átt við neinn,  
 Þá synd eru fortök að milda.  
 Því guð þinnar listar á alhug þinn einn —  
 Í afguða-trú snýst skylda.”

Og mér sýndust gína við myrkari göng  
 Í myrkrið, sem glötunin örvænis-löng —  
 Þá gekk hún hún út snúðugt. Sig fyrir mér fól.  
 Sem framkvæmd á hótunum sínum.  
 — En eftir lá gullband, úr geislum frá sól,  
 Sem glóði á rúmstokk mínum.

Því heið-morgunn þandist um himnanna vídd,  
 Og hélu-hvít jörðin var sólskini prýdd.  
 Sem gjöf til mín vissi eg. Það glæddi því meir  
 Þá geisla, í sæng mína runna:  
 Að það voru hlýinda-hugirnir, þeir  
 Sem hendingum mínum unna.

### Auðar sjóbúðir.

Nú er færra lið til lands,  
Ládautt haf til sjónar.  
Æsku-vonir allar manns  
Eru á geiminn rónar.

Nei, víst ekki! Heldurðu eg hræðist um þær?  
Þó hafs-brún sé miðið og torveldur sær,  
Og alt móti andviðri róíð.  
Mín spá hefir aldregi þokast, um það:  
Að þær muni hlaða og koma svo að —  
En — lenda við leiðið mitt gróið!

1913

### Skipatjón.

— Kveðið þegar samskot vóru hafin vestra, fyrir fjölskyldur druknaðra sjómanna. —

#### I.

Eg yrki kvæði um “kaup og gjald”,  
Og kveð mér ljóð um “gullsins vald”.  
Með brimi og storm í flokkinn fer,  
Sem fylgi-raddir syngja mér.  
Og sögið, þegar sekkur skip,  
Er söngsins dýpsta nótna-grip.

## II.

Það tók við hula heljar-blá  
 Um hafið, sem þau lögðu á.  
 En höfnin eftir, auð og löng,  
 Með ills-vitum á hverri stöng.  
 Því kaupmanns gróða-vonin vann,  
 Æ valda-hærri en tvísýnan.

Á rúmsæ frammi rauk hann á,  
 Þar rakaði dauðinn allan sjá.  
 Þau börðu löðrið langt og skamt,  
 En lending engri náðu samt.  
 Þau féllu nið'r í flóðsins göp  
 Og fórust eins og stjörnu-hröp.

Þau vörðust, þó þau væðu kaf.  
 Þau veltu lengi sjónum af,  
 Unz biluð vél og brotin fjöl  
 Að botni sökk af lausum kjöl —  
 Nú volkast, út með ströndum, strjált  
 Í straumum djúpsins, þúsund hálf.

## III.

En stærra við þær hermdir hrökk  
 Vor háværð, þegar "Skessan"\* sökk,  
 Því okkur fanst það fólkska, haf!

---

\* „Skessan“, er þýðing höf. á Skipsnafninu „Titanic“.  
 Hof.

Með forréttindi, að bjargast af:  
Að hefð og dramb og dýrðin þar  
Gat druknað eins og hásetar!

Hér fórst ei stórt né státlegt far,  
En stjórn þess hvergi svikin var —  
En þar var inn, ef enginn sá,  
Hver ótrygð greipt í fenju þá.  
Þær stóðu í og undir kjöl  
Og innanborðs, við hjálmunvöl.

Þá höfðu okkar hugir föng:  
Að hringja hverri "Líkaböng".  
En nú er þögn og annað að,  
Því ómaki ei tekur það,  
Að skálda sálma-söng á þá,  
Sem sukku hinztu vörnum á.\*

#### IV.

Og við, sem fljótum, verðum enn  
Að vísu lengi sömu menn:  
Við siglum um með sveig og krans  
Á sjávar-leiði hégómans,  
En stjökum iðju, auðs með hramm,  
Á ófæruna að hrinda fram.

1913

---

\* Það var ímyndun, sagan, að sungið væri : „Hærra minn guð til þín“, meðan „Titanic“ sökk. Höf.

### Skilagrein.

---

Í gegnum héraða gluggann minn  
 Nú glápi eg út í veturinn —  
 En, hvað er um það áður var:  
 Alt almættið af sumri þar?

Og þröstinn? er hafði í sjálfsvald sótt,  
 Að syngja um það hverja júní-nótt,  
 Sem laðaði ómana heiman og heim,  
 Af hríslunni þarna, og utan úr geim.

En skuldinni við hann að skila af sér  
 Til skugganna löngu í desember,  
 Í hreiðrið hans auða! þá horfinn hann er,  
 Er harðindalegast og setur að mér.

1913

---

### Viða eftir Tennyson.

---

Hann kvaddi, trúr sem sæmdin sjálf,  
 Þó sæi í kenning lítil skil —  
 Því sannfús efi, trú mér til,  
 Er trúfastari en kristnin hálf!

1914

## Gæfuraun.

—  
 Það er enn, í öllum löndum,  
 Auðna mest ins giftusama,  
 Þegar fólk hans fararlama  
 Fangráð gefur inum rama,  
 Landsins gæfu, frelsi, frama  
 Fleyta einn með ráðvands höndum.

Smár þó lifir, loks þú hverfir  
 Lársveig krýndur minninganna —  
 Hvað er óvild öldunganna,  
 Öfugspyrnan gegn því sanna,  
 Nóbels-verðlaun ef þú erfir  
 Yngri tíma betri manna?

1914

## “Allra-afmæli”.

— Með inngangseyri, einu „centi”, fyrir hvert aldurs-ár. —

—  
 Aldur minn, sem ekki er hár,  
 Auð ei telja mundum —  
 Þó hef’ eg færri aura en ár  
 Átt í vasa stundum.

1914



**Ferðaföt.**

—  
 Hvar þér opnar, heillin mín,  
 Heimur sínar álfur:  
 Gef honum bara brosin þín —  
 Böl þitt eigðu sjálfur.

1914

**Gráturinn með grátendum.**

—  
 Þegar einhver óhöpp sár  
 Aðra veiztu græta,  
 Þá er betra að þerra tár  
 En þínu við að bæta.

1914

**“Að grípa tækifærin”.**

— Vesturheimskt staglyrði. —

—  
 Send á hækjum, hölt og skökk,  
 Hreppir þú “tækifærin”,  
 Kvaddur að skrækja þína þökk —  
 En það er klækur ærinn.

1914

**Málvinirnir.**

—  
 Aldrei brugðust bækurnar  
 Bóndanum upp til dala,

Þegar við enga aðra var  
Ómaksvert að tala.

1914

---

Beðinn um kvæði til prentunar.

—  
Mínum penna aldrei í  
Aurana muntu telja.  
Matið alt fer eftir því  
Einu: hvað má selja!

1914

---

Hugrekki.

—  
Eg hrósa, minna hinna von,  
Hve hugprúður var Napólon,  
Með sjálfsmorðs fýsn við forlög köld,  
Sem frjálsrar konu skelfdist völd.

1914

---

Úrtölur.

—  
Þjóðar-bata-fært í fæstu,  
Flátt sem hatrið vit það er:  
Er á hvatir ættlands hæstu  
Allar latir telur sér.

1914

### Leiðtoginn.

---

Hverja braut sem lygin lagð', af  
 Leiðum sannleiks, má þér sýna —  
 Þó fer svo, þú sjálfur verður  
 Samt að rata á trúna þína.

1914

### Velli haldið.

---

Ekki er lýti fall að fá,  
 En frægð og sigur nógur,  
 Þegar bítur ekki á  
 Annað vopn en rógur!

1914

### Frændsvipur.

---

Goðumlíki maður minn,  
 Magnaður er skyldleikinn!  
 Sama augna-svip og þinn  
 Svínunum veitti skaparinn.

Metnað þinn eg erti í ilt,  
 Ættarskömm þér gerir bylt —  
 Hugnun mér — ef heyra vilt —  
 Hugsunin, hvað alt sé skylt.

1914

### Gamli ofninn minn.

---

Ofn minn góði, oft mitt lið  
 Ylur og glóðir mínar,  
 Þrátt hafa ljóð mín vermt sig við  
 Vetrar-hlóðir þínar.

Þér eg skulda, að sætt eg svaf,  
 Sem hefir duldu varist  
 Frostsins stuldi ylnum af,  
 Og við kuldann barist.

1914

---

### Máttarstoðirnar.

---

Eignastu áhugamál  
 Og óánægju í lífi!  
 Áhuginn veitir þér væng,  
 Viðspyrnu ánægjuleysið —  
 Sjálfgleyminn hugur þinn hefst  
 Háfleygi upp í og söng.

1914

---

### Skilningur.

---

Skiljir þú skuldanautsins  
 Sköp, sem hann víst er háður,  
 Innræti hans og aðstöð:  
 Erfirðu ei neina mótgerð.

Frestar, á bónleysu að byggja  
 Bæn þinna eigin skulda —  
 Skilningur ills er aumkvun —  
 Ekki að fyrirgefa.

1914

---

### Arfurinn okkar.

— P. e. Islenzkan. —

Við systkina-börn erum fjarlæg og fá  
 Og föðurleifð okkar í gangverði lág.  
 Sá munur var hún, sem við máttum ei skifta,  
 Það metfé, sem engan kann lögtak að svifta.

Eitt hljóðfæri var það. Með hugina fleygu  
 Og hljómana alla úr feðranna eigu,  
 Sem grétu þar, léku þar, loguðu og sungu,  
 Sem lögðu þar öldunum raddir á tungu.

Það hugaðist til þín, hvar helzt sem þú varst,  
 Um höf, yfir fjöll undan ljósinu fjarst —  
 Þeir spá því, að handan við hnettina yztu,  
 Það hjörtunum finni svo leiðina styztu.

Og hann varð oss auður og öreigu-vörnin,  
 Sá arfur — því við erum systkina-börnin!  
 Hann grær um í vestrænum vorþey og bylnum,  
 Með vonunum, sorgunum, heljunni, ylnum.

1914

## Málarinn.

—

## I.

Loka-hönd á ljúfling sinn  
 Lagði málarinn.  
 Bjarmaði honum yndi í augum,  
 Afkasts-fró í spentum taugum:  
 Nálguðust hugsjón handtökin.

## II.

Unun sú var óðar' búin,  
 Yfir hann þyrmdi hughvarfs-lúinn —  
 Þar voru afglöp óvarans.  
 Yfir beztu drætti hans  
 Lagðist, eins og þokan þvera,  
 Það sem betur átti að gera.

## III.

Hann stóð upp. Í horni garðsins  
 Hrúgur rusla úti brunnu.  
 Verkið greip — til kveikju kunnu  
 Lýtin duga — en leit til skarðsins.

## IV.

Honum mætti í miðjum dyrum  
 Meistarinn,  
 — Verkalaunin, virðingin —  
 Drottinn hans og dómarinn!  
 Samkvæmt lögum settum fyrum.

Erindið hann ekki spyr um.  
 Augun rak í smíðalýtin,  
 Dró ei úr, við dómstól sinn —  
 Það urðu honum verstu vítin,  
 Sem hélt mætast málarinn.

“Hví skal,” sagði ’ann, “sérvizkan  
 Sína eigin kenjar bjóða?  
 Trássug við ið gamla, góða,  
 Sem vor heimsfrægð á og ann!  
 Hví að farga fremd og hólí,  
 Flana úr allrar dýrðar skjóli?”

## V.

“Fæðrum jafn ef vil eg vera  
 Verð eg betur þeim að gera,  
 Stærri heim eg hlaut en þeir —  
 Hafðu þökk. Þó ei sé meir’ —  
 Finn eg, trú var tilraunin,”  
 Mælti djarfur málarinn —  
 Sneri við með verk sitt inn.

1914

---

## Kvæða-Keli í musterinu.

---

Eg er aðeins söngs- og sögu-geyminn,  
 Syng við lífið, alt sem kom og fór.  
 Eg var bara sendur svona í heiminn:  
 Sveitaskáld, en ekki “Trúbador”.  
 Mínir logar leika í stuðlaföllum.

— — — Á silki-hnébeð hringi engum bjöllum  
 Né hníg þar fram, né dáí þá sem kunnu,  
 Né ota í neinn, að sálarbót það sé:  
 Sem lista-skáldin—launbörn Munks og Nannu—  
 Sem liggja á bæn hjá Guðsmóður úr tré.

— — — Þína götu, gígju með á armi,  
 Geng eg, vinur! út að höfn og fjöllum,  
 Syng um, hvað mig hlægi eða harmi.  
 Horfi fram úr vonleysunum öllum.  
 Slæ þar ekkert nöðru-nag í barmi  
 Nautnalífs, frá barónanna höllum.  
 Aðrir sínum eymdum kveði í bætur  
 Ykkar tár, þið Jerúsalems dætur!

1914

---

### Heimleiðis sent.

(Til brúðguma, á myndaspjaldi af skipum á heimsiglingu.)

Frá lýsing til dagseturs leggja þau að  
 Úr lágnætti og sjóvolki, góðhöfn að taka,  
 Með landföstu augun af þiljunum. Það  
 Er þverstæðast hugum, að glyggja til baka.  
 Og þetta er flotinn, sem fleytir sér nær  
 Á framtíðar-leiði, sem blæs fyrir sandi.  
 Í senn koma tvö! sem þau tengt hefði sær,  
 Með trygðum við áttir, með stefnin að landi.

Og þegar um fang þeirra fjörðurinn klýfst  
 Í faðmlag, þar virðist þeim hlýjast til dvala,



Og sólskinið bjartast og blátæran dýpst,  
 Og breiðast um miðin og fríðast til dala.  
 Nú eiga þau heimili, og höfn fyrir sér,  
 Í heiminum úti þó langt kunni að sveima.  
 Og fær er hver vertíð, og veður sem er,  
 Ef von á að sækja í skjólið sitt heima!

1914

---

### Heljarhlið..

## I.

Eg sendi hug í hafrót kveldskugganna  
 Í húmsins álfu, næturdjúpin við,  
 Til lands sem snýr að dægra-mörkum manna  
 Úr mistrageimnum, sinni dimmu hlið,  
 Þar uppangan er ein: um dánar-rið.

En sérhver rim þess röð á kóluskýi,  
 Sem risi hamar yfir botnlaust djúp.  
 Og haftið efsta, skarð að skógarstígi  
 Um skugga-pálma og lauftjöld niðurdrúp,  
 Þar ljós og grænka ganga í svörtum hjúp.

En Samas björt, með blæju sólarmyrkva  
 Sér breidda á andlit, verndar opið hlið  
 Að aftni dags. Svo alt ið stolta og styrkva  
 Því stilli-milda hafi ei sífelt við,  
 Svo eilífð þess sé utandyra-bið.

Á reynslu-steinspjöld margra manna-aldra  
 Í máltök styztu boðorðin hún reit,  
 Og lét svo á þeim aðspurningum staldra,  
 Og utan-grinda þessa föru-sveit,  
 Sem flyzt af jörðu —: sálna í landa-leit.

Um bakka Efrats, Babýlonar garða  
 Þau boðorð gengu, og vóru þá ei ný.  
 Og himinn lét þau Hammúrabi varða,  
 Sem hans að boði reit þau grjótið í —  
 Og Móses braut þau seinna, á Sinaí.

Á færri, en hærri, hæðir áfram líða  
 Hún hugi lét, og styrkti munninn þann,  
 Sem orðin fann til, tvö úr tíu að smíða,  
 Sem toga-nægan lagastaf á mann:  
 Að óttast guð og elska náungann.

## II.

Minn andi flaug um óframkomnar tíðir  
 Að óra-ströndum þessa spurnar-lands,  
 Og kvaddi vörðinn, þann sem hlið það hlýðir,  
 Til hlíta-svars um inngangsleyfið manns:  
 Hver trú, hver lög sé lyklavaldið hans.

Og svarið fékk eg: “Það eru ei þessi tíu,  
 Úr þjóðlífs-högum spröttin langt í burt.  
 Né skemri talan, tvö — þau seinni og njú,  
 Sem teljast vera — Að engu slíku er spurt!  
 Því sérhver kenning sett er hér um kjurt.

Við þeim eg tek, í hliði nýrra heima,  
 Sem hafa ei boðorð fyrir lífs síns vörð,  
 En sinni önd og eilífðinni gleyma  
 Í önnum sínum við að bæta jörð —  
 Sem vit er trú og viljinn bænagjörð.

Því öllum heimum hæfir þeirra vera,  
 Og hverri eilífð þeirra nægju-lund:  
 Sem gleðjast af því, gæfu til að bera  
 Að gæða lífið endanlega stund,  
 Og ekkert mögl um morgundag sinn gera.”

1914

---

### Íslendingar.

---

Jelja-þjóð, um jökulgarða hnýsin!  
 Jötunheima völd sem hafa girzt:  
 Hlutverk þitt er það, að brjóta ísinn  
 Þjóðmenningu út að skauti nyrzt.  
 Læra að kenna, að lífið heldur velli,  
 Leið að björg til næsta sumars fæst,  
 Þegar knýr—svo fé og mannkyn felli—  
 Fimbulveður ísaldanna næst.

Gróandinn, sem sumar-lífi litkast  
 Langvetraður, þroskast tíðum ört.  
 Það sem fljótast fegrast eða vitkast,  
 Frelsast þar sem júnínótt er björt.

Oss finst nærri gæfa, að verða að gista  
Gadds og vetrarlönd, og sífelt því  
Eiga sælu sumardagsins fyrsta  
Sólskins-næmum tilfinningum í.

1914

---

### Sonur spámannsins.

---

Okkur er sagt: úr syni spámannsins  
Söргуðu lífið menn hans lands og kyns —  
Áður en þó að gröfin hans varð græn,  
Gengu þeir til og lögðust þar á bæn.

Gryfjuna hans þeir gerðu að helgum stað —  
Göngumann nokkurn bar þar seinna að.  
“Hví,” mælti hann, er moldum sté hann hjá,  
“Myrtuð þið þann, er trúðuð svona á?”

Hendina lögðu hjartað flestir á,  
Hrópaði svarið hver sem betur má:  
“Það gerðum við að stytta tíma-töf,  
Til þess við mættum dýrka hann í gröf.”

Þó að eg rifji upp þessi gömlu svör  
Þannig, og sýni kímnis-bros á vör,  
Hef' eg þó auga á öðrum nýjum reit,  
Innan við garð, í minni heimasveit.

1914

**Eld-dýrkarinn.**

—  
 Eg ligg hér í lágnættis armi  
 Og ljósvana, fletinu á,  
 Í tóft undir túngrónu þaki,  
 Meðtorfvegg að hliðum og baki.  
 Um gólfið fer blossanna bjarmi,  
 Sem brýzt þangað hlóðinni frá.

Í arin-súg eldsins eg skynja  
 Eitt alveru-tungunnar ljóð —  
 Sem í hennar eilífðar-kvæði  
 Um umsköpun, hættinum næði:  
 Að veraldir hefjast og hrynja,  
 Og hugsanir, steypar í glóð.

1914

**Afsögnin.**

—  
 Veljirðu þá, að verja lönd,  
 Vinnur þú stærri þjóðir,  
 Sem að inn í heilli hönd  
 Halda um vald þitt, móðir.

Sá kom ekki svobúinn,  
 Sem í leik við konunginn  
 Réttinn þinn og sóma sinn  
 Síður lét en metorðin.

Ofríkið ef ógnar manns  
 Áræði, að farga:  
 Þá er sókn, til sama lands  
 Sigrinum að bjarga.

1914

---

### Tvísýna.

Með haukinn yfir höfði sér  
 Svo hróðugt ljóðar söngfuglinn.  
 Hans eina veika vörnin hér  
 Er vængurinn.  
 Og kaupíð, sem hans söngvum ber,  
 Er söngurinn —  
 Eg hlusta kannske á slög af eftir-ómum,  
 En ekki er feigð í þessum morgun-hljómum.

1915

---

### Hornrekan.

“Öldnum höld er ofaukið,”  
 Eldhúss-völd það mæla —  
 Soðpotts-öldin amast við  
 Egils köldu hæla.

1915

### Skipakoman.

---

Sit eg úti á yzta sandi,  
 Er að rökkva og deprast sýn.  
 Komin eru ýms að landi  
 Ósjófær, en hin í strandi,  
 Morgunskipin mín.  
 Samt á eg úti æsku-vilja  
 Enn á reki milli bylja.

1915

---

### Stúlkuvísa.

---

Sá tíði dans, frá klukkan sex til sex,  
 Þig svara lætur nokkrum skyldu-tolli,  
 Því eftir því sem fóta-fumið vex  
 Og fjölgar hringum, lækkar vit í kolli.

1915

---

### Vormorgnar.

---

Í dag kom vor, og alt er yngra,  
 Nú ómar Harpa í hverjum þey.  
 Í dag er Gerður gullinfingra  
 Að giftast Frey —  
 Því norræna voróttan var það,  
 Sem vetrarhurð lyfti úr dal, fyrir sól.

Og Skírnir var geislinn, sem bónorðið bar það  
 Til bjarthendrar dísar,  
 Og vorsöngva-vísrar,  
 Frá Árgoða sumars í Alföðurs stól.

Hann Freyr er guð svo fagur-góður,  
 Hann friðar-örmum ljóssins bazt,  
 Og seldi fyrir sumargróður  
 Sitt sverðið hvast —  
 Og aldirnar yngjast og dreyma  
 Sinn æskudraum bezta í skáldanna hug,  
 Um frjálsráðan himinn og frelsaða heima.  
 Með gróandi dögum  
 Og glaðværðar-brögum,  
 Hver lifandi ímyndun fer nú á flug.

Í Eden-hliði einn að lafa  
 Er óþarft fyrir Kerúbinn,  
 Því hver mun til þess heimsku hafa,  
 Að hlaupa inn  
 Í fullþroskans framkvæmdarleysið?  
 Hitt fullþakkast seint, að hann rak mann á dyr  
 Að rækta sér búland og byggja sér hreysið.  
 Með verkinu vinna  
 Til vonanna sinna,  
 Og syngja þar vorljóð, sem sönglaust var fyr.



## Til "Th. S."

-- Gegn: „Þökk fyrir vísur Fjósa-Páls” —

Slysast ei hót um slyngleikann!  
Sleipnis-fótum átta rann  
Stuðla-grjótin stafhendan.  
Steina-mót í gneistum brann.

Vísa er "löndum" lángefin,  
Létt en vönd. Þín dansar inn.  
Skiftir ei höndum hendingin,  
Handaböndum óslitin.

1915

## Vorhret.

— Upphaf bréfs til jafnaldra síns, sem mint hafði hef. á  
"að styttra myndu þeir eiga eftir". —

Alt er ein snjóbreiða, hóllinn og hlíðin.  
En hreggbarið vor nið'r í rótinni lifir.  
Með frækorna arf. Þó að eyði sér tíðin,  
Á ættin og jörðin  
Í okkur og grasinu, sumar í skörðin —  
Og senn skellur á okkur síðasta hríðin  
Á Sextugsmanndægri, því þar skeflir yfir.

1915

## Morgunskin.

---

Þú kalsa og úrkomu upprofa-morgunn,  
 Á ótíðar viku ert fullkomin borgun!  
 Þín heiðsól er hlý,  
 Þín haustjörð er ný,  
 Með hvanngræna vorlitinn sólskinið í.  
 Hver hnjúkur rís úr hriðarbakkans korgun,  
 Og horfir ljósbrýnn yfir ský.  
 Og regnið hefir tandurhreina og tæra  
 Tjörnina mína gert, og sólin hana morgun-skæra.  
 Og far-fuglar  
 Í flokkum saman hvíla sig nú þar.  
 Um haustið og þokuna þeir þekkja ljóssins veg —  
 Og þeir eru ferðamenn út — eins og eg.

1915

---

## Manntjón.

---

Burði brast hann til að  
 Bera sína raun.  
 Yfir afrek bilað  
 Orpið sé eg þetta hraun!  
 Mér til rifja er runnið  
 Ráðalagið hans,  
 Sem fargaði, ótilunnið,  
 Æfi svona góðvæns manns.

1915

**Bauta-ríma.**

— Eða: „Myndastytta Jóns Sigurðssonar í ‘Lögbergs’-  
kjallaranum”. —

**Mansöngur.**

Það tel eg mér hærra happ en heim að vinna,  
Ef þú, Frónska Fagurkinna  
Fagnar leikjum strengja minna.

Ríki ljóssins opnast alt með unað sínum,  
Ef að blika í augum þínum  
Ómarnir af vísun mínun.

Þú hefir mörgu fögru fleytt um fyrsta sporið.  
Yfir frostin, fram á vorið,  
Fóstrað lán, sem út var borið.

Eins væri líka úti um sérhver óðar-gæði,  
Ef að yfir kveðið kvæði  
Kul af þinni óvild stæði.

Ljóð það yrði heiða-hljóð — er haust-þeyr bitur  
Vængjar sönginn fleyga, er flytur —  
Farlamans, sem eftir situr.

**Ríma.**

Veistu það, að nú í nótt er nýárs-kæti?  
Sérhver vætt á faralds-fæti  
Flakkar um með gleðilæti.

Það er autt, en örstutt bil, sem ártöl dreyma,  
Aldri sínum allir gleyma  
Á þeim mótum tveggja heima.

Alt hefir kastað ellibelg og upp sér léttir.  
Íðunn hrumum epli réttir,  
Aka höltum Freyju-kettir.

Einn er bjargar-vættur vor, sem verst að stendur,  
Hann er aleinn inni brendur,  
Ok um fætur, lás um hendur.

Undir palli okkar býr, og enginn man um,  
Kviksettur í kjallaranum,  
Króaður frá samtímanum.

Hlusta þú nú! hann fékk mál og heyrast skal það.  
Stundum geta steinar talað  
Stórt úr þögn, og hörmum svalað.

Mælir hann svo: "Mig hafa numið myrkra tröllin.  
Horfin eru heima fjöllin.  
Hömlur útá "skólavöllinn".

"Veit eg ei, hvað af mér loks þeir ætla að gera!  
Eigi eg vestra bein að bera,  
Beiddist eg þar helzt að vera."

"Sögu rétta sagði eg heimi, sagnaglöptum.  
Sumt í henni, að sat í höftum  
Sá með raun, en tæmdum kröftum."

“Hjá þeim sem að hlyuna að ment og hugar-  
 Preki,  
 þeim, sem vinna að vissu og speki,  
 Verð eg helzt á líku reki.”

“Og þar kynni myndin mín, úr málni þungum  
 Stara í skap hjá arfa ungum  
 Ætterni, þó skift sé tungum.”

“Get þar kannske mínum mög, að Mímisbrunni  
 — Svo hann lýðum lýsa kunni —  
 Lánað kraft frá minningunni.”

“Aufúsan á uppreist þar, þú ei munt tjá þig:  
 Dræmt muni til þess dalir ljá sig.  
 Dýrt sé fótabragðið á mig!”

“Happlaust þér eg hingað rakst, að hafa stjan  
 um.

Þungt er mér í þjóðklefanum  
 Þrévetrum í kjallaranum.”

“Þyngst mér félli, í þingtúninu ef þeir mig  
 geyma.

Í “innlimun” eg aldrei heima  
 Átti. — Hvað menn sögu gleyma!”

“Ekki mér eg yndi þar, hjá uppsteypingum,  
 Brezka kóngsins kynblendingum,  
 Kjölfurstum á hreppþingum.”

“Illa myndi eg fylla flokk þann frelsis-vina.  
Fátt um Roblins ráðvendnina  
Rabba þar við stróka hina.”

“Heldur kysi, um alla eilífð, áradrjúgu,  
Svona liggja hér, í hrúgu,  
— Hallið mér þá samt á grúfu”!

1915.

---

### Trúnaðarmál.

Mig hafa aldrei vinir verst  
Veitt, með kerri höllu.  
Líka trúði, langtum bezt  
Ljóðunum fyrir öllu.

1916.

---

### Frampróun.

I.

Það get eg þér sagt með sanni  
— Sagan þessi út má berast —  
Verð eg fyrst að verða að manni  
Vængjaður engill til að gerast.

## II.

Þeir mig sneypa, að ei á  
 Aðra heima sníki,  
 Sem á jörð vil feginn fá  
 Fyrsta himnaríki.

1916

---

 Yfirgefin barnagull.
 

---

Raun mér stílar stefin,  
 Stúlkan mín!  
 Er eg yfirgefin  
 Öll sé barnagullin þín.  
 — Vaxirðu aldrei upp úr því,  
 Úr eigum smáum  
 Hallir byggja að búa í.  
 — Svo breyttist þá um,  
 Þér væru harðir harmar vissir —  
 Og heimurinn af skáldi missir.

---

 Apríldagar.
 

---

Í brú til sumar-batans fer,  
 Af boðstól, apríl-dagur hver,  
 Og gleymdur þegar genginn er,  
 Í gullöld vorsins týnir sér —  
 Og hver einn sonur sannleikans  
 Fer sömu leið, í þessum heimi manns.

---

## Rifbrot.

Vínbannið komst öflugt á,  
Svo enginn þyrfti að hrasa —  
En fyrsta meiðslið fékk eg þá  
Fyrir það, að rasa.

Byltist eg, því braut var höll,  
Bein mín fann það saka —  
Rifin manns í Evu öll  
Áttir þú, Javi, að taka!

1916

---

## Gaml'árið hringt út.

— Nýársvísur í bréfi. —

### I.

#### Lík-klukkan.

Sífelt sneiðist af oss ögn,  
Uppi er skeiðið flestra.  
Bráðum eyðast öll, í þögn,  
Okkar leiði vestra.

### II.

#### Hátíða-klukkan.

Vestur í kletta vorið senn  
Vetur grettan rekur.  
Þá skal réttast úr oss enn  
Er það sprettinn tekur.



## III.

**Gesta-klukkan.**

Ljái þér snilli, að lifa í öld,  
 Lán sem kvillum varnar.  
 Öll þín gylli ellikvöld  
 Æskuhillingarnar.

1916

**Sálir á sölutorginu.**

Ekki, að mér sé útföl sálin --- — —  
 Af er það, sem forðum var:  
 Fyrir gull og gersemar,  
 Satan keypti sálirnar.  
 Leið þó yrðu eftirmálin.

Þær eru orðnar einkisvirði,  
 Af því að hann hefir nú  
 Markaðinum læst og lokað,  
 Lyklinum á eldinn fleygt.

“Mammóni” alt sitt úthald leigt,  
 Þjóðlönd öll og þeirra trú.

Iðjulaus, í óselt bú  
 Upp er seztur. Leigan stærri  
 Veltufénu, og hluta-hærri.

Rengirðu mig, svo reynir þú:  
 Sálina þína í söng og kvæði,  
 Sagna-snild og dráttlist bæði,  
 Ljá fyrir þóknun þessum múg.  
 Að þér hratt hann heimta gerði:  
 Hvað þær jarðir stigu í verði?  
 Byrjaðir þú að ympra á anzi,  
 Enga sæi hann þar brú.

Sál er orðin vöru-vansi,  
 Verst er gróða-flögun sú!

1916

---

### Ámælisefnin.

---

Þú vanda býðst um vantrú mína, drýginn!  
 Í vafa-bið  
 Jafn vissan þér, að sólin sigrar skýin,  
 Þó svæfum við.

Þú vitnar: einu tók á sárum taugum  
 Sé trúin þín!  
 — Eg lifði eins, þó loka sýndust augum  
 Öll ljósín mín.

Þú finnur mun á burðum okkar beggja!  
 — En byrgir það,  
 Að þreyttur hef' eg þorað eins að leggja  
 Á þrota-vað.

Þér maklegt finst, að reynslu mína rengi  
 Þar ringull hver!

— Þó óttalaust að efstu hvílu eg gengi  
 Á undan þér.

1916

---

### Eftirsjáin.

Heiðló, sem um sumardaginn  
 Söngst við hlustarlausan bæinn,  
 Stiltir hljóðin há og lág.  
 Þegar heljur haustsins blakka  
 Hljóma þína slá í dá:  
 Þögnin, sem að þá legst á,  
 Kennir sönginn þinn að þakka.

1916

---

### Svipir í Skuggsjá haustins.

Seztu í hornið hjá mér  
 Haust-stund þessa, góði!  
 En eg ætla að ljá þér  
 Augun mín: í ljóði.  
 Og ef augun duga,  
 Út um þrönga skjáinn  
 Oft má horfa úr huga  
 Harma sína í bláinn.

Ekkert áttu að heyra  
 Úti, af rakka gjammi,  
 Lát ei inn um eyra  
 Eldhúss-skvaldrið frammi.  
 Hugann, heima-fjærri,  
 — Hvað sem annað varðar —  
 Gerðu að skemti-skærri  
 Skuggsjá lofts og jarðar.

Út í breiða-blikið  
 Blámóðunnar fljóttu.  
 Sé í víðsýn vikið  
 Veru þinni, og njóttu!  
 Sjáðu í haustsins hljóði,  
 Hvernig aftni miðar,  
 Sem með lita-ljóði  
 Laðar alt til friðar.

Er sem haustið uni  
 Öllu er hefir bjargast,  
 Þó að mót-vægt muni  
 Margt, sem hlaut að fargast.  
 Rótt, sem þýðar þakkir  
 Þreytu-manns í augum —  
 Skruggu-byljir blakkir  
 Byltast hvergi á taugum.

Gleymir flissi gjöllu  
 Grózku ofsahlátur.  
 Bros er yfir öllu,

Eins og þerður grátur.  
 Fjalla-hlíðir húmar,  
 Hillir skörðin tinda.  
 Hvíta-roði, um rúmar  
 Rekkur þíðu-vinda.

Breiðar suður-sveitir  
 Silfri og gulli stafar,  
 Skógi í bláfell breytir.  
 Blika Vitazgjafar,  
 Akrar, á upsir settir  
 Aftanhillinganna.  
 Sólskins svitablettir  
 Sumars landnemanna.

Skín við skógarbekki  
 Skini fextur glampi.  
 Lýsan af er ekki  
 Akra stýfðum kampi.  
 En er ei ekran tóma  
 Erð, né þessi heiði  
 Hverfð í blaðs og blóma  
 Breiða moldarleiði.

Sem á haugum hljóðum  
 Hrókar gullsins bleika:  
 Trén að gulum glóðum  
 Gyltra blaða leika.  
 Þegar í stráum stynja  
 Stopul-vinda hviður,

Haust-fölvingar hrynja  
Herðar þeirra niður.

Lægri lyngsins gróður  
Laufum utast þrengir,  
Fram um raða rjóður  
Rauða kyndla hengir.  
Eins og yzt í borgum,  
Undir birtu hallið,  
Lýð frá turn og torgum  
Týrur benda í svallið.

Inni er ömurlegra.  
Eggtíð löngu búin,  
Hreiðrin þrasta og hegra  
Hanga tóm og flúin.  
Glápin ró í runnum.  
Roggar uglá á meiðum.  
Úlfar átu-munnum  
Ýlfra, á héraveiðum.

Uppúr runna rönum  
— Rúst af berum krúnum —  
Glottir bleikum grönum  
Grein í móum brúnum,  
Glæjum laufum gægist  
Gegnum kræklur visnar,  
Sem í hrauni sæist  
Svarðar-tætlur gisnar.

Stöku víði-viður  
 Viðrar holta-glæður,  
 Hrynja af höfði niður  
 Hvítar silki-slæður.  
 — Brúðarlín af bari  
 Borið, undir vetur —  
 Og í vinda vari  
 Veizlu að hausti setur.

Grænt í vindhá vetrar  
 Vefa engin slegin.  
 Sinu-brekku betrar,  
 Borið hádags megin,  
 Blóm — sem lágt við ljómar  
 Litla sólskins-vöku.  
 Sumars eftir-ómar,  
 Ellikvæðin stöku.

Svo hefir ársins elli  
 Ennpá fingur mjúka,  
 Sem hún fríðast felli  
 Friðarliti á sjúka.  
 Mjalla-hvítu kransins  
 Krónur þistla skryðir.  
 Eins og lýður landsins,  
 Líkin bezt hún prýðir.

Létt á logni fljóta,  
 Lágt við grund og hæðir,  
 Spunnir um hnjósk og hnjóta

Huldu-silfurs þræðir.  
 Hengja — hvern sem noti  
 Hæl í niður-tjóður —  
 Húsvilt fræ á floti  
 Fyrir næsta gróður.

Áin lygn með löndum  
 Læðist dalinn út um.  
 Fjara á flúð og söndum.  
 Fossarnir í mótum  
 Raula í hálfum hljóðum  
 Hikult gömlu lögin.  
 Hjaðnað hafa úr ljóðum  
 Hamra-bassa slögin.

Skyggir nótt. En nær gljá  
 Njósnar-augu stjarna,  
 Bjartast blika þær frá  
 Bládimmustu þarna!  
 Ljós og ljóðakliðinn  
 Lúr og blundur slökkva —  
 Eitt sinn út í friðinn  
 Allir strengir hrökkva!

1916

---

### Jafnaðarmaðurinn.

---

Þó aldrei njóta ætti hann síns bezta.  
 Hann uppi sat ei með það lægra og flárra.



Hann komst ei hjá að vita og sjá ið versta,  
En vildi og reyndi að bjargast með því skárna.

Á reiknings-degi allra kvikra kinda  
Hann kemur fyrir dómstól réttskiftanna,  
Í heilagleika sárnauðugra synða  
Og sakarleysi fúsu hálfverkanna.

1918

---

### Lausn úr bönn.

---

Jörðin, vorsins hlýju hrifna,  
Hýr er yfir þér að lifna  
Geisli af gróðrar-svip.  
Af þér hafinn  
Hjarna klafinn  
Er, og losað um þig frosið vetrar-gaddisins grip.

Hvernig leið þér annars áður?  
Innibýrgðri í vetrar drunga,  
Niður reirðri af þrengd og þunga,  
Meðan ekkert gróið getur,  
Geispa að öllum vonum setur.

Varð þér ekki alt að banni?  
Eins og þreyttum kvæða-manni,  
Sem að ellin sezt er að.  
Sviftur hljómunum,  
Huga tómunum

Tekur í hönd sér bók og blað.  
Orkt ei getur,  
Að honum setur  
Vetur innan-að.

1917

---

### Heljargrimdir.

---

Kuldinn, kuldinn! Bölvuð bitran  
Banar öllu! — Og eg fékk vitran,  
— Mig skal aldrei æskja að dreyma  
Annað sinn í verri heima —:  
Glygði um ísinn eins og “kíki”  
Út í nyrzta vetrar-ríki:  
Þar við mörgum Mána-Ljótum  
Meinaðist, vegna kulda á fótum,  
Einhver naum og grálynd Gunna —  
Gryfjunnar með sér vildi ei unna.

1918

---

### Árdegi.

---

Stjarneygð, dreymin, dökkbrýnd nótt  
Að djúpi feimin rólar.  
Austur-heimur opnast hljótt  
Upp í geiminn sólar.

1918

### Vestmanna-megurð.

—  
 Við erum ekki vestur-frá  
 Vistaðir til að fitna —  
 Verst að holdin okkar á  
 Andanum líka bitna.

1918

### Útúr aðfinflu við kvæði eftir mig.

—  
 Synd hafði eg drýgt — og sú var ljúf!  
 — Saknandi að því var lokið nú —  
 Yfirsjón minni og eftirsjá  
 Eimunalegur sat eg hjá,  
 Eftirvæntandi að iðranin  
 Af mér skolaði breiskleik minn.  
 Hana var hvergi samt að sjá,  
 Sem 'ún kæmist ei himnum frá —  
 Sokkinn svo botnlaust óráð í,  
 Úrræði tek: að brosa að því.

1918

### Kulvísi.

—  
 Fyr var yndi að etja við  
 Illra vinda blástur,  
 Við þá hindrun hugleikið,  
 Hvor þar myndi frárstur.

Að reyna sig við hrímtröll heljar-vetra,  
 Það hélt eg áður færan drengja-leik.  
 En nú finst mér í baðstofunni betra,  
 Og bærilegra að kafna þar úr reyk.

Frosti, mjöll og myrkra-her  
 Mætti öllu hreykinn.  
 Út á völl nú voga ei mér  
 Í veður-trölla leikinn.

En hlakka til, við gróður-ilm úr grasi  
 Um græna jörð að mega koma á stjá,  
 Og fá að gleyma öllu inni-dasi,  
 Er aftur sumrar mínum stöðvum hjá.  
 1918

---

### Heima-baggar.

—  
 Klárinn, farinn krafta-taugum instu,  
 Klektur föggum  
 Sár og marinn — hérna gekk frá hinztu  
 Heima-böggum.  
 1918

---

### Dagamunur.

—  
 Eg í skæru skini þínu  
 Skemsta dags um æfi naut.

Næstan líka í lífi mínu  
Lengstan man — þá hvarfst' á braut.

1918

---

### Stjörnuspár..

Þúsund-eygt, og að oss snúið  
Andlit blátt á nætur vetri  
Starir hingað hugþrungið —  
Hyggið þið, sem þarna búið,  
Þessi jörð sé ykkar betri?  
Svo sem ykkar okkar — við.

Ef þið svo með stírum standið,  
Starið út í geiminn þarna,  
Okkar jörð sem augnamið,  
Sé ei ykkur lífsins landið  
Langtum kærast: ykkar stjarna!  
Eruð skamt á veg, sem — við!

1918

---

### Greina-gerð.

Gustur kom og fauk upp fjallið,  
Framhjá rauk með þyt og súg —  
Hrópaði eg til hans: Hver ert þú?  
Staldráði hann ei grand, en gall við,  
Sendi nið'r af næstu brún  
Bergmáls-andsvar, ofanfallið:

“Eg er lýðsins leiðbeinandi  
 Lista-skygnan, rannsakandi,  
 Sjáandinn um teig og tún,  
 Skyngjun alls, sem skáld þið kallið —  
 Oft mig brestur aflið samt.  
 Upp í brekku kemst eg skamt,  
 Murra nið'r í miðjum hliðum.  
 Annað veifið oftek mig,  
 Alt mitt geifl er moldar-bikið!  
 Út úr fylgsni, kima, krók  
 Sópaði upp alla rúst og rykið  
 Ljósínu varð ei læst á bók!  
 Fjallið verð í fleiri hviðum  
 Fara, og á mörgum hliðum.  
 Það snýr hvergi að áttum eins.  
 — Einhliða er þúfan bara —  
 Hér er um hvamm og foss að fara,  
 Þúsund leyni lyngs og steins.”

Upp að vöxnu víðsýninu  
 Veifaði eg til hans hendi minni:  
 Far þú vel! Og vingan mesta  
 Eyddi jafnvel eftirsjá!  
 Þegar ið versta varð ið bezta —  
 Eg, sem ligg við lágan völlinn,  
 Læt mér koma í sama stað,  
 Hlusta, bíð og brosi að,  
 Hvort að trú þín flytur fjöllin —  
 Fundið geturðu á því skil,  
 Svona varð að verða til  
 Fjallið sjálft. Og svona gerður

Sérhver molinn, rakaleitt.  
 Því er samt að þakka eitt:  
 Útsýnið er eitthvað breytt  
 Frá því sem að var — og verður.

Stígðu hærra og hærra. Hvestu!  
 Hnúkar standast fyrir þér!  
 Rosa-blika bagi er —  
 En þoku-lognið lýgur flestu!

1918

---

“Bolsheviki”..

---

Er til ríkis kominn kannske  
 Karlssonur úr Garðshorninu?  
 Konungdóm með kvonfanginu  
 Tekinn við? Er hennar hanzki  
 Hjálmskúfurinn: Danabótar  
 Heimsins? Rússlands Borgarbrjótar  
 Barn — sem úr var svikinn þróttur —  
 Og Kænugarða konungsdóttur?

Er hann kúgaðs fólksins frelsi  
 Færandi — úr alda-gleymi —  
 Svika-Smerdis höldnum heimi?  
 Tveggja varga valda-helsi,  
 — Vígskáum af þjóðráns hersum  
 Liðsmun smíðað — leysti af Persum.  
 Og úr þjófshönd sessa sinna  
 Skilaði hann okkur frelsi Finna.

Er hann heims úr böli boginn,  
 Blóðugur að rísa og hækka,  
 Múginn vorn að máttkva, stækka?  
 Sannleiksvottur, lýtum loginn!  
 Ljós, sem fyrir hundrað árum  
 Frakkar slöktu í sínum sárum?  
 Lítil-magnans morgunroði?  
 Fót-troðinna friðarboði?

1918

---

### Konungsgæfan..

---

Slagarinn milli elds og eggja,  
 Óviljuga hræðan beggja!  
 Ríkari þér ef ræna og deila —  
 Ráðaleysi samt á þitt  
 Bót í máli — En minni hitt,  
 — Öðlingssæmdum ómaklegt —  
 Sem er höfðings-háttar veila:  
 Halla — ef fólk í vald þitt setti —  
 Öllum þarflaust þjóðarrétti —  
 Kringt er þér um klaufaspor!  
 Kóngurinn í Varnarleysu —  
 Vittu: að yfir hverja hneisu  
 Hærra lyftist fáninn vor!

1918



## Vorönn.

Senn í nánd við norðurlönd  
 Nýja vor og gróður-djarfa,  
 Ljá mér brátt þinn hug og hönd,  
 Heilt og sælt, til glaðra starfa!  
 Kröftum mínum kæti að fá,  
 Komdu beint með vænta sending:  
 Mér á arma orf og ljá,  
 Og á tungu vísuhending.

Áreynslunnar unaðssæld  
 Efldu mig í handtakinu.  
 Leys mig, áður út sé þvæld  
 Ánægjan, frá dags-verkinu.  
 Iðjan verður ok um háls,  
 Ef að þrýtur fjör og sinna —  
 Þá er öll manns orka frjáls,  
 Yndi og hönd ef saman vinna.

Eg ber ei um haustsins hag  
 Hugarvíl né gróða-líkur.  
 Nóg að gera! og glaðan dag  
 Gefðu mér, þá er eg ríkur.  
 Eg er bara að biðja um það,  
 Blettur minn að verði fegri —  
 Þú mátt, burgeis, brosa að  
 Bænrækt svona kotungslegri!

Þú mátt hafa í heilli sveit  
 Hundraðsgjald af hverju setri.

Starfi mínu ei stika reit  
 Stærri, en gæti skilað betri.  
 Verði gott af þínu þér,  
 Þú sem ræður herragörðum!  
 Ekki vil eg eiga mér  
 Áhyggjur af mörgum jörðum.

Forðum lagðist Æsi á  
 Iðjuleysi, svo þeir hærðust,  
 Iðunn greip upp eplin þá:  
 Æskuhöpp — í lag þeir færðust.  
 — Hebra-Javi, heyrðu mér!  
 Hygg ei eg sé við þig feiminn:  
 Sælust, veit eg, varð hún þér  
 Vikan sú, er skópstu heiminn.

Eg get næstum ætlast á  
 Unað þinn af verki þínu,  
 — Vott þann um, að vita og fá  
 Viðkenning á starfi sínu:  
 Þegar ungum Eden frá  
 Augun fyrstu, er geta sögur,  
 Fengju morgun-sól að sjá:  
 Sýn, að hún var dásemd fögur!

Eflaust sástu, að ei var gott  
 Iðjuleysið skógar-hjóna,  
 Svo þú dreifst þau bara brott  
 Bæði! til að slá og þrjóna —  
 Þó þú létir mynda-mót

Manns og konu óbreytt vera,  
 Sú var auka-endurbót,  
 Er þú fanst, að varð að gera.

1918

---

Fylgd á fremsta hlunn.

---

“Ríðum og ríðum,  
 Rökkvar í hlíðum,”  
 Skugga á ljósin í bænum ber —  
 Hingað, á fremsta hlunn, fylgdu þið mér  
 Fagnaðarsælum, og snúið við hér,  
 Leiksyntir, fóstbróðir, þökk mína þér!  
 Smærri og færri því eftir eg á  
 Örstígin spor, yfir leiðina þá  
 Ætlaða einum —  
 Afskeiðis neinum  
 Hámmælum, þaðan, um sögur af sér!  
 Svo á að vera!  
 Samglöð við kveðjast  
 Eigum í veizlulok. Veit eg þó er  
 Margt við að gera!  
 Margt við að gleðjast!  
 Öldungis kvíðalaus kom eg — og fer.

1918

"If you can keep your head when all about you."

— Rudyard Kipling. —

Ef þú ert sá, sem gengur ekki af göflum  
 Í geipi múgs, sem kennir þér um slyz —  
 Ef þér er vantreyst, veizt af þínum öflum,  
 Og vegna hvers þau hafast fyrir gys —  
 Ef langreynd von þín velli kann að halda —  
 Ef varast fals, þó liggir undir róg' —  
 Ert stórmenskari, en hatri hatur gjalda —  
 En hygst ei snjall né alt of góður þó.

Ef gengur ei í draum' með draum þinn háan —  
 Við djúpskygnt rýn ef sezt ei verklaus heim —  
 Ef tekur sigri, og sviftir vona á hann,  
 Með sömu staðlund — Bragðarefum þeim!  
 Átt þol, að heyra sannleik þann er sagðir,  
 Í snöru á flón, af níðingunum beitt —  
 Sjá starfi hnekt, sem líf þitt í þú lagðir —  
 Því lyfta á ný með sérhvert tækið eytt.

Ef vogar æfi-vinningunum þínum  
 Að varpa í hlut á góðs máls tenings-kast,  
 Og tapa þeim — En byrja á sömu brýnum  
 Á bili næsta, og forsmá tjón og last —  
 Ef átt það vald á hjarta, trú og taugum,  
 Að týna ei móð hjá óska þinna val,  
 En stendur djarfur fyrir allra augum,  
 Með eina liðið, viljann þinn: Eg skal!

Með einurð fulla úr kjassi lýðs ef kemstu,  
 Úr konungs-boði, sveitunginn, sem fyr —  
 Slapst heill frá vin, sem fjendum þínum fremstu—  
 Né fyrirleizt né sigldir allra byr —  
 Ef út þú telur arðsæl, nota-geymin,  
 Öll augnablik sín hverri stund er rann:  
 Þá fær þú sigrað bæði "hold og heiminn" —  
 Og heill sé með þér! Þú ert efni í mann!

1918

-----

**Gert þegar grið voru sett.**

—

Ingólfs-skáli og Skjaldar-höll:  
 Skuld\* sé flæmd úr hylli,  
 Gleymd og týnd sé erjan öll  
 Ykkar beggja milli!

Ykkur leifði lönd og bý  
 Og lýði, feðra gifta.  
 Gengið hafa aldir í  
 Erfðinni rétt að skifta.

Örðug gerðust eftirdrög,  
 Ei þó syrfi að stáli.  
 Sýknt má toga sérhver lög,  
 Unz sanngirnd sker úr máli.

-----

\* Skuld, sú sem hér er átt við — hálf-systir Hrólfs  
 Kraka. Ekki Skuld — nornin — framtíðin. Hóf.

Þó færu á mis, með dáð var deilt,  
 Með drengskap leystur vandi —  
 “Sigrúðu rétt og sættust heilt”,  
 Í sögunni ykkar standi!

1918

### Kerlinga-hláka.

Nætur-blindu skarðar skjöldinn,  
 Skýin synda ört.  
 Dregin mynd á muggu-tjöldin:  
 Mótin tinda, svört —  
 Hlýju-vindur hreppir völdin,  
 Heiðin kyndir björt.

Hnjúka-garður, girður höklum,  
 Gulli varður hlær.  
 Skaflinn harður, hvergi að öklum  
 Hamra-barði nær.  
 Blika jarðar bros frá jöklum.  
 Blánar skarð um tær.

Vill nú sjá hvort vængur dugi,  
 Vetrar smá-fuglinn,  
 Sólskins-brá á fögru flugi  
 Fljóta um blá-loftin —  
 Eg er þrá, en hálfur hugi,  
 Hoppi að ná á minn.

Hæfði nú í hug að yngja  
 Hvað sem ljúfsemd er —  
 Vængur, þú! það veit eg þyngja  
 Vorboðs-trú á þér:  
 Kann að fljúga, en fátt að syngja,  
 Fugla múgur hér.

---

### Aðsóknir.

Sé í vændum veðra-kast,  
 Verkir í taugum flækja sig.  
 Hef' svo lengi hrakviðrast,  
 Að hreggfylgjurnar sækja á mig.

1919

---

### Lífsprá.

Eg elska þig, lifandi líf!  
 Með lúá og starfs-gleði þinni,  
 Í vöðvum, í sál og í sinni —  
 Og það varð mín einasta huggun og hlíf!  
 Svo bið eg: þú treystir mig til, að  
 Eg tefji ei lengur hjá þjóð,  
 En fái þér skyldunum skilað —  
 Og skrifað mitt síðasta ljóð!

1919

### Aldurshæðin.

---

Hvað skal stórri starfsemd hér  
 Stuttrar æfi að sakna?  
 Letingjanum ofstutt er  
 Eilífð, til að vakna.

1919

---

### Aftanskin.

---

Fram um eilífð alla  
 Uppyinging vex lífgjöf í,  
 Fornir hnettir falla  
 Flutningsefni í kerfi ný.  
 Þroskun, sköpun, skraut og yl,  
 Skyn og óð hún flytur til.

Líkin lifna og kólna,  
 Líður önd og hjarta-slag  
 Út um algeim sólna —  
 Einhvern glaðan nýársdag,  
 Sólna-kerfa kulnuð blöð  
 Kvikna í nýrri ljósa-röð.

Þó að hnatta-heimsins  
 Hjaðni stjörnu-augun blind,  
 Út í eilífð geimsins  
 Uppi er þeirra geislamynd,



Hvarfar yfir ljóssins leið  
Lífsmerkjanna þrotlaust skeið.

Langur dagur liðinn,  
Ljósum hinztu kveldskin slær.  
Aðeins eftirbiðin!  
Aftanhúmið þokist nær,  
Þessu höfði að halla við  
Hvíldarvon og næturfrið.

1919

---

### Gróðabrögð.

---

#### I.

Í tvent skiftast gróðabrögð: gæzluna og aflann—  
En geymslan snýst þrátt upp í vandræða-kaflann,  
Eins flókinn um menning sem fé.  
Því byggja oft ættlerar frægustu feðra  
In fallandi vé.

Það leiðir af annara loftunga að vera,  
En lítið sem ekkert úr sínum hlut gera,  
Það lækkar — Menn hefjast við hitt,  
Að horfast í augu við hátignir allar,  
Og hagræða um sitt.

Að skreyta sig glingri úr erlendum álfum  
Er örvasans fávit — en týna sér hálfum,

Því tap er hvert góðyrði gleymt.  
 En ráðdeild sú hagsælir heiminn og framtíð,  
 Sem hnoss sín fékk geymt.

Og seint verður kynstofn sá “fær eða fermur”,  
 Sem flaðrar við spjátrungsins eftir-hermur — —  
 Frá ómuna-tíma og enn,  
 Því ráfa nú apar um óræktar-skóga,  
 En urðu ekki menn.

## II.

„Einhversstaðar sver hann sig í ættina.“

Til fjallanna reið eg, með öikumagns-eimi,  
 Sem ofmælið kveður: in prúðustu í heimi.  
 En óyndis-svefn yfir samdveljum lá —  
 Í rúminu andspænis brúðgumi og brúður  
 Þar bjuggu mér hjá.

Og þeim gat enn vel lynt ein vökunótt saman!  
 Þú vítir mig kannske um óþarfa gaman,  
 Ef nýgiftra hjónaspor höguðu ei þér —  
 En vinur, þú dæmir það vægara bráðum,  
 Og veizt hvað eg fer.

En jafnskjótt og fjallsbrún í lyfting sér laumar,  
 Í ljósmálsins hillung, sem framtíðar draumar,  
 Hann reis upp við gluggann og starandi stóð  
 Með fránum augum, og fögnuð á vörum,  
 Sem flytti hann ljóð:

“Þó sérhver minn eyrir og fjárhlutur færi  
 Í ferð þessa eyddur, það marg-borgað væri  
 Og ei til að sakna, að sjá þessa dýrð” —  
 En mygluðu svefnauga horfði að honum  
 Hver hengi-brún ýrð.

Eg nafni hans gleymdi. En erlendis alinn  
 Hann íslenzkur var þó. En fjallið og dalinn  
 Í ættjarðar vor-dýrð hann aldregi sá,  
 Með blik-lita vitrun frá himni, á hlaupum  
 Að hugdýpis-blá.

En barninu þorpsins og búanda á völlum  
 Svo brá, við þá heimkvöð frá íslenzkum fjöllum.  
 Hann vissi ei hvaðan. — En hvort myndi hann  
 Ei göfga þá tungu, þá sögu, þá söngva,  
 Er sólbraut þar rann?

### III.

“Segðu þér það sjálfur”.

Hvort manstu það, systir, er saman við undum  
 Við sögur og æfintýr barnanna stundum,  
 Hve þráin var djúp og vor heillaósk heit:  
 Er áлага kóngsbörnin forsending fóru  
 Í fjárstulda-leit.

Svo örðuga mannaun þeim vonleysan valdi,  
 Þau vissu ei hvar tröllahönd gripina faldi,  
 Og bæðust þau leiðsagnar, viðkvæðið var:

“Þá gátuna átt þú að gera þér sjálfum,  
Og gizka á svar.”

“Þú annars skalt sífelt í ánauðum vera,  
Og áлага-haminn sem kvikindi bera”. —  
Og svo búin lögðu þau börnin á braut,  
Því þau kusu, heldur en minkunn og missir,  
Sér manndóm og þraut.

En ætíð var hollvættur, góður en grettur,  
Á götuna fráviltu barnanna settur,  
Að vísa þeim leið. Og hún sóttist þeim senn — —  
Og öll munu kóngs-börn, í kjörgripa leitum,  
Eins komast það enn.

1919

## Drottins-orðið.

—

Þremur árum eftir að höf. kom til Ameríku, eða árið 1876, mintust Bandaríkin aldarafmælisins með alþjóðasýningu, er fór fram í Filaelíu í Pennsylvaníu. „Dom“ Pedro var þá konungur yfir Brazíliu, og einn af sýningar-gestum. Blöðum þeirra daga varð tíðrætt um hann. Meðal annars sögðu þau af honum söguna, sem hér er rituð. Það sem honum átti að hafa orðið að orði, þegar farið hafði verið eftir þeirri ósk hans, að sér væru sýnd heimkynni kolanámumanna.

Ríkið Pennsylvanía er kent við William Penn, forráðamann Kvekara-landnámsins í Vesturheimi. Í fulla öld, fyrst í New Jersey 1676, svo í Pennsylvanía, þangað til 1779, fylgdi það einsdæmi, í landnáms sögu Bandaríkjanna, hans stjórnarstefnu, að fullur friður hélzt milli Indiána og aðkominna: „Svo að kvekarahatturinn og kvekarakápan urðu traustari hlífar en hjálmur og brynja,“ eins og einn sagnaritari Bandaríkjanna kemst að orði um það.

Dom = Dominus = drotnari.

## I.

Verið hafði viljug fórn  
Varningsboðsins, þjóðum sýnda,  
Þetta höfuð, konung-krýnda —  
Fáséð þing, hjá þjóðmúgs-stjórn,  
Henni úr guða-tölu týnda!

Langt að komu kynjin nýju:  
Kóngurinn frá Brazíliu!  
Forvitin um forngríp slíkan  
Frelsisgyðjan lyfti brún.  
Öld var síðan afsór hún

Sérhvern herra, honum líkan.  
 Handa sér, í góðu gengi,  
 Gullkálfa nýrri steypt  
 Hafði nú — og land þeim leyft —:  
 Stórra gróða-dáða drengi.

Svona skinu ei sælu-ljós  
 Suð'r í löndum Dom Pedrós,  
 Menning þeirra gróða-granna  
 Geigaði á þrældóm stórvirkjanna —  
 Dyrkuðu konung, mestan manna —  
 Vanderbilts ei vissu hrós!

Sofið er þar síð og lengur —  
 Sól fyrir norðan lönd þau gengur,  
 Þó með blysin byggi að hálfu  
 Bandaríkin sömu álfu —  
 Fyrir afsal fríðindanna  
 Falt er þar gullok stórvirkjanna.

## II.

Undur, dýrð og dvergsmíð öll,  
 Dásemd nýja í hverri höll  
 Höfðu öðlings augun litið:  
 Frelsi, og lausn við staut og stritið,  
 Lánsæld þá sem fólkið fær,  
 Hversu auðsins afli grær,  
 Þar sem drotnar véla-vitið.

Upptök þeirra efna horfð' um  
 — Í þeim skóg er Penn réð forðum —  
 Konungs augun: Afrek það  
 Unnið af listum, hvernig að  
 Kola-dyngju, í dýpi svarðar,  
 Dældu úr skauti móður, jarðar,  
 Fyrirvinnur starfa stórs —  
 Í megingjarðir þessa Þórs  
 Spentar, milli fjalla og fjarðar. —

Eldri sagan öll úr skorðum —  
 Annar leikur nú á borðum,  
 Frá því Penn, í firnsku, hjó um  
 Fyrsta tréð í numdum skógum —  
 Settist þá með sáttu liði  
 Sanngirnin að aldarfriði.  
 Blettur ei milli, af blóði manns,  
 Bæjarins nýja og tjaldsins hans,  
 Vestur-heima húsbóndans:  
 Höfðingjans á villi-viði.

Heygðu öflin undirheima  
 Upp með hverjum töfrum streyma,  
 Inti túlkur, ýkju-sögull —  
 Öðling hlýddi, konung-þögull,  
 Sá í huga hinztu brotin:  
 Hauga-rofa fjársjóð þrotinn,  
 Ræntar aldir, af þeim fáu,  
 Örbirgar í framtíð lágu —  
 Stolnar erfð í stundar-notin.

Þannig lauk hann orði á:  
 “Undur margt er hér að sjá!  
 Feginn þægi eg þeirra líki:  
 Þarfa-tæki í mínu ríki —  
 Sýnið mér nú hagi hinna,  
 Handanna sem þetta vinna!  
 Fólkið á valdi véla sinna.”

## III.

“Drottins-orðið” enn er dýrt,  
 Eins þar fjöldinn ræður landi —  
 Lítil þægð varð leiður vandi  
 Ósk sem varð ei undan stýrt:  
 Ofan á skraut, að sýna sorpin  
 Sín, og hljóta að gegna því  
 Ráða-leysi: að leiða ’ann í  
 Stóriðnaðar-þræla þorpin.

Meðan hann eygði, að enda slóðar,  
 Úthverfin í farsæld þjóðar,  
 Var sem hug í heimalandi  
 Hulin framtíð opin standi,  
 Unz á hverri braut og brú  
 — Máluð ambátt orðin nú,  
 Undir blóma beiskjufull —  
 Mætti honum Mærþöll sú,  
 Sem að auðnum grætur gull.  
 Sveina hópur hvata-ringur,  
 Höfuð visin, dverga-fingur.  
 Okurs-vegir ofan-hálir,



Úrkynjun og týndar sálir.  
 Bjáni í hverri barna-kró,  
 Bernskaður auðsins vöggu-galdri.  
 Tannlaus skoltur, skynsemd sljó  
 Skiftinganna á þroska aldri.  
 Fylgjur raktar fram í ætt  
 Fákæninga, sem við stritið  
 Höfðu mannsmót, vöxt og vitið  
 — Alt nema kergju — úr kyni þvætt.

Lengra sá hann — sveitir falla!  
 Soninn garðmanns, freistarinn  
 Greip við bónda-bæinn sinn,  
 Flaug með hann til hæstu fjalla:  
 Sýndi honum heila sveit,  
 Hýsta bæi, yrktan reit,  
 Friðaða menn og frjálsa alla!  
 Söluhundruð samantalin  
 Sagði að stæðu í vörzlu sín —  
 Sko! þér gull í greipum skín!  
 Gerðu þína bæn til mín!  
 Skalt svo eignast allan dalinn.”

Utar lengst, í framtíð fjarri,  
 Fyrirbrigði sá hann stærri:  
 Örbirgð fangna, leiddi að leika  
 Lysti-semdin munaðs-bleika.  
 Hásætin að hliðum öllum  
 Hlógu við, frá súlna-pöllum.  
 Nauð-dansarinn bar til brunns

Böl og heiftir sínar. Unz  
 Eins og bylur bæri voðir,  
 Blindur Samson hristir stoðir,  
 Lætur vansmið hreysa og halla  
 Hrynja yfir sig, og alla,  
 Hrapaða saman rúða og ríka  
 Ringla í kösum dauðra líka.

## IV.

Dom Pedro úr djúpri þögn  
 Draumasjóna vakti sögn:  
 "Aldrei verði í voru ríki  
 Vinnumenskan yðrar líki!  
 Í því hliði að engill stæði,  
 Allra bæna lengst eg bæði,  
 Landið mitt þeim voða verði.  
 Væri í nauð — með brugðnu sverði!"

1919

## Örvandils-tá.

— Forn-ensk vísa eftir Cynewulf: „Eala Earendel“, sama  
 sem: Morgunstjarnan. Lauslega þýdd. —

Eygló Örvandils,  
 Árdags-stjarna!  
 Yfir Miðgarðs múr  
 Mönnum senda:  
 Sáir svartnættið  
 Sólar ljóma

Tærri tunglskini — —  
 Tíð gervalla,  
 Sveipar systur-jörð  
 Sjálf-þín ljósi.

1920

---

**Stafkarls-vísa.**

—  
 Mannaleiðin miðast. — Kunn  
 Mínum fararskjótum:  
 Eg er fram á hinzta hlunn  
 Að hökta á þremur fótum.

1920

---

“Föðurland, hvar sem gott var að vera.”

—  
 Bein þín lest hvort hlýtur hér  
 Heima, eða gestur bera:  
 Hvar sem mest var þörf á þér,  
 Þar var bezt að vera.

1920

---

**Lífið í glóðunum.**

—  
 Þegar linnir þolið manns  
 Þrám að sinna og vonum

Lifir innri eldur hans  
Enn í minningonum.

1920

---

### Annarshugar.

Gagnar smátt, þó galir hér  
Galdra þína yfir mér,  
Ef eg, til að þóknast þér,  
Það í talið leiði:  
Sloppið til þín heil um haf  
Hafi þrá, sem taldir af —  
Eins og Gró, með Gígjar-staf,  
“Gleymir þú öllum seiði!”

1920

---

### Línur úr sendibréfi.

Mér sæmdi senn að þagna,  
En sitja og hlusta bara  
Á skarann söngs og sagna.  
— Og síðan hljóður fara.

Afsakið! of margt ef sagði eg,  
Á meðan tómstund eg fengi.  
— Eftir svo örstuttan tíma  
Á eg að þegja svo lengi.

1920

## Útboð.

—  
 Ef að þú ert, Íslendingur,  
 Utan heimalands,  
 Þar sem vofir aðkrepp ánauð  
 Yfir höfði manns,  
 Sú, sem sníður almenn efni  
 Öll til klafa og bands,  
 Og svo fer, þér æfin leiðist  
 Ellilyga-grá:  
 Þorðu í flokkinn fáliðanna  
 Frjálsu, — ef veizt um þrjá!

Lát ei hollvild hug þinn deigja:  
 Hættan sé svo bráð!  
 Ofhræðslunnar vara-vinsemd  
 Verður Lokaráð.  
 Svára henni og sanna, að það  
 Sé ei geip né háð:  
 “Þigg ei ráð þitt, vinur! Vit, að  
 Veika trúin mín  
 Svo er rík, hún treystist til að  
 Tapa meiru en þín.”

1920

## Hnuplað frá Heine.

—  
 Þó að alla úr dauðans drolli  
 Dómsins lúður kalli,  
 Kyr í gróf, og saman sælli,

Sinum ei hans gjalli.  
 Annað líf á ekkert sælla að bjóða  
 Okkar samvist, bezta heillin góða!  
 1920

---

### Fornar trygðir.

— Snúið úr kvæði Burns: *Auld lang sine.* —

Skal gömlum vinum gleyma, þó  
 Að gengnir sé úr bygð?  
 Og aldrei þykja fundar-fær  
 Svo fornreynd æsku-trygð?  
 En fyrir, fyrir forna trygð,  
 Í föstum vina-hring,  
 Við drekkum fornum trygðum til  
 Í tvímenning.

Við lékum saman, ung-glöð oft,  
 Um engin blómum skygð!  
 Þó þaðan lægju þreytu-spor,  
 Ei þvarr sú forna trygð.  
 En fyrir, fyrir forna trygð,  
 Í föstum vina-hring,  
 Við drekkum fornum trygðum til  
 Í tvímenning.

Við lögðum brú á lækinn fyr,  
 Með ljúfri vina-hygð.  
 Á milli lögðust heimsins höf,

Samt hélzt vor æsku-trygð.  
 En fyrir, fyrir forna trygð,  
 í föstum vina-hring,  
 Við drekkum fornum trygðum til  
 í tvímenning.

Með aldavina hjarta-hald  
 Og handsöl alt um kring,  
 Við drekkum full þitt, forna trygð,  
 í föstum æsku-hring.  
 En fyrir, fyrir forna trygð,  
 í föstum vina-hring,  
 Við drekkum fornum trygðum til  
 í tvímenning.

1920

---

### Kör.

---

Hey-önn og uppskera!  
 Af er það forðum var,  
 Mannfæð þó mæði enn  
 Mig vantar sjálfan þar.  
 Settur að síðstu hjá  
 Sæld minni: ykkur ljá  
 Alt mitt — en létta lið —  
 Lémagna stara á.

Gull-ax nú er mér og  
 Ilmgresi hugarraun,

Þau sem mér fundust fyr  
 Fagnaðar-verkalaun.  
 Ykkur, með eftirsjá,  
 Einmana starir á:  
 Hey-önn og uppskera!  
 Afmagna starfa-þrá.

1920

---

### Tízkuþlað.

Tóm ótilunnin gæði  
 Eg áskil mér. Mig búðu um,  
 Þú heimur minn! og hlúðu um,  
 Sem gælu-barn að brúðum!  
 Svo manninn, föng og fæði  
 Eg fái alt úr búðum,  
 Og krakkann litla líka!  
 Þá lifi eg sæl í friði.  
 Verð öll í yzta sniði:  
 Sú utan-sálar ríka.

---

### Kerlingabók.

Á áttatíu árum  
 Eg nam æ fleira og fleira.  
 Mig fýsir enn að kunna meira —  
 Eg hafði, undir árum,  
 Þær unnir af gleði og tárurum!



Við norðurljós átti í órum,  
 Er skammleikadagur á hálfскеiði hné. —  
 Með syngjandi, vakandi vörnóttum sté  
 Eg viku-dans, þegar að sumarið fór um.

Og stökur og sögurnar stóru,  
 Þær stafrófs-kver mín vóru.  
 Og firðir og fjöll og brekkur  
 Og rokkur og stöðull og stekkur:  
 Minn skröklaus skólabeckur —

Við norðurljós átti í órum,  
 Er skammleikadagur á hálfскеiði hné. —  
 Með syngjandi, vakandi vörnóttum sté  
 Eg viku-dans, þegar að sumarið fór um.

Að verða stór — sem stúlkurnar,  
 Mín stöðug þrá og tilhlakk var —  
 En einkum sem hún mamma mín —  
 Sú mið-sól dregur enn til sín!

Við norðurljós átti í órum,  
 Er skammleikadagur á hálfскеiði hné. —  
 Með syngjandi, vakandi vörnóttum sté  
 Eg viku-dans, þegar að sumarið fór um.

Til æfi-náms, og ein í bekk,  
 Og óútskrifuð hingað gekk!  
 Eg námsstyrk einn frá feðrum fékk,  
 — Í heimanmund af hæðum —  
 Úr höndum verndargyðju:

Að hvíla mig á kvæðum  
 Og keppa fram til iðju —  
 Við norðurljós átti í órum,  
 Er skammleikadagur á hálfскеiði hné. —  
 Með syngjandi, vakandi vornóttum sté  
 Eg viku-dans, þegar að sumarið fór um.

1920

---

### Árs erfisaga.

Fátt að, að finna!  
 Framrunnu daga,  
 Smá-muna minna  
 Meðferð ei klega,  
 Viljans, að vinna,  
 Vanmátt til бага —  
 Árs erfisaga!

A gamlárskvöld, 1921

---

### Myndirnar á íslenzku "Mánaðardöggunum".

Þær eru hirðir hauklegar  
 Hornið manns í kringum,  
 Þessar gömlu gersemar:  
 Gull af Íslendingum.

1921

“Heyrðist kveðið upp úr leiði” erlendis.

—  
 “Ísland, þér slapp aldrei hönd  
 Öll af barni þínu!  
 Þó það fengi í fjarri lönd  
 Fargað leiði sínu.”

1921

—  
**Tíðasöngur.**

Sjá, hvar grámunkur gamall  
 Á göngur svo harðar,  
 Að stökkva vígðu vatni  
 Á valinn allrar jarðar,  
 Sem féll í helreið haustsins,  
 Svo hún varð kirkjugarðar —  
 Sjáðu, veturinn þar vera  
 Sig veikan út að bera.

Sjá, hvar foringi fjörsins  
 Á ferðum er sunnar,  
 Með gróður yfir grafir  
 Og grundir frostum brunnar,  
 Með sigurfána sólar  
 Og sumar-upprisunnar —  
 Boðinn gleði og gæzku,  
 Og gervileiks og æsku.

Með líksöng við leiðin,  
 Um lát alls ins horfna,  
 Um krossmörkuð grafar-göng  
 Ei gakk með munknum forna.  
 En vígðu þig veröld,  
 Alls vorsins endurborna —  
 Á hverju kraftaverki  
 Og kvæði, sannleiksmerki!

1921

---

### Dimmnætti.

—  
 Yfir heimi er hjarn —  
 Húmnótt á vegi —  
 Eg er birtunnar barn —  
 Býst enn við degi!

1922

---

### Martíus.

—  
**Forspá:**

Víðlendast veraldar-riki,  
 Voldugra en keisara-herdæmin:  
 Vetur og Vindsvala kyn,  
 Leysast mun senn upp af límafalls-sýki  
 Líkt eins og stórveldin hin.

I.

Fyrir gluggann minn gengu  
 Glaða-sólskins dagar.  
 Báru af ylgeislum yddum  
 Örvamælir fullan.

Beint frá uppsölum árdags  
 Undir randir þeirra  
 Langt og gustmikið gólu  
 Gullin-skýja lúðrar,  
 Stefndu varðliði vors á  
 Vetrarlönd til njósna.

Upp í brag hef' eg búið  
 Bjarkamálin þeirra.

Lát þig alls ekki undra,  
 Þó orustuguðsins  
 Nafni, skálda-máls skeið í  
 Sköfnung sínum glamri.  
 Né þó vígroða vorsins  
 Varpi á héröð kvæða  
 Yfir gulnaðan gróður,  
 Genginn undan snjónum.

Né þó launþráður ljóða  
 Liggi í heimátt, þangað  
 Sem að æsku-skeið og elli  
 Upptök veit og þrot sín —  
 Báðar borgir sér hlaða úr  
 Barnagullum smáum.

## II.

Vor! Ó, vor —  
 Vor! með fjör og for.  
 Efnið, sem að eilíft næði

Yfir löng og spánný kvæði,  
 Fram um ljóss og lífsins svæði  
 Hvert þitt leifða og lengda spor.  
 Þú, sem árs og alda dyr  
 Opnar fyrir gróður-gæði,  
 Hvar sem tímgast blóm og byr.

Vor,  
 Þín skuld er ei þessi for —  
 Hún er leif frá víkings-vetri,  
 Valur hans á hverju setri,  
 Meðan frelsi frjóva smárra  
 Í fold og sjó,  
 Inn' í dróma ísa-grárra  
 Arma sinna, fékk þeim haldið.  
 Gaddi gróf  
 Kviksett líf, og hríða-hárra  
 Hörkulögum skerpti valdið.  
 Smáu fræi úr freðnum kögglum  
 Frostið vildi ekki sleppa.  
 Forin er  
 Blökk og ber,  
 Blóð, sem sprakk því undan nöglum  
 Að því fanga-klær að kreppa,  
 Þegar það læðing lyfti af sér.

Vor, vor —  
 Vor með fjör og for!  
 Morgun-köll  
 Kliðar snjöll  
 Hlákan þín, við hraun og björk,

Hrópandinn á eyðimörk!  
 Vekur svana-söng,  
 Sólskins-dægur löng —  
 Grösin, sem þá gróa um völl,  
 Grundir við og hæstu fjöll,  
 Jafnvel mosinn  
 Fölur, frosinn,  
 Fylking drottins eru öll.  
 Kristsmenn, krossmenn,  
 Birtu og lífsins landnámsmenn.  
 Krossfarar,  
 Fylktir að vinna vöggurnar,  
 Vonarsælli en grafirnar.

Vor, vor —  
 Vor með fjör og for!  
 Hvessibrýn  
 Hretin þín,  
 Stundar-hamli, á hlaup þér setta,  
 Hik um það, hvað fyrst má spretta,  
 Svo á bót sé byrjun rétt:  
 Þau eru aðsókn öfug-drauma,  
 Eftirlegur vetrar-strauma,  
 Næsta dag af lofti létt.

### III.

Viðlíkt hendir mörk og mann!  
 Þúin, svellköld sinu-læða,  
 Sólar felhellan  
 Tefur fyrir guði að græða

Gaddrunninn  
 Sumargróður sinn,  
 Þann sér hugsar hann —  
 Hans er erfð ið unga, smáa,  
 — Ekki skrælan háa-lága —  
 Óskabarn hans alþýðan.  
 Hans er vor,  
 Vor með fjör og for,  
 Leiðvísun til lífsins anna,  
 Ljóskeikjan í hugum manna,  
 Frelsisþrá og framsýnt þor —  
 Eitt sinn verða af alþjóð manna  
 Allir vetrar-hlekkir bræddir,  
 Synir ljóssins sumarklæddir —  
 Lífsvon á ið sigur-sanna!

Þið!  
 Grösin, vaxin við  
 Vosbúðina og harðlendið,  
 Birkibeinar, búalið:  
 Kona og karl!  
 — Áburðurinn einsamall  
 Of-þrif skóp og ógresið —  
 Ljáið lið!  
 Hvar sem ungur uppvaxandinn  
 Unnið hefir leir og sandinn,  
 Glæsti teiginn gróðurríka:  
 Allar hendur unnu það!  
 Eignuðust landið, fyrir að  
 Svelgja ei upp sína líka.  
 Fram þú lýður!



Landavíður,  
 Liggur í hlekkjum heimur þinn,  
 Harðfrosinn  
 Á hönd og fæti, en hjarta-þíður —  
 Leys hann meðan lífið bíður!

Slíkt var þinna glapa gjald —  
 Grimd og myrkri fyrir þér  
 Sjálfur trúðir, sár og ber  
 Gafst þig inum vonda á vald.  
 Hræum þínum hörku-tól  
 Hlóðu sér í valdastól.  
 Lát nú eigin dáðir duga,  
 Djarfleik þinn og vorljóss-huga,  
 Þó að forin fljóti í tárum —  
 Þó það hlaupi á hundrað árum  
 Hjörnin forn að yfirbuga.

Lýður, bíð ei lausnarans,  
 Leys þig sjálfur! Þínu eirðu —  
 Oft voru fjötrar foringjans,  
 Fastast sem að að þér reirðu.  
 Sagan gjarnast eignar einum  
 Afrekin þín, dreifði múgur!  
 Samt mátt bera, svara-bljúgur,  
 Sakir alls, sem hlaut af meinum.  
 Því hefir hlotnast herra-staða  
 Heimskra sagna mörgu fóli —  
 Einn gat ráðið skipa-skaða  
 Skeikull Páll frá Staðarhóli.

Lengur mátt' ei, þjóðlíf, þig um  
 Þvældum trúa sögu-lygum,  
 Magnið þinnar orku ugga,  
 Auðsveip dýrka kalda skugga  
 Uppi á hjarni hásetanna,  
 Heimsins stærstu slysamanna.  
 Æ í starfi oddvitans  
 Alt sem vanst, til harms og gleði,  
 Það var fylgdin foringjans,  
 Fyrst og síðst, er sköpum réði.  
 Skipstjórinn er heillum háður  
 Hásetanna, mikilráður —  
 Leifur hefir ekki áður  
 Aleinn bjargað flota af skipum,  
 Hríðföstum í hranna-gripum.  
 Vorönn sú, að veturnóttum  
 Vínlands góða auðnu-fundi  
 Göfugri var á Grænlandssundi,  
 Góðfrægari landnáms-dróttum,  
 "Hepni" við hans heiti tengdi —  
 Hún var það, sem nafn hans lengdi.

## IV.

Fyrir gluggann minn gengu  
 Glaðar sumar-vonir!  
 Stefndu blysförum beint til  
 Bjarmalands í framtíð,  
 Girtar megingjörð morguns,  
 Mannprýði og sannleiks,  
 Merkt var handsal á hjálma,  
 Hjartarót á skjöldu.

Slógu ljóma fram um löndin,  
 Leiftrum út í fjarlægð,  
 Glæstu rósir og runn, að  
 Regnbogum í austri.

Báru hugsjóna-heimsins  
 Heilögustu Ritning,  
 Þar sem al-þjóðir áttu,  
 Eftir hvern sinn spámann,  
 Öll sín vorkomu vitni:  
 Vers og kapítula.  
 Hófu sólar-ljóðs söngva  
 Samerfingjar jarðar,  
 Sérhvert þjóðerni þekti  
 Þar í sína tungu.

1922

---

### Mosavaxinn.

---

Hérna vera eg vil,  
 — Og þess vann eg helzt til —  
 Fást við vangjöldin mín, eða arðinn,  
 Mínar skuldir og skil —  
 Svo er skamt héðan yfir garðinn!

1922

### Erfiljóðið.

---

Eg orti kristið kvæði. Fyrir bón!  
Eftir dáinn drottins þjón.

En dísin mín var ei til erfi-orlofs kvödd —  
Hún var þá ei heima stödd!

Einn vinur minn um söngl mitt sagði: “Svei!”  
og hló —  
“Góðgjarnt,” hélt eg, “það var þó!”

“En veiztu ei,” kvað hann, “Þeim sem lifa — þið  
Leirskáld, bætið ógnir dauðans einni við?”

“Fram á það þeir sjá með sút,  
Svona að verða sungnir út!”

1922

---

### Ákúra um elliglöp.

---

Hleyp frá sennu um, hvort eg nú  
Hjari enn til þrifa —  
En meðan penni er huglátt hjú,  
Held eg nenni að lifa.

1922

### Iðavellir.

Flytjum ekki unaðs-löndin vor  
 Öll á bakvið dagsetranna kælu!  
 Hér sjást líka mótuð manna-spor,  
 Mörg og glögg að rjóðrum inna sælu,  
 Fram um þessa alda-eyðimörk:  
 Okkar jörð, með gleypisand og slörk —  
 Ennþá bjarmar yfir þeirra leið,  
 Enn í dag er nóttin þeirra heið.  
 Fáskeytnir um forustu og hrós,  
 Frá sér lýstu þyrnibrautir runnar —  
 Slokknir, eins og óvitandi ljós  
 Útbrunnin, á faðmi tilverunnar.

1921

### Eftirlegu-lauf.

— Þráður: „The Last Leaf”, kvæði eftir Oliver Wendell Holmes. —

Hangir það enn, það hrör! á þöll.  
 Hin eru löngu fallin öll —  
 Loka-laust  
 Lifði það yfir alt sitt kyn  
 Og sig sjálft. Því laufin hin  
 Hnigu í haust.

Saman kemur þar um þjóð,  
 Þegar í broddi lífsins það stóð  
 Grózku-grænt,

Frost og storma þoldi það.  
 Þá í skógunum ekkert blað  
 Var svo vænt.

Skorpið upp við skúr og snæ,  
 Skelfur það nú í hverjum blæ,  
 Bleikt og blátt.  
 Nöldrar: “Af sem áður var!  
 Allir mínir félagar  
 Liggja lágt.”

Votur mosinn vex nú að  
 Vörum sem að kysti það,  
 Fögrum fyr,  
 Nástrá hrunin nið'r á fold,  
 — Nöfnin þeirra, aska og mold —  
 Köld og kyr.

Lang-amma mín, sem það sá,  
 — Sannorð kona, en löngu frá —  
 Svo hefir sagt:  
 “Hvergi fyrir-fundið hef'  
 Fegri höku og kónganef  
 Laufi lagt.”

Nú, ef gola hleypur hjá,  
 Hjakkar það sínum kviststaf á,  
 Skjögur-skekt.

Er sem, tognuð út um skref,  
Oddum spyrnist haka og nef,  
Nædd í nekt.

Mér finst hálfgerð hneyksli í  
Hér að standa og kíma að því,  
Verst því vart,  
Baðkúfur þess! börðin kring  
Beygluð upp í þríhyrning.  
Skoplegt skart!

Verði eg eftir-legu lauf  
Liðins árs, er skógar-klauf  
Blöðum býst,  
Svo sem eg að hnjósknum hér  
Hendi gaman, slíkt skal mér  
Verðugt víst.

1922

---

### Galílearnir.

---

Gremst mér títt, hve öld mín óðamálga  
Óhlutsamri vinnur gleði-tjón  
Rósemd minni. Í sögu eða sjón  
Keyrir hana að krossi eða gálga,  
Þeirra, er lét hún særa eða sálga.

Eigingirnis áframkapp og stritið  
Yfir slóðir ræningjanna þvert  
Liggur úti, blóðrisa og bert,

Rúð og táð, með þrek til þrota slitið.  
Rasað sjálft um ránfengsemis-vitið.

Grípa sé til alls, sem eyðir, meiðir,  
Illúð stælt, að kúgaranna völd  
Hreppi blóðug sinna synda gjöld.  
Vonzkan máttar-meiri á kné sýn neyðir  
Samkvæmt lögum hana, að höggstökk leiðir.

Vakna þá í veru minni og kýta  
Vitund mín og hróp um hvað til dró.  
Deila þeirra raskar minni ró,  
Sem ei vilji samvizkan mín hlíta  
Sakadómi sjálfskapaðra víta.

Funar þá upp fyrrum sagða orðið:  
“Frömdu engan saknæmari en  
Aðrir, glæp, þeir Galíleu-menn,  
Þó þeir hafi þessu fyrir orðið.”  
Sjálfir erum meðsekir um morðið.

1922

---

### Afi og amma.

#### I.

Stóð eg við dauðra dal —  
Sveipaði húm og hljóðleikinn,  
Heillar aldar grafreitinn —  
Kveld-sól skýja-skör sig fal,



Skein svo milli, fjar-hnígin,  
Yfir varða tuga-tal  
Eða véin vallgróin.

Fann eg, í mykri muna  
Míns, í skyndi funa  
Löngu-máðar minningar.  
Eins og, úti stöddum hal,  
Aringlóð í skuggsjánni á veggnum  
Virðist rjúka í röstum, í rökkvuðum sal,  
Gægist hann gegnum  
Gluggann sinn  
Inn.

## II.

Hver er hér í hljóði að sýsla?  
Hefir nóttin raust, að hvísla?  
Hljóðmál læðast krókinn kringum,  
Keypta handa útlendingum.

Þeirrar ættar þriðji hringur,  
Yfir moldum mey þar syngur!  
Af því húmsins alkyrð þegir,  
Þögull nem eg, það hún segir.

## III.

“Amma mín og afinn  
Eru hérna grafin,  
Hvort við annars hlið.  
Barnið þeirra beggja!

Bljúgt við rekkju-stokkinn  
 Gróna, grasi sokkinn,  
 Ekki að sveita-sið,  
 Sín er upprætt blóm að leggja  
 Fölv, á þeirra frið,  
 Né að kveina — en kannast við!

Eg í æsku-stríði  
 Oft til þeirra flýði,  
 Þegar sorg og sorti  
 Sveipaði götur mínar,  
 Skyldari þegar skorti  
 Skyn um raunir mínar,  
 Þrek og þrárnar mínar.  
 Þar var þá mitt "heim",  
 Annað alt var mist!

Vissu þau, að þeim  
 Sem veitir guð sitt goðorð,  
 Gefur hann sín boðorð,  
 Að meitla í bálhert bergspjöldinn — en brjóta þau  
 öll fyrst?

Hvítnaði, und hárum gráum,  
 Hýra í augum bláum,  
 Eins og heiði hlýtt.  
 Geisluðu andlit aldin  
 Út um blæju-faldinn,  
 Sem við sinn guð hefðu  
 Samtal hafið nýtt,

Og á tindum tefðu  
 Tilvonaða landsins  
 — Lúða landnámsmannsins —  
 Sem langt er til — en frítt.  
 Hjöluðu mjúkt af mildi  
 Mál, sem eg ei skildi,  
 Þjóðmál þýðra kvæða,  
 Þeirra, er við drottinn ræða.

En, sáu þau fram úr sinna  
 Seinni niðja, og hinna,  
 Hörmung herleiðinga,  
 Hlutfall útlendinga,  
 Júða í járnin leidda,  
 Jórsalina eydda?  
 Sáu þau Síons hlið,  
 Sáu þau lengra en við?

1922

---

### Til Jóns frá Sleðbrjót.

---

Jóla-eldur innri þinn  
 Út yfir kveld þitt logi!  
 Skugga-veldin aldrei inn  
 Að þér heldur vogi.

1922

### Hvílulaunin.

---

Ameríska afréttin,  
 Ágirnst hef' eg vænleik þinn,  
 Af þér vann, með exi og sigð,  
 Útskæfur frá manna-bygð.

Grund, sem átt að geyma mig,  
 Gjarnan vildi eg skreyta þig —  
 Hvílulaun: mín handarvik  
 Hljóttu, þegar verkum lyk!

1923

---

### Djöfla-trú og guðstrú.

---

Djöfla-trú er: að dýrka  
 Drottinn, sem leyfir sér ilt —  
 Gegnir, að nefna guð sinn það  
 Góða og bezta, sem vilt!

Þó guð sé aðeins: átt þín  
 Í alviðru lífsins hafs:  
 Sé greinalaus "siffrá"—hann getur fært upp  
 Gildi þíns tölustafs.

1923

### Skeljabobbinn.

— „The Chambered Nautilus“ eftir O. W. Holmes. —

Sem skáldanna Dverga-skeiðin hann er,  
 Sem skrautleg Boðn-sæ fer,  
 Með stöfuð segl frá strönd,  
 Um stórhugans djúp, við morgunljós þönd,  
 Til hafmeyja-söngs um sólviðra lönd,  
 Við suðræn kóral-sker —  
 Sem að þar vaka og vinda úr hárinu á sér.

En skeiðin varð strand við skergrynnin flá,  
 Hvert skrautsegl tætt af rá,  
 Hver þilja þandar dyr,  
 Og þöglir salir, og fallinn er byr  
 Þeim sækóng, sem bjó svo frítt bát sinn fyr.  
 Og opin standa öll  
 Hans yfirgefnu rúm, í perlu geisla-höll.

Svo augljóst er hljóðlátt árána strit,  
 Við innan-ljómans glit  
 Upp hærri hæða slóð.  
 Hvert herbergi niðri í eyði stóð,  
 Sem rið upp til fegurri heima 'ann hlóð.  
 Af gleði gleymdi 'ann þar  
 Þeim gömlu, því nýsmíðið vandaðra var.

Tak blessun frá mér, fyrir boðskap þinn,  
 Þú barns-reif! sæfarinn,  
 Sem af sér hefir hent.

Með hljóðum vörum þú mér lézt bent —  
 Sem lúður-gjall Heimdalls, frá hafi sent,  
 Sem nam við hljóm-klett hér,  
 Nú um hvöt mína instu það syngjandi fer

Svo reistu þér hásal ofar, mín önd,  
 Hvert ár sem fer í hönd.  
 Þitt afkast of-lágt var.  
 En upp á við, hærra! ger betur þar,  
 Og loka þeim himni, sem lægra þig bar —  
 Unz skelja-skurni því  
 Þú skilar loksins frjáls, of þröngu að búa í.

1923

---

### “I Was Made of This and This”.

— Gertrude Robison Ross. —

Sitt úr hverri átt það er  
 Efnið, sem að varð í mér.  
 Sköpuð er eg öll í kross,  
 Úr engil-hreinku og gálu-koss.

Mín góða móðir ól mig upp  
 Í ótta og kærleik drottins síns,  
 Sem kendu: eg ætti að varast vel  
 Villi-götur pabba míns.

Hann er fyrir mörgum árum frá.  
 — En augun, man eg, vóru blá —  
 Hann gerði alt — jú, svo var sagt —  
 Um sína daga, rangt og skakt.

Hallaðist að því, hér um bil,  
 Huldafólk að væri til.  
 Öll hans trú varð of og van.  
 Eini guðinn hans var Pan.

Til móður guðs hún mamma bað,  
 Meinlaust pabbi hló við það  
 Talnabandi og öllu að.

(Marja, þig eg, blessuð, bið:  
 — Barnatrúna held eg við!  
 Lát mig ganga, út og inn,  
 Eins og vill hann sonur þinn!)

Hann kneifði staup við komur manns,  
 Og “Kolbrún” hét ’ún, pytlan hans.  
 Við sálma lék hann lag úr dans.

Hann nefndi, ei með neinum stanz,  
 Nöfnin flugna-höfðingjans.  
 (Ef syni kem eg seinna á stjál,  
 Mun sama mér um flösku þá?)

Og þrent var það, sem mest hann mat,  
 Á meðan hér á jörð hann beið,

Það vóru: fjöll og fiðlan hans,  
 Og frjáls og opin bæjar-leið.

Hann sagði margt — og sem var verst,  
 Sögur, er aldrei höfðu gerst.  
 Þagði ekki um þekking á  
 Því, sem enginn vita má.

Og honum mátti ei marka stað,  
 Hann múr og girðing hæddist að.  
 Hann unni sínu — þrent var það:  
 Fossa hljómi, heiða frið,  
 Hýru kveldsins tjaldeld við.

(Marja, góða! freisting frá  
 Forða oss! Mun eg hneykslast á,  
 Ef blótar og drekkur brennivín  
 Blessuð sonar-vonin mín?)

Minning hennar mömmu er sár  
 Mér, fyrir hennar gæzku-tár —  
 En þegar vor í veðri er,  
 Vænna um þabba þykir mér.

En, æ! að skapast öll í kross!  
 Úr engil-hreinku og gálu-koss.



## Einkennis-nöfn og upphöf.

“Að grípa tækifærin” . . . . .	203
Aðsóknir . . . . .	249
Afi og amma . . . . .	282
Afmælisgjöfin . . . . .	195
Afsögnin . . . . .	215
Aftanskin . . . . .	250
Aftansöngur . . . . .	8
Aldrei brugðust bækurnar . . . . .	203
Aldrei fölnar þokki á þinni . . . . .	151
Aldrei skulu svona málslok mæld . . . . .	154
Aldur minn sem ekki er hár . . . . .	202
Aldurshæðin . . . . .	250
“Allar falla ár til sjár” . . . . .	154
“Allra afmæli” . . . . .	202
Almenn veltiár . . . . .	174
Alt er ein snjóbreiða hóllinn og hlíðin . . . . .	219
Alt líf verður gengt meðan hugur og hönd . . . . .	139
Ameríska afréttin . . . . .	286
Annarshugar . . . . .	262
Apríldagar . . . . .	225
Arfurinn okkar . . . . .	207
Asa-hláka . . . . .	11
Auðna-Bjarni . . . . .	48
Auðar sjóbúðir . . . . .	198
<b>Á</b> áttatíu árum . . . . .	266
Áður en, sumar, að þú ferð . . . . .	23
Áður var skár, þó yrði ei frá . . . . .	175
Á eintök kostnaðarmanna . . . . .	151
Á eldadaginn . . . . .	158
Á kápu-blað . . . . .	127
Ákúra um elliglöp . . . . .	278
Álftakvak um haust . . . . .	26

Á lipurtá það læddist inn . . . . .	33
Á mittis-staðna mjöll . . . . .	14
Ámælis-efnin . . . . .	228
Árdegi . . . . .	236
Árs-erfisaga . . . . .	268
Árum á eftir . . . . .	75
Á vökulúður leikið er . . . . .	40
<b>Baldvin Einarsson</b> . . . . .	54
Barnasöngur til síra Kjartans Helgasonar . . .	121
Bautaríma . . . . .	221
Báru-sjót er ör við öl . . . . .	7
Beðinn um kvæði til prentunar . . . . .	204
Beint af augum . . . . .	139
Bein þín lest hvort hlýtur hér . . . . .	261
Bergmál . . . . .	133
Björn Halldórsson . . . . .	122
Bolsheviki . . . . .	241
Burði brast hann til að . . . . .	220
Byrðing hleyptu að hverjum firði . . . . .	192
Bæra ei brek . . . . .	9
<b>Dagamunur</b> . . . . .	238
Danaveldi . . . . .	148
Dáðamaðurinn . . . . .	108
Deiglan . . . . .	169
Desember hjónaböndin . . . . .	164
Dimm-nætti . . . . .	270
Dísin lífs og ljóða . . . . .	123
Djöflatrú er að dýrka . . . . .	286
Djöflatrú og guðstrú . . . . .	286
Drottins orðið . . . . .	255
Dynur í ás og dyraskeið . . . . .	11
Dægradvöl . . . . .	23
<b>Ef að þú ert Íslendingur</b> . . . . .	263
Ef landnámsmenn við hundrað ára hvörf . . . .	63
Ef léð ei hefðir lund og eignir þínar . . . . .	3
Efra dagsett. Gegnum gráloft hljótt . . . . .	182

Eftirdrögu dilkar . . . . .	176
Eftir-legu lauf . . . . .	279
Eftir-sjáin . . . . .	229
Ef þú ert sá sem gengur ekki af göflum . . . . .	246
Eg elska þig, lifandi líf . . . . .	249
Eg er aðeins söngs og sögu geyminn . . . . .	209
Eg flý til þín er sumarsöngvar falla . . . . .	140
Eg hef' staðið hjartasorg við hlið . . . . .	77
Eg hitti þig í flýti ferðalagsins . . . . .	99
Eg hrósa minna hinna von . . . . .	204
Eg hvata minni fótaferð . . . . .	86
Eg í skæru skini þínu . . . . .	238
Eg játa beint að þér í þínu sæti . . . . .	151
Eg kem til þín, Einar, inn . . . . .	124
Eg ligg hér í lágnættis armi . . . . .	215
Eg man, að "Brim" hét litla ljóðið þitt . . . . .	61
Eg orti kristið kvæði, fyrir bón . . . . .	278
Eg sendi hug í hafrót kveldskugganna . . . . .	211
Eg sendi þér leikandi svein þessi jól . . . . .	47
Eg sendi þér skjóðu af vítum að varast . . . . .	152
Eg vildi gjarna hugga, en hlýt að þegja . . . . .	103
Eg yrki kvæði um "kaup og gjald" . . . . .	198
Eigi vildi Ægir mig . . . . .	175
Eignastu áhugamál . . . . .	206
Einar Jónsson . . . . .	80
Einhversstaðar sver hann sig í ættina . . . . .	252
Einn í ösinni . . . . .	182
Einn, tveir, þrír . . . . .	35
Ei þó sé í orð mitt lagt . . . . .	48
Ekki að mér sé útföl sálin . . . . .	227
Ekki er guð á góðu sár . . . . .	174
Ekki er lýti fall að ífá . . . . .	205
Eld-dýrkarinn . . . . .	215
Endurlífgun . . . . .	30
Erfiljóðið . . . . .	278
Erindisleysa . . . . .	124
Er skamt lifði nætur, þeim haustdægum hjá . . . . .	195

Er til ríkis kominn kannske . . . . .	241
Eygló Örvandils . . . . .	260
<b>Fangað hafa feginshug minn, faðmlags þýðar ..</b>	<b>28</b>
Fá eru bros og fjarri hlý . . . . .	7
Fárveður . . . . .	8
Fátt að að finna . . . . .	268
Ferðabæn . . . . .	48
Ferðaföggur . . . . .	177—191
Ferðaföt . . . . .	<b>203</b>
Fimmtugs-afmæli . . . . .	120
“Finis Finnländiæ!” . . . . .	38
Fjalla milli . . . . .	177
Fjöll að háttu . . . . .	9
Fleyttu þér fáninn vor góði . . . . .	53
Flís úr vörðu Jóns Sigurðssonar . . . . .	57
Flóttu-sigurinn . . . . .	154
Flytjum ekki unaðslöndin vor . . . . .	279
Flyt velkominn hingað, sé hróðugt um slíka . . . .	128
Fornar ástir . . . . .	155
Fornar trygðir . . . . .	264
Forspá . . . . .	270
Fossa-föll . . . . .	140
Fram um eilífð alla . . . . .	250
Framvegis . . . . .	76
Framþróun . . . . .	224
Frá lýsing til dagseturs leggja þau að . . . . .	210
Frá þér ótal andleg brauð . . . . .	128
Fróða-lög . . . . .	146
Frændsvipur . . . . .	205
Fullorðnum er ætluð ein . . . . .	139
Fylgd á fremsta hlunn . . . . .	245
Fyrir gluggann minn gengu . . . . .	270
Fyrst hljórnarnir lengra en höndurnar ná . . . . .	121
Fyr var yndi að etja við . . . . .	237
“Föðurland hvar sem gott er að vera” . . . . .	261
<b>Gagnar smátt þó galir hér . . . . .</b>	<b>262</b>



Haust-lag . . . . .	19
Haust-lestir . . . . .	14
Hátíðaklukkan . . . . .	226
Háttalyklar . . . . .	146
Heiðló sem um sumardaginn . . . . .	229
Heimabaggar . . . . .	238
Heimfararleyfi . . . . .	116
Heimhugi . . . . .	83
Heimleiðis sent . . . . .	210
Heimsfriðar-félagið . . . . .	140
Heimsókn vorsins . . . . .	33
Heljargrimdir . . . . .	236
Heljarhlið . . . . .	211
Helga erfi . . . . .	95
Herð þig, sveinn, og hræðstu ei neinn . . . . .	137
“Heyrðist kveðið upp úr leiði” erlendis . . . . .	269
Hey-önn og uppskera . . . . .	265
“Hér kemur alt fyrir eitt”! . . . . .	155
Hér léttir til — en skyldi vera að vora . . . . .	147
Hérna vera eg vil . . . . .	277
Hleyp frá sennu um, hvort eg nú . . . . .	278
Hljótið lengi og hnekkis án . . . . .	48
Hlývindi . . . . .	9
Hnatta-flokksins himin-vangi á . . . . .	185
“Hníginn er í hadd jarðar” . . . . .	111
Hnuplað frá Heine . . . . .	263
Hönum sem telur hárin manns . . . . .	192
Hörfnir eru vaxta-verkir . . . . .	30
Hornrekan . . . . .	216
Hreggsvalur, heimsátta tveggja . . . . .	14
Hröpin o’num hásetin . . . . .	171
Huga til hafsins svo heitt feldir þú . . . . .	132
Hugnun . . . . .	11
Hugrekki . . . . .	204
Huldufólkið . . . . .	64
Hvað skal stórri starfsemd hér . . . . .	250
Hvar þér opnar, heillin mín . . . . .	203
Hvatamál . . . . .	137

Hvenær sem eg firðist fjöll . . . . .	25
Hverja braut sem lygin lagði af . . . . .	205
Hvílulaunin . . . . .	286
Hvorki var eg kreima sönn né kempu maki . . . . .	156
Hvort manstu það, systir, er saman við undum? . . . . .	253
Hýrnar strind og himinn . . . . .	9
Hærukollar . . . . .	10
Höfum margir lengur lifað . . . . .	106
<b>Iðavellir</b> . . . . .	279
“If you can keep your head” . . . . .	246
Innreið vetrar . . . . .	31
“I was made of this and this” . . . . .	288
<b>Í áning</b> . . . . .	137
Í brú til sumarbatans fer . . . . .	225
Í dag kom vor og alt er yngra . . . . .	217
Í gegnum hélaða gluggann minn . . . . .	201
Í hlaði, hesta-skál . . . . .	35
Í horfi eygðu lönd og leið . . . . .	48
Íngólfsskáli og Skjaldar-höll . . . . .	247
Í nýja skógi . . . . .	21
Ísabrot . . . . .	29
Ís að leysa . . . . .	29
Ísland leit um áramótin . . . . .	85
“Ísland, þér slapp aldrei hönd” . . . . .	269
Íslendingar . . . . .	213
Íslenzkur kveðskapur . . . . .	164
Í stuttu máli heilsar hér . . . . .	120
Í tvent skiftast gróðabrögð . . . . .	251
<b>Jafnaðarmaðurinn</b> . . . . .	234
<b>Jakob Línal</b> . . . . .	106
Jelja-þjóð, um jökulgarða huýsin . . . . .	213
Jóla-eldur innri þinn . . . . .	285
Jóla-kveðjur til Jónasar Hall . . . . .	163
Jólavísa til föður dáins drengs . . . . .	47
Jóhann Einarsson . . . . .	101
Jón B. Jónsson . . . . .	100





Lífsþrá . . . . .	249
Líkklukkan . . . . .	226
Líkmaður . . . . .	139
Línur úr sendibréfi . . . . .	262
Lítið lang-ær Góa . . . . .	30
Ljái þér snilli að lifa í öld . . . . .	227
Ljóð, þú leynt mig kallar . . . . .	32
Loforð efnt, "að láta vita um sig" . . . . .	175
Lokahönd á ljúfling sinn . . . . .	208
Lotið að litlu . . . . .	155
Lygna . . . . .	9
<b>Magnús Brynjólfsson</b> . . . . .	41
Mannaleiðin miðast. — Kunn . . . . .	261
Manntjón . . . . .	220
Markvörðurinn . . . . .	143
Martíus . . . . .	270
Matthías Jochumsson . . . . .	130
Málarinn . . . . .	208
Málvinirnir . . . . .	203
Máttarstoðirnar . . . . .	206
Meðan uppi er eikin há . . . . .	95
Með fjörum fram . . . . .	185
Með haukinn yfir höfði sér . . . . .	216
Með kvillana mína kem eg nú . . . . .	152
Mér var löngum gæfan svona gerð . . . . .	177
Mér sæmdi senn að þagna . . . . .	262
Mið-morgunn . . . . .	31
Mig hafa aldrei vinir verst . . . . .	224
Mínum penna aldrei í . . . . .	20
Morgunskin . . . . .	220
Morgun-vers . . . . .	26
Mosavaxinn . . . . .	277
Móður-muni . . . . .	78
Myndirnar á íslenzku "Mánaðardögunum" . . . . .	268
Mælt til Sveinbjarnar söngskálds . . . . .	59
<b>Náttúru-lög</b> . . . . .	146
Niðurlag . . . . .	191



Sextugsessa . . . . .	94
Seztu í hornið hjá mér . . . . .	229
Sé í vændum veðrakast . . . . .	249
Síra Friðrik Bergmann . . . . .	101
Síra Lárus Thorarensen . . . . .	61
Sit eg úti á yzta sandi . . . . .	217
Sitt úr hverri átt það er . . . . .	288
Síðasti söngfugl . . . . .	130
Sífelt sneyðist af oss ögn . . . . .	226
Sjá hvar grámunkur gamall . . . . .	269
Sjóveður . . . . .	7
Skafrenningur . . . . .	13
Skafti B. Brynjólfsson . . . . .	83
Skal gömlum vinum gleyma þó . . . . .	264
Skallar í höfðum . . . . .	192
Skammdegis-frost . . . . .	13
Skara-skæningur . . . . .	33
Skeljabobbinn . . . . .	287
Skilagrein . . . . .	201
Skiljir þú skuldanautsins . . . . .	206
Skilningsmunur . . . . .	169
Skilningur . . . . .	206
Skipakoman . . . . .	217
Skipaminni . . . . .	192
Skipa-tjón . . . . .	198
Skörðum stölluð stólpa-girðing . . . . .	10
Slagarinn milli elds og eggja . . . . .	242
Slysast ei hét um slyngleikann . . . . .	219
Snæfríður . . . . .	29
Sonur spámannsins . . . . .	214
Sólbráð . . . . .	14
Spámaður án föðurlands . . . . .	173
Speglað alt hverfandi-hvel sitt . . . . .	26
Staddur við kosningafagnað . . . . .	160
Stafkarls vísa . . . . .	261
Stefán Valberg . . . . .	56
Stillan þrýtur, stækka ský . . . . .	15
Stjarneygð, dreymin, dökkbrýnd nótt . . . . .	236

Stjörnuspár . . . . .	239
Stormur allar áttir fór . . . . .	13
Stóð eg við dauðra dal . . . . .	282
Studdur staf mínum . . . . .	165
Stundarmenni hvert þér hlóð . . . . .	79
Stungið í stokk með brúðargjöf . . . . .	163
Stúlkuvísa . . . . .	217
Stýrir að fjörum fyrirboðinn . . . . .	54
Sumarnætur . . . . .	28
Sumarveður . . . . .	13
Sumar-víðsýni . . . . .	25
Svanur, hví var hallskift því? . . . . .	26
Svo skammdegis skugga-svört . . . . .	19
Svipir í Skuggsjá haustsins . . . . .	229
Synd hafð' eg drýgt, og sú var ljúf! . . . . .	237
Sýlar daginn, sortnar land . . . . .	8
Sýnt frá Suami . . . . .	131
Söknuður . . . . .	103
<b>Til Brynjólfssonar-hjónanna . . . . .</b>	<b>77</b>
<b>Tileinkun . . . . .</b>	<b>3</b>
Til fjallanna reið eg með ökumagns eimi . . . . .	252
Til greiðvikni búinn og boðinn . . . . .	100
Til Guðmundar Friðjónsson . . . . .	151
Til Hjartar Þórðarsonar . . . . .	85
Til Hjartar Þórðarsonar raf-fræðings . . . . .	128
Til Jóns frá Sleðbrjót . . . . .	285
Til Jóns Ólafssonar . . . . .	151
Til "K. N." . . . . .	153
Til Kristins Stefánssonar og J. M. Bjarnasonar . . . . .	152
Til Poestion's . . . . .	131
Til S. G. Thorarensen . . . . .	123
Til Sig. Júl. Jóhannessonar . . . . .	152
Til "Th. S." . . . . .	219
Til þess er stefnt, er fólk sig saman flokkar . . . . .	73
Til Þórðarsonar-hjónanna . . . . .	48
Til "Þorgils gjallanda" . . . . .	152

Til Þorsteins Erlingssonar . . . . .	151
Til Þorst. Þ. Þorsteinssonar og G. J. Guttormssonar	152
'Tis the years that only must grow old . . . . .	163
Tíðasöngur . . . . .	269
Tífundir . . . . .	165
Tízkublað . . . . .	266
Tolstoj . . . . .	45
Torfhildur Hólm . . . . .	113
Tóm ótilunnin gæði . . . . .	266
Trúnaðarmál . . . . .	224
Tungutak . . . . .	115
Tvísýna . . . . .	216
Tylliboðin . . . . .	174
<b>Umbúnaðurinn</b> . . . . .	171
Um haustið fyrir fyrsta söngsins vor . . . . .	59
Um Magnús Eiríksson . . . . .	79
Um stund-lengri samdvöl var synjað af mér . . . .	41
Undanhallið . . . . .	154
Undan hettu úr öfnum snjá . . . . .	32
Undarleg er íslenzk þjóð . . . . .	164
Undir íslenzkum fána . . . . .	53
Upphaf sér og enda mun . . . . .	153
Után-harka af eyðimörku . . . . .	13
"Úlfurinn" gleypir ekki sólina . . . . .	17
Úrtölur . . . . .	204
Útboð . . . . .	263
Úti-fegurð! ekki er sá . . . . .	25
Út í loftið . . . . .	156
Út úr aðfinflu við kvæði eftir mig . . . . .	237
Útúrdúrar . . . . .	86
<b>Vala að veizlu</b> . . . . .	125
Veðrið gerði bragarbót . . . . .	11
Veðurnæmi . . . . .	5
Veit sitt fall á vígin rudd . . . . .	28
Vel á fremstu vega nöf . . . . .	108
Veljirðu þá, að verja lönd . . . . .	215

Velli haldið . . . . .	205
Verið hafði viljug fórn . . . . .	255
Veri þið sælir, dag eftir dag . . . . .	38
Vers þín eiga öll að hanga á átta rótum . . . . .	146
Vestan hryðja . . . . .	12
Vestmanna megurð . . . . .	237
Vestur í kletta vorið senn . . . . .	226
Vestur-Íslendingar . . . . .	40
Vesturströnd er glöð við gest . . . . .	25
Vetrar-byllur fer um hlélaust hjarn . . . . .	8
Vetrar kveld-verk . . . . .	32
Vetur á sléttunni . . . . .	12
Veturinn hafði vænst að fá hann . . . . .	122
Veturnætur . . . . .	27
Við Björnson á grafarbakkanum . . . . .	37
Við bygðum guðum í svo mörgum myndum . . . . .	90
Við erum ekki vesturfrá . . . . .	237
Við höfum vestan hafs . . . . .	152
Við leiðin drengjanna minna . . . . .	38
Við óminnis-elfuna . . . . .	172
Við systkina-börn erum fjarlæg og fá . . . . .	207
Við vildum trúa: að efinn yrði vissi . . . . .	104
Við ýttum Vestur-álfa til . . . . .	91
Vigfús Halldórsson . . . . .	132
Viltu, "K. N.", veita mér . . . . .	153
Vittu, eg enga öfund ber . . . . .	154
Víðlendast veraldar ríki . . . . .	270
Víðbláins Vimur . . . . .	27
Vík ei frá mér, andi liðins árs . . . . .	161
Vínbannið komst öflugt á . . . . .	226
Vísa eftir Tennyson . . . . .	201
Vonzkan boðar, Finnland farið . . . . .	38
Vorharðindi . . . . .	147
Vorhret . . . . .	219
Vorið á Veðramóti . . . . .	14
Vormorgnar . . . . .	217
Vor-rökkur . . . . .	12
Vort helga land, vort heimaland . . . . .	83

Vorsnjór . . . . .	10
Vorönn . . . . .	243
Vær og varmur . . . . .	8
Völlinn ríður veturinn . . . . .	31
<b>Y</b> ddur slökkva á efsta snjó . . . . .	9
Yfir áraflóðið . . . . .	94
Yfirgefin barnagull . . . . .	225
Yfir heimi er hjarn . . . . .	270
Ykkur sendir ávörp kær . . . . .	174
Yrði nýja árið kalt . . . . .	164
<b>Þ</b> að er enn í öllum löndum . . . . .	202
Það er glópska að guðsskjólið sé gaumlaust þegið . . . . .	13
Það get eg þér sagt með sannni . . . . .	224
Það tel eg mér hærra happ en heim að vinna . . . . .	221
“Það verður landslán sá liðléttingur fari” . . . . .	153
Þagnarmerki . . . . .	129
Þann er “Svít Hóm” sendi . . . . .	133
Þannig farast þakkir mér . . . . .	151
Þann við höfum auðinn átt . . . . .	164
Þaufaði snjó á þiljur lands . . . . .	10
Þá lyftist brún er lóan kom á bala . . . . .	129
Þegar á Heljar heiði . . . . .	35
Þegar bleik er æfin öll . . . . .	127
Þegar einhver óhöpp sár . . . . .	203
Þegar harðast þrengir að . . . . .	169
Þegar hljóma hetjum geymdir . . . . .	172
Þegar léttur lækur . . . . .	78
Þegar linnir þolið manns . . . . .	261
Þegar söngsins andar allir . . . . .	146
Þeim er ei næmt sem búa að fuglabjargi . . . . .	115
Þessar föggur hef eg borið heim . . . . .	191
Þér er brugðið, mamma mín . . . . .	49
Þér, Guðmundur, við góða heimferð kjósum . . . . .	93
Þið fleiprið um það, fyrir heimskra ofsna . . . . .	169
Þing-kvöð . . . . .	108
Þjóðar-bata-fært í fæstu . . . . .	204
“Þorgils gjallandi” . . . . .	88





**Leiðréttingar:** Bls. 21, 5. l. isaldanna les: isaldanna;  
bls. 37, 6. l. smíða les: sníða; bls. 46, 13. l. einuveru les:  
einveru; bls. 62, 19. l. þau les: þú; bls. 92, 3. l. ljósa-aukum  
les: ljós-aukum; bls. 86, 4 l. og bls. 116, 9. l. séra les: sira;  
bls. 181, upptekningarmerki " fallið burt við byrjun 14. l.;  
bls. 215, 4. l. meðtorfvegg les: með torfvegg; bls 231, 5. l.  
Rekkur les: Rekkjur.

















559536

Licel  
S9277

Stephansson, Stephan Guðmundsson  
Andvökur.  
v.4

DATE

NAME OF BORROWER

University of Toronto  
Library

DO NOT  
REMOVE  
THE  
CARD  
FROM  
THIS  
POCKET



